DV

27. DESEMBER 2019 / 52. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 999 KR.

Völvan 2020

MAÐUR ÁRSINS

Annáll

- Fréttirnar
- Skandalarnir
- Pörin
- Brúðkaupin

SKÚRKUR ÁRSINS AÐ MATI LESENDA DV

Þau kvöddu á árinu

Svona verður Skaupið



BELTI FRÁ 5.990 KR.

AXLARBÖND FRÁ 4.990 KR.

Við blásum nýju lífi í hlutina

SANDBLÁSTUR
BLÁSTUR.IS
S: 555-6005
Helluhrauni 6, 220 Hafnarfirði

Fleyg orð

„Svo margar bækur, svo lítill tími.“

– Frank Zappa

Á þessum degi, 27. desember



1831 – Charles Darwin lagði upp í siglingu sína um Kyrrahaf.

1904 – Leikritið Pétur Pan var frumsýnt í London.

1936 – Ungmennafélagið Valur var stofnað.

1956 – Staðfest voru lög um bann við hnefaleikum á Íslandi, bæði keppni og sýningu.

1988 – Fyrsta fasta bílnúmerið í nýju númerakerfi var sett á bifreið Halldórs Ásgrímssonar dómsmálaráðherra.

EKKERT GRÍN AÐ BÚA ÞETTA TIL

Beðið eftir skaupi Ekki annáll heldur tilfinning fyrir árinu

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

Tökum er nú lokið á vinsælasta sjónvarpsefni allra landsmanna, áramótaskaupinu, en fjölbreyttur hópur kemur að gerð skaupsins í ár. Reynir Lyngdal sér um leikstjórn en þau Dóra Jóhannsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Hugleikur Dagsson, Jakob Birgisson, Vala Kristín Eiríksdóttir, Sævar Sigurgeirsson og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir sjá um handritsgerð. Að sögn Reynis hefur hópurinn verið einkar samstilltur og undirbúningsvinnan gengið vel. „Við kláruðum í síðustu viku en mér líður eins og það sé mánuður síðan, það er svo brjálað að gera,“ segir Reynir þegar blaðakona nær tali af honum. „Það er auðvitað af miklu að taka og þegar maður skoðar árið í stóra samhenginu fattar maður að mun meira hefur átt sér stað en það sem maður upplifir við fyrstu sýn. Þetta skaup mun vonandi fanga það helsta, en við verðum líka að hafa hugfast að þetta er ekki annáll heldur aðeins okkar tilfinning fyrir árinu.“

Fólkið á bak við skaupið Mjög samstilltur hópur að sögn Reynis.

Reynir leikstýrði síðast áramótaskaupinu 2006 og segist ekki kominn á þann stað að kvíða gamlárskvöldi. Hann biður þjóðina þó um að sýna þeim nærgætni sem koma að framleiðslunni. „Stressið hellist eflaust yfir mig milli jóla og nýárs en ég hef hreinlega ekki tíma til að hugsa um það núna. Útgangspunkturinn var að hafa þetta fjölbreytt og ég vona að okkur hafi tekist það, bæði í höfunda- sem og leikaravali. Við förum yfir breitt svið þó að eitt þema sé ríkjandi.“

Sjálfur segist Reynir eiga sér nokkur eftirlætisatriði þótt hann geti ekki greint frá því hver þau séu nákvæmlega. „Það eru þarna þrjú söngnúmer sem ég er ansi sáttur við og sena sem á sér stað í Bónus. Ég væri náttúrlega ekki að taka þetta að mér ef ég kviði fyrir gagnrýni, en auðvitað óska ég þess að sem flestir njóti og hafi gaman af. Ég vona bara að fólk sýni okkur sem að þessu koma kurteisi, því þó að þetta sé grínþáttur er nákvæmlega ekkert grín að búa þetta til.“

Hollt að þurfa að skrifa brandara

Lóa Hlín tekur í sama streng en hún er hokin af reynslu þegar kemur að því að skrifa brandara. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt ferli en líka lærdómsríkt. Það er hollt að þurfa að skrifa brandara, bera þá undir aðra og ekki síst – geta tekið gagnrýni. Mér finnst gott að æfa mig í því. Ég er sjálf með meistaragráðu í ritlist og hef skrifað leikrit og sjónvarpsþættina Hulli 1 og Hulli 3 fyrir RÚV. Ég gerði líka handrit að tveimur teiknimyndum sem voru hluti af skaupinu fyrir nokkrum árum, en það var allt öðruvísi. Þá var ég ekki hluti af skrifteyminu á sama hátt og ég er núna.“

Hommalagið Þetta atriði vakti athygli í skaupinu í fyrra.

Aðspurð hvernig líðanin verði á gamlárskvöld segist Lóa reikna með því að vera róleg. „Ég er búin að sjá mörg atriði og þetta skaup lofar góðu. Í samstarfsverkefnum sem þessu finnst mér best þegar egóið er lagt til hliðar og hagsmunir verkefnisins eru settir ofar eigin hagsmunum. Þá er líka auðveldara að taka gagnrýni og ræða verkefnið án þess að taka því of persónulega. Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega góð í að taka gagnrýni en það er ákveðin kúnst.“

Hommalagið Þetta atriði vakti athygli í skaupinu í fyrra.

Þrátt fyrir að Jakob sé nýgræðingurinn í hópnum segir hann fátt hafi komið honum á óvart við gerð skaupsins. „Ég er auðvitað að gera þetta í fyrsta skipti og hef því lítinn samanburð, en ég er ákaflega þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna með þessu frábæra fólki sem ég lít mikið upp til. Það er ekki sjálfgefið. Vissulega verður þetta gamlárskvöld frábrugðið þeim fyrri í lífi mínu, það er klárt mál, en ég er mjög spenntur fyrir þessu. Hvað viðbrögð þjóðarinnar áhrærir þýðir ekki að hafa miklar áhyggjur því ég tel klárt að skaupið verði bæði fyndið og skemmtilegt. En ef það verður leiðinlegt mun ég alfarið skella skuldinni á Þorstein Guðmundsson.“ ■

Fólkið á bak við skaupið Mjög samstilltur hópur að sögn Reynis.

5 hlutir sem ætti að henda á áramótabrennuna

Nú færist nýja árið sífellt nær og margir kveðja það gamla með því að fara á brennu. Hér eru fimm hlutir sem væru best geymdir í logunum.

Stjórnarskráin

Þarf eitthvað að flækja þetta í fleiri mánuði og ár? Hendum bara gömlu stjórnarskránni á bálið og búum til nýja þar sem réttindi allra borgara eru tryggð í bak og fyrir, ekki bara þeirra sem eru með djúpa vasa.

Láglaunaseðlar

Það er búið að berjast fyrir hækkun launa þeirra verst settu en betur má ef duga skal. Skitnar þrjú hundruð þúsund krónur á mánuði fleyta fjölskyldufólk ekki langt og því hægt að brenna launaseðlana á táknrænan hátt.

Nýja jólajógúrtin

Hvernig datt MS í hug að breyta kurlinu? Það er ein af stóru ráðgátum þessara jóla og eiginlega magnað að ekki hafi orðið meira fjaðrafok yfir þessri nýju jógúrt. Á bálið með hana!

Hvatningarorð í ramma

Vertu besta útgáfan af sjálfum þér, dúndraðu þessum klisjukenndu hvatningarorðum í ramma beint í logandi eldinn og byrjaðu að lifa lífinu samkvæmt þinni eigin sannfæringu, ekki einhverjum orðum á blaði. Þessir rammar eru líka svo hallærislegir að það hálfa væri nóg.

Brostnar væntingar

Gamla árið er að kveðja og það nýja að heilsa. Þá er lag að losa sig við allar brostnu væntingarnar, glötuðu draumana og fólkið sem hefur verið ömurlegt við þig árið 2019. Taktu á móti 2020 með opnu hjarta og hreinum skildi.

Ertu að flytja

Vantar þig sendibíl, flutningskassa eða önnur tæki sem gera flutningana auðveldari ?
Hjá okkur getur þú leigt sendibíl í stærð sem hentar fyrir þig, með eða án lyftu og keyrir sjálf/ur !
Einnig leigum við kassa fyrir flutningana, trillur og fleira
Kannaðu málið á www.cargobilar.is

CARGO
sendibílaleiga

566 5030
www.cargobilar.is

Hver er hún

- Hún er fædd þann 27. desember árið 1969.
- Hún ólst upp á Húsavík til 10 ára aldurs en flutti þaðan til Vopnafjarðar.
- Hún á tvö systkin og er miðbarn.
- Árið 2003 kom út ævisaga hennar.
- Hún er fyrrverandi eigandi Baðhússins í Reykjavík.

SVAR: LINDA PÉTURSDÓTTIR

Það er staðreynd að...

Löglegt er að veiða einhyrninga í Michigan í Bandaríkjunum.

Það er líkamlega ómögulegt fyrir manneskju að kitla sjálfa sig.

Horn nashyrnings eru gerð úr samþjöppuðum hárum.

William Shakespeare bjó til yfir 1.700 orð.

Ár hvert færist tunglið 3,8 sentimetra nær jörðinni.

Svarthöfði gerir upp árið

■ Við viljum eiga meira, þéna meira, borga minna, lifa hraðar og leyfa okkur allt ■ Afneitunin er algjör

Svarthöfði

Þá er kominn tími til að kveðja enn eitt árið og hvað stendur eftir? Svarthöfði sér ekki betur en að við séum ekkert betur sett en fyrir ári. Jafnvel þvert á móti. Flugfélagi fátækari, þungamiðjan í alþjóðlegu spillingarhneyksli, með ríkisstjórn sem rétt hangir saman á þrjóskunni einni saman. Íslendingar orðnir feitastir, þunglyndastir og kvíðnastir í heimi og fjársvelta heilbrigðiskerfið okkar fækkar starfsfólki þegar það ætti að vera að fjölga því. En sem betur fer finnum við tímann í hversdagsleikanum til að standa í kílómetra löngum röðum eftir rauðbirknum trúbadorum og rífast um IKEA-mottur. Góðærið er búið, en enginn er tilbúinn að sníða sér stakk eftir vexti, við viljum eiga meira, þéna meira, borga minna, lifa hraðar og leyfa okkur allt. Afneitunin er algjör.

Svarthöfði hefur ekki sofið síðustu vikur sökum tannagnísts Þorsteins Más Baldvinssonar en sem betur fer hafa brunarústir WOW haldið hitanum bærilegum. Vongóðir aðilar hafa nefnilega blásið reglulega í glæðurnar og þótt enn hafi þeim ekki tekist að tendra bálið að nýju, þá hafa þeir haldið lifandi voninni um að ferðamannageirinn rétti úr kútnum.

Aftur ætlar Svarthöfði að verðlauna þá sem stóðu sig best á árinu, enda best að skila hólinu þangað sem það á heima.

> Flugfélagi fátækari

Svikari ársins

Davíð Oddsson.

Það var á pari við fljúgandi svín þegar einn gallharðasti Sjálfstæðismaður landsins, Davíð sjálfur Oddsson, sendi flokkssystkinum sínum puttann vegna stefnu þeirra í Þriðja orkupakkamálinu. Um tíma þótti mönnum hann jafnvel hafa alfarið sagt skilið við sinn gamla flokk og gengið til liðs við Miðflokksmenn. Davíð dissaði ítrekað forystu Sjálfstæðisflokksins með ritstjórnarpistlum Morgunblaðsins og fór þar sérstaklega ljótum orðum um ráðherrana Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur og Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur. Þessi rígur innan Sjálfstæðisflokksins er talinn ein ástæða þess að fylgi flokksins tók sögulega dýfu. Með andstöðu sinni sveik Davíð því í raun flokkinn sinn og olli honum skaða. Hann er því vel að titlinum „svikari ársins“ kominn.

Leyndarmál ársins

Ekki verður gefið upp hverjir sækja um stöðu útvarpsstjóra og hefur sú ákvörðun sætt harðri gagnrýni. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að tengja þessa ákvörðun því að þegar hafi einstaklingur verið handvalinn í stöðuna og leyndardómurinn því leikrit til að koma í veg fyrir óþægilegar ályktanir þegar nýr útvarpsstjóri verður kynntur til sögunnar. Hvort sem þessi ákvörðun var tekin af réttmætum ástæðum eða ekki þá er samt um leyndarmál ársins að ræða, enda hefur hún engu skilað nema aukinni tortryggni og deilum.

Grátur ársins

Mál starfsmannaleigunnar Menn í vinnu var áberandi á árinu eftir að nokkrir rúmenskir starfsmenn leigunnar stigu fram í fréttum og sýndu meintar bágar aðstæður sem þeim var gert að búa við. Fyrir hópnum fór maður sem var í svo miklu uppnámi vegna aðstæðna að hann felldi tár og fékk í kjölfarið viðurnefnið „grátandi Rúmeninn“.

Hástökkvari ársins

Hástökkvari ársins 2019 er blóðþrýstingurinn hans Steingríms J. Sigfússonar, forseta Alþingis. Hann hefur ítrekað vakið athygli fyrir skaphita og ofsa og virðist tilvikunum fremur fjölga en fækka þessi misserin.

Vonarstjarna ársins

Indverska prinsessan.

Það yljaði mörgum um hjartarætur þegar ein ástsælasta tónlistarkona landsins hlaut loksins verðskuldaða athygli utan landsteinanna. Leoncie varð fræg í fimm mínútur í Bandaríkjunum eftir að spjallþáttastjórnandinn vinsæli, Jimmy Fallon, vakti athygli á tónlist hennar.

> Þungamiðjan í alþjóðlegu spillingarhneyksli

Mynd: Eyþór Árnason

Lexía ársins

Atli Rafn.

Tveir dómar féllu í Héraðsdómi Reykjavíkur á árinu í málum tengdum metoo-byltingunni. Annars vegar í máli lektors við Háskólann í Reykjavík sem viðhafði ummæli sem kenna mátti við kvenhatur á lokuðum hóp á Facebook, og hins vegar í máli leikara sem hafði ítrekað verið kvartað yfir sökum kynferðislegrar áreitni innan sem utan vinnustaðarins. Dómarnir virðast kenna landsmönnum þá lexíu að það sé alvarlegra að tala ljótt um konur á samfélagsmiðlum en að áreita þær.



Ingjaldsfífl ársins

Nokkrir sjóarar komu sér heldur betur í bobba eftir að þeir mynduðu sjálfa sig þar sem þeir skáru sporð af hákarli. Svarthöfði veit ekki hvort sé merkilegra í málinu, að þeir hafi í alvöru tekið athæfið upp á myndband eða hitt, að þeir hafi í alvörunni deilt því á internetinu.

> Með ríkisstjórn sem rétt hangir saman á þrjóskunni einni saman

Uppþot ársins

Hér reyndist Svarthöfða erfitt að gera upp á milli tilvika, enda úr mörgum að velja. IKEA-mottuæsingurinn, orkupakkamálið, Palestínufáni Hatara. Hins vegar stendur klósettbursta-uppþotið klárlega upp úr. Mislukkaður brandari sem fór gífurlega fyrir brjóstið á tyrkneskum landsliðsmönnum í knattspyrnu og fótboltabullum. Það versta við þetta allt saman er að gerandinn í málinu var ekki Íslendingur, heldur Belgi og hann var ekki með klósettbursta heldur uppþvottabursta. Engu að síður urðu Tyrkir brjálaðir út í Íslendinga og voru enn að hefna sín á okkur um hálfu ári síðar með því að torvelda Íslendingum að komast í gegnum landamæraeftirlit í Tyrklandi.

Ráðgáta ársins

Gunnar Bragi Sveinsson.

Ráðgáta ársins, og óleyst í þokkabót, er hvað í drottins nafni varð um fötin sem þingmaður Miðflokksins, Gunnar Bragi Sveinsson, týndi eftir kvöldið fræga á Klaustri bar. Í janúar greindi hann frá því að þetta umrædda kvöld hafi hann drukkið sig til óminnis og tapað fötum sínum. Engum sögum hefur síðan farið af því hvort umrædd föt hafi komið í leitinnar. Hvers konar föt voru þetta? Voru þetta buxurnar hans? Hvar eru buxurnar hans Gunnars? Þetta er ærið efni fyrir rannsóknarblaðamenn og skorar Svarthöfði á blaðamenn landsins að upplýsa þessa ráðgátu á nýju ári. ■

Bregðum blysum á loft...
Munið bara að kaupa flugeldana af hjálparsveitunum
sem ávallt eru viðbúnar þegar kallið kemur!
Stólpi Gámar senda viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum
óskir um gleðileg áramót með þökkum fyrir árið sem er að líða.
Hafðu samband 568 0100
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði
www.stolpigamar.is

SPURNING ÁRSINS: HVAÐ ER EFTIRMINNILEGAST?

Síðasta spurning ársins hlýtur óhjákvæmilega að vera: hvað staðið hefur upp úr á árinu sem er að líða. Þessi höfðu sitt um það að segja.

Mynd: Eyþór Árnason

Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari.
„Það verður að vera fyrsta utanlandsferðin mín með foreldrum og systkinum til Riga í tilefni 70 ára afmælis mömmu.“

Valgeir Sigurjónsson flugmaður
„Það sem olli svona helstu fjaðrafoki á þessu ári var nú að mínu mati þegar fjölbleikt flugfélag lokaði dyrunum og óvissan tók við.“

Ívar Örn Sverrisson, leikari og framleiðandi
„Klárlega það að Grete Thunberg hristi upp í okkur. Við verðum að breyta því hvernig við hugsum um umhverfið og að það þurfi að hugsa fyrir komandi kynslóðum. Við viljum ekki lengur stranga foreldra sem leiðtoga heldur óeigingjarnt fólk með góða tilfinningagreind.“

Hildur Guðmundsdóttir
„Vikuferð til Delí á Indlandi í sumar var góð áminning um hve heppin við Íslendingar erum. Það er alltaf jafn magnað að komið sé verr fram við fólk en dýr. Annars var mitt persónulega ár dásamlegt. Samverustundir með fjölskyldunnni, fæðing lítillar bróðurdóttur, utanlandsferðir með vinum og almenn skemmtilegheit.“

Pétur Rúnar Heimisson, markaðsstjóri Borgarleikhússins
„Eftirminnilegast á árinu var að sjá dáðasta knattspyrnumann Garðabæjar hreinlega taka yfir sjónvarpsþáttinn „Allir geta dansað“. Þvílíkur dansari!“

Ólöf Helga Guðmundsdóttir lögmaður
„Brúðkaups-dagurinn minn er án efa eftirminnilegastur af þessu ári sem og ógleymanleg brúðkaupsferð í Karíbahafið sem fylgdi í kjölfarið.“

Aldís Pálsdóttir ljósmyndari
„Ég hætti í fastri vinnu og fór að huga að sjálfri mér. Svo átti ég líka gott sumarfrí með fjölskyldu minni. Nú tek ég bara fagnandi á móti þeim verkefnum sem berast til mín sem „freelance“ ljósmyndari.“

Alma Dögg Garðarsdóttir nemi
„Persónulega myndi ég segja fjölskyldufríið til Spánar sem varði í góða fjóra mánuði, en auðvitað var veðrið hér á Íslandi líka æðislegt og þá sérstaklega í sumar.“

Sævar Stormur Þórhallsson lífskúnstner
„Þegar ég fékk að klippa á mér hárið.“

Sigga Eyrún Friðriksdóttir söngkona
„Vá, svo margt! Ég eignaðist barn, gifti mig og lék líka í rugl skemmtilegri leiksýningu í Tjarnarbíói þar sem ég fann Dragdrottninguna mína.“

Ísafold Salka Búadóttir
„Eftirminnilegast var þegar ég stakk mig á marglyttu í sjónum út í Noregi.“

Byrjaðu að hætta með Nicotinell.

Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Til notkunar í munnhol, til notkunar á húð. Má ekki nota handa börnum yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

DV Suðurlandsbraut 14 2. hæð

FRÉTTASKOT 512 7070 ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Ritstjóri:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag **Dreifing:** Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Vitlaus Kveikur

Það er forvitnilegt að skoða hverju var mest leitað á Google árið 2019, sérstaklega þær niðurstöður sem eru tengdar leitarorðinu Samherji. Á heimsvísu var leitað mest að því orði á Íslandi, í Færeyjum og Namibíu. Í einum af sjö efstu sætunum yfir tengdar niðurstöður er hins vegar platan Kveikur með hljómsveitinni **Sigur Rós**, sem kom út árið 2013. Eitthvað hefur fólk ruglast á plötunni og sjónvarpsþættinum Kveik, sem afhjúpaði Samherjaskjölin. Þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn sem Sigur Rós er bendluð við Samherja, þar sem þingkonan Helga Vala Helgadóttir notaði rannsókn skattyfirvalda á hljómsveitinni sem rökstuðning á af hverju hefði átt að frysta eignir Samherja strax í byrjun.

Lítt þekkt ættartengsl

Fréttakona og leikstjóri

Fréttakonan Birta Björnsdóttir hefur átt góðu gengi að fagna í sínu fagi og sér um erlendar fréttir á RÚV eins og fagmaðurinn sem hún er. Birta er dóttir leikstjórans Björns Brynjúlfs Björnssonar, sem einnig hefur gert gott mót á sínum vettvangi. Hann leikstýrði sjónvarpsseríunni Flateyjargátunni, sem sýnd var á RÚV, sem og þáttunum Mannaveiðum og kvikmyndinni Kaldri slóð.

Mynd: Eyþór Árnason

Æi, ég bíð með þetta til morguns

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Ég kvíði alltaf hálfpartinn fyrir gamlárskvöldi. Óttablandin ánægja fylgir þessu kvöldi og þegar vísirinn nálgast miðnætti þá verð ég svo ofboðslega meyr. Ég klökkna alltaf á gamlárskvöldi og hef gert síðan ég var unglingur. Það er ákveðin hreinsun sem fylgir því að kveðja gamla árið, þótt það hafi ekki verið neitt sérstaklega slæmt.

Ég hef átt betri ár en árið 2019 en líka miklu, miklu verri. Árið var frábært fyrir mig persónulega en arfaslæmt fyrir íslenskt þjóðfélag. Nánast í hverri viku var eitthvert hneyksli, rifrildi eða rugl hjá hinu opinbera. Það er líkt og verið hafi að búa okkur undir storminn sem var í aðsigi, sem skall á okkur í nóvember þegar að Samherjaskjölin voru opinberuð. Þá leið mér nánast illa að horfa á sjónvarpið og fylgjast með fréttum. Ég skammaðist mín fyrir að vera Íslendingur. Ef það væri í fyrsta sinn sem það hefði gerst gæti ég kannski komist yfir það, en atvikin sem hafa framkallað þessa skömm síðasta áratuginn eða svo eru einfaldlega orðin það mörg að mér fannst ég ekki geta meira.

Þegar ég svo hélt að nú væri komið að því – loksins gæti öll þjóðin látið reyna á samtakamátt sinn og sameinast um það að framferði Samherja á erlendum vettvangi væri siðlaust í besta falli – að við yrðum loksins öll sammála um þetta, nema náttúrlega nokkrir Samherjar í brúnni. Nei, það þurfti að rífast um þetta líka. Rífast um tæknileg atriði eins og fjármagn til rannsóknar. Afvegaleiða umræðuna um kvótakerfið og samt halda því til streitu að við værum bara í toppmálum og með besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi. Finnast það galið að besti vinur aðal, sjálfur sjávarútvegsráðherra, væri bendlaður við mútur, spillingu og græðgi. Alveg fráleitt. Hann situr enn og er ekkert á leiðinni annað. Hann metur sitt eigið hæfi þannig, að þótt hann hafi hringt í höfuðpaurinn í Samherjaskjölunum og spurt hann hvernig honum liði, líkt og góður vinur myndi gera þegar eitthvað bjátaði á, nánast samstundis og ljóstrað var upp um svínaríið, þá sé honum alveg sætt áfram. Í krafti kjósenda. Alltaf gleymist það að kjósendur kjósa ekki fólk – þeir kjósa flokka. Það þarf svo margar útstrikanir í núverandi kosningakerfi að það er ólíklegt að útstrikanir hafi nokkurt einasta vægi hvort sem er. Þingmenn sitja því ekki á þingi í krafti kjósenda sinna heldur flokkarnir. Gleymum því aldrei.

Og þetta hangir yfir þjóðinni, þetta blessaða mál, er við kveikjum á stjörnuljósunum og kyssum þá sem standa okkur næst rembingskossi. Þökkum fyrir liðið ár og óskum velfarnaðar á því nýja. Förum kannski í gamlárspartí og drekkum of mikið af kampavíni. Eða sofnum í sófanum, umkringd skítugum diskum, konfetti úti um allt. Það má bíða, hugsum við.

En Samherjaskjölin og sú viðamikla rannsókn má ekki bíða. Við þurfum að fá botn í þetta mál og hvert þræðir þess liggja. Ég vona að forsætisráðherra fullvissi þjóðina um það að kvöldi gamlársdags að öllum steinum verði velt í þessari rannsókn. Ég vona að hún blási okkur í brjóst kjark og trú eins og sönnum þjóðarleiðtoga sæmir. Hún má nefnilega ekki sofna í sófanum, umkringd skítugum beinagrindum í misjöfnum skápum og hugsa: Æi, ég bíð með þetta til morguns.

Gleðilegt nýtt ár, kæru lesendur, og takk fyrir það gamla. ■

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá 58.500 kr.

GODDI.IS
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Svíf þú inn í svefninn

Tilvaldar jólagjafir

- Rúm
- Springdýnur
- Gaflar
- Dýnuhlífar
- Sængurföt
- Lök
- Heilsukoddar
- Rúmteppi
- Púðar
- Kistur
- Náttborð
- Bekkir
- ESPIRIT handklæði
- Jólailmir

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á facebook

Opið alla virka daga frá kl. 09.00-18.00, laugardaga 10.00-14.00, sunnudaga lokað

Áramótaeftirréttir að hætti Maríu Gomez

Ekki jól án marsípanmola Áramótin oft erfið og kvíðavaldandi

María Gomez er mikill ástríðukokkur en hún heldur úti síðunni paz.is. Hún segir áramótahefðirnar talsvert frjálslegri en þær sem koma að jólahátíðinni þar sem allt snúist um að halda hefðunum óbreyttum frá barnæsku. Við fengum Maríu til að deila tveimur af sínum eftirlætisuppskriftum að hinum fullkomna eftirrétti yfir hátíðirnar. „Þótt ég reyni að halda í þær hátíðarhefðir sem ég ólst upp við, höfum við vissulega skapað okkar eigin saman sem fjölskylda. Jólin eru talsvert heilagari að mínu mati en áramótin því þá finnst okkur alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt. Ég hef verið með allt milli himins og jarðar, lambalundir, hreindýr, kalkún, reyktan hátíðarkjúkling og bara nefndu það. Stundum er ég þó mjög hefðbundin og endurtek aðfangadagskvöldið með hamborgarhrygg ef þannig liggur á mér. Það eru þó alltaf vissir fastir punktar sem fylgja áramótunum hjá mér, til dæmis að fara á brennu, horfa á fréttaannálinn þar sem árið er rifjað upp og svo horfa á áramótaskaupið auðvitað, sama hversu leiðinlegt eða skemmtilegt það er.“

Engin jól án Nóa

Einn af föstum liðum á aðventunni segir María vera að baka lakkrístoppa og engiferkökur, en samhliða þeim bakar hún ýmsar aðrar sortir. „Fastur punktur í jóla- og áramótahaldi er þó alltaf Nóa Siríus-konfektið, en það er langbesta konfektið mitt og hefur verið frá barnsaldri, það eru engin jól án þess. Það vill svo heppilega til að við hjónin elskum hvort sína tegundina af molum en ég vill bara marsípanmolana á meðan Ragnar og börnin kjósa frekar þá fylltu, svo ég get setið ein að marsípanmolunum sem hverfa furðulega hratt ofan í mig.“

Áramótin oft erfið

María segir áramótin oft geta reynst erfið tilfinningalega. „Einhverra hluta vegna finnst mér áramótin oft vera smá erfið og eiga þau það til að hræra upp í mér, veit ekki alveg hvað það er, en það er eins og nýtt upphaf sé að byrja og þá kvíðir maður smá því sem verða vill, veit ekki alveg hvort aðrir tengi en ég hef oft fundið þetta yfir áramótin. Ég reyni þó auðvitað að halda í góða skapið og eiga gott kvöld með fjölskyldunni og borða góðan mat og snakk og osta yfir skaupinu, en það er hefð sem hefur fylgt mér úr æsku. Gamlárskvöld er auðvitað partí og þá hefur maður snakk. Fyrir þessi jól og áramót ákvað ég að baka bæði lakkrístoppa og hátíðarpavlovu sem mig langar að deila með ykkur. Lakkrístopparnir eru þó ekki nýir af nálinni en á þennan hátt hef ég gert þá í langan tíma. Þeir eru dúnmjúkir inni í og smá seigir, en segja má að þeir séu í pavlovulíki þar sem ég set í þá Maizena-mjöl og borðedik sem gerir þá guðdómlega góða, sérstaklega daginn eftir. Það er svo alveg bannað að geyma þá í kæli því það gerir þá bara harða. Hugmyndin að pavlovunni fæddist hins vegar fyrir þessi jól. Þar sem bragðarefur er mitt uppáhald ákvað ég að reyna að koma honum í hátíðarbúning í líki sparíköku, sem myndi vera bæði jólaleg og minna á uppáhaldsbragðarefinn minn. Ekki er útkoman slæm. Hockey Pulver, fersk jarðarber, Þristur og Snickers út í rjómann! Getur ekki klikkað. Tertuna er einfalt að gera ef hún er látin vera í ofninum, en hafa slökkt á honum, yfir nótt þá lukkast hún pottþétt. Flestir vita hvað pavlova er en það er marens sem búið er að bæta í sýru og sterkju svo hann verður mjúkur inn að miðju, nánast eins og sykurpúði, en stökkur og þurr á endunum. Sama og ég geri með lakkrístoppana. Ekki láta ykkur bregða ef hann er ekki alveg þurr eins og hefðbundin marens, því þannig á pavlova einmitt að vera. Ég vona að þið njótið vel.“

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

Lakkrístoppar

- *4 eggjahvítur*
- *200 g strásykur*
- *1/2 tsk. cream of tartar eða vínsteinslyftiduft (er það sama)*
- *150 g Nóa-rjómadropar eða 200 g niðurskorið rjómasúkkulaði*
- *1 poki eða 150 g lakkrískurl, súkkulaðihúðað*
- *1 tsk. Maizena-mjöl*
- *1 tsk. borðedik*
- *1/2 tsk. gróft lakkríssalt, en því má líka sleppa*

Hitið ofninn á 180°C blástur. Setjið svo eggjahvítur í skál og byrjið að þeyta. Þegar þær eru orðnar hvítar og þið sjáið för eftir pískinn í þeim byrjið þá að bæta sykrinum út í, smátt og smátt, gott er að setja eins og matskeið í einu. Þeytið vel þar til þið getið hvolft skálinni án þess að leki úr og hvíturnar eru orðnar alveg pikkstífar. Bætið þá við Maizena-mjöli, borðediki og saltinu ef þið kjósið að hafa salt. Hrærið því vel inn í blönduna í hrærivélinni. Þegar því er lokið hellið þá lakkrískurlinu og smátt skornu súkkulaði eða dropunum út í og hrærið mjög varlega saman. Best er að gera það með sleikju eða gaffli og afar rólega svo ekki fari allt loft úr toppunum. Ég setti svo toppana í sprautupoka með engum stút og klippti frekar vítt gat á hann og sprautaði á smjörpappírsklædda bökunarplötu. Bakið svo í 10 mínútur á 180°C blástur og lækkið svo niður í 160°C blástur og bakið í aðrar 10 mínútur.

Leyfið toppunum að kólna ögn áður en þið takið þá af bökunarplötunni og færið þá yfir á annað fat. Ef þið reynið að taka þá of snemma þá munu þeir fara í klessu. Mikilvægt er að leyfa þeim að þorna og kólna uppi á borði í eins og 15–20 mínútur. Best er svo að geyma toppana ekki í kæli, heldur í krukku eða boxi uppi á borði svo þeir haldist dúnmjúkir. ■

Pavlova

- *4 stórar eggjahvítur*
- *225 g strásykur*
- *2 tsk. Maizena-mjöl*
- *1 tsk. borðedik*

Hitið ofninn á 175°C blástur. Þeytið eggjahvíturnar þar til þið sjáið för eftir pískinn. Byrjið þá að bæta við sykri smátt og smátt meðan þær þeytast. Þegar þær eru alveg að verða stífþeyttar bætið þá Maizena-mjöli og ediki út í og blandið vel saman. Stífþeytið það vel að hægt sé að hvolfa skálinni án þess að nokkuð hreyfist. Teiknið hring á bökunarpappa um 23–25 cm. í þvermál. Fyllið inn í hringinn með eggjahvítunum og myndið svo dæld í miðjunni eða eins og brunn þar sem fyllingin kemur. Lækkið nú ofninn niður í 100°C, stingið inn og bakið í eina og hálfa klukkustund. Slökkvið svo á ofninum og leyfið botninum að kólna alveg í ofninum, best ef hægt er yfir nótt. Athugið ef pavlovan er sprunginn í botninn skiptir það engu, takið bara það sem fellur af og setjið í sprungurnar áður en hún er fyllt.

Fylling

- *350 ml rjómi*
- *40 g flórsykur*
- *7–10 fersk jarðarber*
- *1/2 tsk. vínsteinslyftiduft eða cream of tartar*
- *2 msk. Hockey Pulver*
- *7 litlir Þristar*
- *2 lítil Snickers*

Best er að setja á pavlovur rétt áður en á að neyta þeirra, ólíkt marenstertum, svo ekki gera það fyrr. Setjið þá rjómann, vínsteinslyftiduft, Hockey Pulver og 5 stöppuð jarðarber (skorin smátt og stöppuð með gaffli) saman í hrærivélarskál. Byrjið fyrst að þeyta á lágum hraða og aukið svo hraðann þar til rjóminn er alveg stífþeyttur. Skerið niður Þristinn og Snickers í smáa bita og leggið til hliðar. Skerið niður rest af jarðarberjum, mjög smátt. Hrærið svo jarðarberjum, Þrist og Snickers ofur varlega saman við rjómann með sleikju. Setjið fyllinguna í brunninn á pavlovunni eða dældina, eins miklu og þið komið fyrir. Dreifið smá Hockey Pulver yfir rjómann og skreytið með ferskum berjum, Snickers og Þristum.

Ég veit að flestir elska lakkrístoppa og ég er þar á meðal. Ég veit líka að hjá mörgum eiga þeir það til að misheppnast. Ég hef smakkað alls kyns toppa hjá fólki. Harða að utan með keim af brunabragði og glerhörðum lakkrís haha, harða að utan og hola að innan, svo það er ekkert nema skelin og bara nefndu það. Á einhverjum tímapunkti ákvað ég að gera þá bara „my way“, og eftir það hafa þeir alltaf lukkast hjá mér, sama hvað. Þessir eru eins og marens að utan en mjúkir og seigir innan í. Lakkrísinn helst líka mjúkur og þeir molna akkúrat ekkert. Ég nota alltaf hvítan sykur í toppana í stað púðursykurs en mér finnst þeir bara heppnast betur þannig. Ég hef líka núna í seinni tíð byrjað að nota Maizena-mjöl og borðedik en það bitnar alls ekkert á bragðinu, en gerir þá svona mjúka inni í. Það mætti því kannski segja að þeir séu í svona pavlovu-útgáfu. Okkur finnst þeir allavega mjög góðir svona og ég vona ykkur finnist það líka.

ÁSKRIFT GERIR TÖLURNAR ÞÍNAR ÓGLEYMANLEGAR!

SKELLTU HAPPATÖLUNUM ÞÍNUM Í ÁSKRIFT ÞVÍ ÞÁ ERU ÞÆR MEÐ Í LEIKNUM SAMA HVAÐ Á DYNUR. ÞÚ GREIÐIR FAST MÁNAÐARGJALD ÞANNIG AÐ ÞEGAR ÞAÐ ERU FIMM LAUGARDAGAR Í MÁNUÐINUM ÞÁ BORGAR ÞÚ BARA FYRIR FJÓRA!

GRÆJAÐU ÁSKRIFTINA Á LOTTO.IS EÐA HRINGDU Í SÍMA 580 2500

Í SAMSTARFI VIÐ
VALITOR

GÓÐ ÞJÓNUS

ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI

INTERFLON
ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

KÍKTU Á KEMI.IS OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

STA Í 25 ÁR

ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar

SVO ALLT GANGI SMURT

OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Blakkát, barnaníð og gláparar nir

Harmleikur á Litla-Hrauni ■ Endalok snapparanna ■ „Ég týndi fötunum mínum þessa nótt“

„Þetta er svo shitty“

Mest lesna frétt dv.is í janúar, og jafnframt ein mest lesna frétt ársins, snerist um umkvartanir áhrifavaldsins og athafnakonunnar Manuelu Óskar Harðardóttur. Manuela byrjaði árið með hvelli og sagði fylgjendum sínum til syndanna fyrir að glápa á myndir af henni og „læka“ ekki. „Þetta er svo shitty,“ sagði Manuela í „story“ á Instagram og hélt áfram. „Ef ég fylgi þér þá mun ég læka myndirnar þínar! Fylgjendur ættu ekki að vera bara fylgjendur heldur stuðningsmenn. Þegar ég horfi á „pages insight“ þá stemma ekki tölurnar,“ sagði hún. Manuela hefur ekki borið upp þessa kvörtun aftur.

Endalok snapparanna

Sólrún Diego tikynnti það með pomp og prakt að hún væri hætt á Snapchat. Vinkona hennar, Camilla Rut, fylgdi í fótspor hennar. Þetta markaði endalok gríðarlegra vinsælda Snapchat meðal áhrifavalda og Instagram tók við sem nýr auglýsingamiðill þess góða fólks.

Harmleikur

Harmleikurinn á Litla-Hrauni er fanginn Þorleifur Haraldsson, eða Leifi, svipti sig lífi skók samfélagið í byrjun árs. Leifi var 44 ára gamall þegar hann lést og lætur eftir sig eina dóttur. Heimildarmaður DV sagði kerfið hafa brugðist Leifa því fangelsið hefði ekki verið staður fyrir hann, en Leifi sati nni fyrir ítrekuð brot á umferðarlögum undir áhrifum vímuefna. „Hann átti ekki að vera í fangelsi heldur í einhverju meðferðarúrræði. Það er skömm að því að slík úrræði séu ekki til hér á landi,“ sagði heimildarmaður. Leifi var þriðji fanginn sem féll fyrir eigin hendi innan veggja íslenskra fangelsa á tveimur árum.

Minnisleysið

Eitt magnaðasta viðtal ársins var á Hringbraut í lok janúar. Gunnar Bragi Sveinsson, þing- og Klaustursmaður, hélt því þar fram að hann myndi ekkert frá örlagaríka kvöldinu á Klaustri bar og að hann hefði farið í „blakkát“ í 36 klukkutíma. „Ég ekki veit hvað ég gerði, ég þurfti að hlusta á upptökurnar. Ég týndi fötunum mínum þessa nótt. Það er algjört „blakkát,“ algjört minnisleysi,“ sagði Gunnar Bragi. Síðar sýndi DV fram á, með vísan í upptöku af viðtali DV við Gunnar Braga, að hann mundi eftir kvöldinu, upp á hár. Þórarinn Tyrfingsson, fyrrverandi formaður SÁÁ og yfirlæknir á Vogi, sagði mögulegt að fara í 36 klukkutíma óminni.

Gunnar Smári og „bótaþegarnir“

Sósíalistaforinginn Gunnar Smári Egilsson er óhræddur við að blanda sér í þjóðfélagsumræðuna. Frétt um lista hans yfir ríkustu „bótaþegana“ fór á flug um miðbik janúar og espaði upp reiði einhverra. Á þeim lista var að finna tekjuhæstu 330 Íslendingana og miðaði Gunnar Smári skatta þessara einstaklinga við þá sem skatta sem þeir hefðu þurft að greiða í Danmörku. „Til að sjá hvernig bylting hinna ríku hefur leikið ríkisreksturinn ættum við að gera kröfu um að fá blaðsíður fremst í fjárlögin, sem sýna styrki til auðugasta fólksins. Til dæmis með því að bera skattheimtuna hér við skattheimtu landa, sem gengu ekki jafn langt inn blindgötu nýfrjálshyggjunnar,“ sagði Gunnar Smári en bætti við þeim fyrirvara að á listann vantaði margt auðugt fólk því fólkið á listanum ætti það sameiginlegt að vera með há laun, hafa greitt sér mikinn arð eða selt eignir. Meðal þeirra sem vermdu sæti listans voru Guðmundur Kristjánsson í Brimi, Samherjinn Þorsteinn Már Baldvinsson og athafnamaðurinn Róbert Wessman.

Dæmdur

Mál Ólafs Williams Hand, fyrrverandi markaðsstjóra Eimskipa, kom upp á yfirborðið í janúar en um miðjan desember var hann fundinn sekur um alvarlegt ofbeldi gegn barnsmóður sinni. Ólafur var ákærður fyrir að hafa tekið barnsmóður sína hálstaki og þrengt ítrekað að hálsi hennar, hrint henni þannig að hún féll í gólfið, rifið í hár hennar og ýtt henni utan í vegg. Í kjölfarið missti Ólafur vinnuna hjá Eimskipum. Ólafur hefur haldið sakleysi sínu fram statt og stöðugt og sakað barnsmóðurina um umgengnistálmun, meðal annars í viðtali við Stöð 2 í febrúar árið 2017. Ólafur hefur áfrýjað úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar.



Korter í Downs

Venja er að skiptar skoðanir um áramótaskaupið gefi tóninn fyrir árið. Það var hins vegar annar þáttur sem olli enn meiri usla en skaupið og það var Ófærð úr smiðju Baltasars Kormáks. Í einum þætti, sem sýndur var um miðjan janúar, vakti þessi textabútur reiði: „Ég skil þetta með Skúla, hann er svona korter í Downs en ég hélt í alvöru talað, það verða að vera allavega tvær fokkin heilasellur í hausnum á þér!“ Foreldrar og ættingjar fólks með Downs stigu fram og lýstu vandlætingu sinni á þessu orðfæri og svo fór að lokum að handritshöfundurinn Sigurjón Kjartansson baðst afsökunar.

Hríslur á 140 milljónir

Svo voru það blessuð pálmatrén sem borgarmeirihlutinn ákvað að gróðursetja í Vogabyggð, austan við Sæbraut. Pálmatrén eiga að vera í upphituðum glerhjúpi en kostnaðurinn við hríslurnar tvær metinn 140 milljónir. Það er skemmst frá því að segja að hugmyndin vakti ekki lukku meðal borgarbúa og lét minnihlutinn mikið í sér heyra. En hvar eru trén?

Barnaníð og ofbeldi

Ásakanir í garð Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi ráðherra og sendiherra, um barnaníð og kynferðislegt áreiti náðu hámarki í janúar. Fjöldi kvenna gekk í #metoo-hóp á Facebook sem sneri að Jóni Baldvini og margar konur stigu fram og lýsti meintu ofbeldi hans. Svipaðar ásakanir á hendur Jóni komu fram fyrir fjölmörgum árum og sem fyrr var það dóttir Jóns, Aldís Schram, sem var mest áberandi kvennanna. Aldís hefur haldið því fram að faðir hennar hafi misnotað hana barnunga. Jón hefur staðfastlega haldið fram sakleysi sínu.

Þú ert nóg

Það ætlaði allt um koll að keyra þegar fyrirlesarinn Alda Karen Hjaltalín mætti í Kastljós um miðjan janúar. Þar gagnrýndi Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur málflutning Öldu Karenar, möntru hennar í rauninni, um að „þú ert nóg“. Þessi mantra átti að vera allra meina bót, jafnvel virka gegn kvíða og sjálfsvígshugsunum. „Í fyrsta lagi, það er ekki lausn við sjálfsvígsvanda að segja „ég er nóg“ eins og Alda Karen hélt fram. Því fer fjarri,“ sagði Hafrún, en umræðan spratt í kringum fyrirlestra sem Alda Karen hélt í Hörpu. Margir í þjóðfélaginu höfðu Öldu Karen að háð og spotti fyrir furðuleg ráð og töldu hana gera lítið úr sjálfsvígum. Alda Karen stóð storminn af sér, en lítið hefur heyrst til hennar síðan.

GOTT FRÁ

GUNNARS

1960

GLEÐILEG JÓL

Íslendingur hvarf í Dublin og kílómetraskandall

Friðrik Ómar sakaður um lagastuld ■ Kloflyktin ógurlega ■ Árás á Kaffibarnum

Stálu senunni

Óskarsverðlaunahátíðin fór fram í febrúar, venju samkvæmt, en það voru tvær heimsfrægar manneskjur sem stálu þar senunni; leikarinn Bradley Cooper og söngkonan Lady Gaga, stjörnur kvikmyndarinnar A Star is Born. Þótti neista á milli þeirra og háværar sögusagnir voru uppi þess efnis að þau væru par í raunveruleikanum. Það reyndist ekki raunin og hafa Lafðin og Bradley lýst vinasambandi sínu sem traustu og einlægu – platónsk ást í sinni hreinustu mynd.

Hræðilegar augabrúnir

Önnur vinsæl frétt á DV leit dagsins ljós í lok febrúar og fjallaði um „hræðilegar“ augabrúnir íslenskra kvenna. Umfjöllunin var myndskreytt með því sem greinarhöfundur kallaði „slæm augabrúna tímabil.“ Greinin vakti umtal og fékk á sig gagnrýni, en náði einnig að skemmta ýmsum, enda eigum við öll okkar tískuslys.



Ketó-klofið

Það má með sanni segja að ketó-mataræðið hafi tröllriðið landanum á árinu 2019. Margar fréttir um ketó hafa verið skrifaðar á DV en sú mest lesna er sú sem fjallaði um ketó-klofið – hræðilega lykt er leggur úr leggöngum og frá nærliggjandi svæði. Engar vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á þetta, en ketó-mataræðið svo sem ekki gamalt.

Grátandi Rúmeninn

Fréttin um grátandi Rúmenann Romeo Sarga vakti mikla athygli en hún kom í kjölfar alvarlegra ásakana Eflingar í garð starfsmannaleigunnar Menn í vinnu. Voru Menn í vinnu til að mynda sakaðir um þrælahald og umfangsmikla brotastarfsemi af Vinnumálastofnun, Eflingu og ASÍ. Í frétt DV leiðrétti Halla Rut Bjarnadóttir, forsvarsmaður starfsmannaleigunnar, ýmsar rangfærslur og fullyrti að Rúmenar, sem báru sig illa í fréttum Stöðvar 2, hefðu það fínt og ættu nóg af seðlum. Menn í vinnu ehf. fór í þrot en nýtt félag var stofnað um reksturinn, Seigla ehf. Enn er fjallað um mál starfsmannaleigunnar innan veggja dómstóla og rúmensk yfirvöld hafa blandað sér í málið.

Lagastuldur?



Undankeppni Söngvakeppninnar hófst í febrúar. Hljómsveitin Hatari þótti sigurstranglegust þótt margir viðruðu óánægju sína með sveitina og lagið. Þá voru einhverjir, þar á meðal Páll Óskar, ósáttir við að Ísland sendi fulltrúa til Ísrael, í skugga stríðs við Palestínu. Sá flytjandi sem þótti veita Hatara hvað mesta samkeppni var Friðrik Ómar Hjörleifsson með lagið Hvað ef ég get ekki elskað? Því varð uppi fótur og fit þegar erlendir Eurovision-spekingar sökuðu Friðrik Ómar um að hafa stolið lagi Rihönnu, Love on the Brain. Friðrik Ómar gaf lítið fyrir þessar ásakanir en svo fór að hann háði einvígi við Hatara í úrslitum Söngvakeppninnar og laut í lægra haldi.

Ógnandi aðdáandi

Eitt af pörum ársins, þótt það hefði byrjað saman árið 2018, er knattspyrnukappinn Rúrik Gíslason og fyrirsætan Nathalia Soliani. Ástin drýpur af parinu en þau lentu hins vegar í hremmingum þegar þau opinberuðu samband sitt á samfélagsmiðlum. Afbrýðisamur aðdáandi Rúriks hótaði Nathaliu og Rúrik tapaði fylgjendum. Það er ekki bæði sleppt og haldið.

Dularfullt mál

Þjóðin varð harmi slegin þann 11. febrúar þegar að fréttir bárust af því að íslenskur maður, Jón Þröstur Jónsson, hefði horfið nánast sporlaust í Dublin, höfuðborg Írlands. Jón Þröstur er enn ófundinn og er málið hið dularfyllsta. Að sögn unnustu hans gekk hann símalaus út af hóteli þeirra að morgni og sneri aldrei til baka. Hvarf Jóns Þrastar hefur valdið deilum innan fjölskyldu hans og lögreglan hefur litlar sem engar vísbendingar fengið um hvarfið.

Svindl og svínarí

Mál málanna í febrúar var án efa umfangsmikið og þaulskipulagt svindl bílaleigunnar Procar, en forsvarsmenn hennar áttu við kílómetrastöðu fjölmargra bíla. Dæmi voru um að kílómetrastaða hefði verið lækkuð um allt að 105 þúsund kílómetra. Þeir sem urðu fyrir barðinu á þessu svindli leituðu réttar síns en Procar hélt leyfinu. Nýlega sagði DV svo frá því að eigendur Procar hefðu stofnað nýja bílaleigu í Kópavogi, Carson.

Ráðist á blaðakonu

Svo fékk umheimurinn í fyrsta sinn að kynnast blaðakonunni Ernu Ýri Öldudóttur í febrúar, en hún átti eftir að koma meira við sögu seinna á árinu. Erna opnaði sig um að Snæbjörn Brynjarsson, þá varaþingmaður Pírata, hefði hellt sér yfir hana og hótað henni ofbeldi á Kaffibarnum. Snæbjörn baðst afsökunar og sagði af sér þingmennsku, en sumir töldu að árásin hefði verið sviðsett, þar á meðal Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra.

Bransinn í molum

Málið sem skók kvikmyndabransann var þegar að handritshöfundurinn Max Landis var sakaður um nauðgunartilraun. Max átti handrit að því sem átti að verða næsta stórmynd Baltasars Kormáks, Deeper. Baltasar þurfti hins vegar að segja sig frá verkefninu þegar þessar ásakanir í garð Max komu upp á yfirborðið.

Menntastoðir – fjarnám

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.

Kjörorð Menntastoða MSS eru:

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

Ummæli nemenda:



Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir

Menntastoðir er frábær skóli með frábærum kennurum sem leggja alla sína vinnu í að hjálpa okkur að ná sem bestum árangri og undirbúa okkur fyrir næstu skref í náminu.

Særún Lúðvíksdóttir

Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.

Ari Freyr Skúlason

Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumennskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.

Rúrik Gíslason

Ég lauk við fjarnám frá Menntastoðum og tilfinningin við að ná þeim áfanga var frábær. Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára
412 5952 eða á **aslaug@mss.is**

Fall WOW air og handa-lögmál í Alþingishúsinu

■ Skúli Mogensen bæði skúrkur og hetja ■ Sonur Þorsteins Más með derring ■ Matareitrunardrama

Tíminn var á þrotum

Ein stærsta frétt ársins leit dagsins ljós í lok mars þegar tilkynnt var um gjaldþrot WOW air. Almenningur kom af fjöllum enda stóðu flestir í þeirri trú að endurskipulagning félagsins gengi vel, þrátt fyrir að þröngt hafi verið í búi félagsins um margra mánaða skeið. Það sem felldi WOW air var 300 milljóna króna skuld við Air Lease Corporation (ALC), stærsta leigusala WOW air sem greiðast átti fyrir miðnætti daginn áður en tilkynnt var um þrotið. Því voru sjö vélar WOW kyrrsettar, með augljósum afleiðingum. Skúli Mogensen, stofnandi og fyrrverandi forstjóri WOW air, var augljóslega miður sín í bréfi sem hann sendi starfsmönnum.

„Þetta er líklega það erfiðasta sem ég hef þurft að gera en raunveruleikinn er sá að tíminn er á þrotum og okkur hefur mistekist að tryggja starfseminni fjármagn.“

Skiptar skoðanir voru á Skúla og endalokum WOW air en strax var ljóst að starfsmenn félagsins myndu gera hvað sem væri til að bjarga vinnustað sínum, til dæmis gefa eftir laun. Strax í kjölfar þrotsins ruku flugfargjöld upp í verði hjá Icelandair, sem hefur að einhverju leyti gengið til baka. Í kjölfarið fóru af stað sögusagnir um að nýtt flugfélag væri í bígerð, en það má segja að tvö hugsanleg fyrirtæki hefðu orðið til úr þroti WOW air; Play og Wow Air 2. Hvorugt hefur komist á flug. Við þrotið misstu hundruð vinnuna og hafði fall flugfélagsins mikil áhrif á íslenskt samfélag og ferðamannastrauminn til landsins.

Þó að fall WOW air sé tvímælalaust ein af stærstu fréttum ársins þá vöktu dægurmálafréttir tengdar fallinu mesta lukku meðal lesenda DV. Umfjöllun um konurnar í lífi Skúla Mogensen er ein mest lesna frétt ársins, sem og fréttir um fasteign Skúla að Hrólfsskálavör, sem seinna á árinu fór í einkasölu, og heimili Skúla og kærustu hans, innanhússhönnuðarins Grímu Bjargar Thorarensen, en þau tilkynntu á dögunum að þau ættu von á barni.

Flúðu hjálpartækjaverslun

Gerður Arinbjarnardóttir komst í pressuna í byrjun mars þegar Stundin sagði af því fréttir að fjöldi starfsmanna hefði sagt upp störfum í kynlífstækjabúð hennar, Blush, vegna kjaradeilna. Var Gerður einnig sökuð um að áreita starfsfólk. Gerður vísaði öllum ásökunum á bug.

„Drullaðu þér burtu“

Hiti færðist í leikana á göngum Alþingishússins þegar Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, og Þorsteinn Már Baldvinsson, þá forstjóri Samherja, mættust. Baldvin Þorsteinsson, sonur Þorsteins, veittist að Má eftir fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, en þar var farið yfir framgöngu Seðlabankans gagnvart Samherja. Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans framkvæmdi húsleit í húsnæði Samherja vegna gruns um brot á gjaldeyrislögum en fyrirtækið var aldrei ákært og Seðlabankinn hefur verið sakaður um að hafa farið offari í málinu. „Sýndu smá sómakennd og drullaðu þér burtu,“ sagði Baldvin er Már ætlaði að gefa sig á tal við Þorstein.

Tímabundinn ráðherra

Önnur tíðindi af Alþingi í mars voru þau að Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir tók við dómsmálaráðuneytinu eftir að Sigríður Andersen sagði af sér vegna landsréttarmálsins. Þórdís sinnti embættinu þar til fyrir stuttu þegar Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tók við því.

Þórarinn með sprengju

Þórarinn Ævarsson, þá framkvæmdastjóri IKEA, snerti marga illa er hann hélt erindi á morgunverðarfundi ASÍ um verðlag á Íslandi um miðjan mars. Þórarinn skaut þar föstum skotum á íslenska veitingastaði sem hann telur að séu á miklum villigötum. Hvatti hann veitingamenn til dæmis til að lækka verð og bera virðingu fyrir landsmönnum. „Ég held að menn séu fastir í vítahring þar sem allir eru að tapa, bæði viðskiptavinir og veitingamenn og ef menn ætla að ná vopnum sínum aftur, og þeir hafa sannanlega tapað þeim, þá verða þeir að endurhugsa málin,“ sagði Þórarinn til dæmis. Almenningur fagnaði erindi Þórarins á meðan aðrir í veitingabransanum litu það hornauga.

Þrot í skugga niðurgangs

Úr hörðum veitingastaðabransanum komu þær óvæntu fréttir að Skelfiskmarkaðnum hefði verið lokað í skugga matareitrunar sem kom upp á staðnum í nóvember 2018. „Þetta er mjög erfið ákvörðun en blákaldur veruleikinn er sá að þetta ömurlega atvik sem kom upp í nóvember hafði það mikil áhrif að þetta er bara því miður staðan. Salan minnkaði um meira en helming eftir þetta og það setur strik í reikninginn,“ sagði Hrefna Rósa Sætran, einn af eigendum veitingastaðarins, í tilkynningu um lokun staðarins.

HAGBLIKK

Brotna ekki
Ryðga ekki

Álþakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

JÓLAFRUMSÝNING ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

MEISTARINN OG MARGARÍTA

MEISTARINN OG MARGARÍTA

МИХАИЛ БУЛГАКОВ

MIKHAÍL BÚLGAKOV

FRUMSÝNT ANNAN Í JÓLUM

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHUSID.IS

STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON · BIRGITTA BIRGISDÓTTIR · SIGURÐUR SIGURJÓNSSON · EBBA KATRÍN FINNSDÓTTIR · ODDUR JÚLÍUSSON
MARÍA THELMA SMÁRADÓTTIR · BJARNI SNÆBJÖRNSSON · BJÖRN INGI HILMARSSON · PÁLMI GESTSSON · HÁKON JÓHANNESSON
ÞÓREY BIRGISDÓTTIR · GUNNAR SMÁRI JÓHANNSSON · HILDUR VALA BALDURSDÓTTIR · ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON · EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
LEIKSTJÓRN: HILMAR JÓNSSON

Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

Morð í Mehamn og leitin að Litlakisa

Áhrifavaldar afhjúpaðir ■ Ósáttur flugmaður ■ Heimsfrægð Leoncie ■ Ófremdarástand í Gistiskýlinu

Áhrifavaldar í klemmu

MYND: SKJÁSKOT INSTAGRAM @TANJAYR

Það má segja að aprílmánuður hafi verið slæmur fyrir áhrifavalda þessa lands þar sem tveir af þeim vinsælustu urðu fréttaefni vegna svika við neytendur. Sólrún Diego var sá fyrri en DV afhjúpaði að Sólrún hefði auglýst vefverslun eiginmanns síns, Frans Veigars Garðarssonar, grimmt á Instagram, án þess að geta þess að verslunin væri í eigu hans. Við eftirgrennslan kom í ljós að Sólrún sjálf sat í stjórn fyrirtækisins og var prókúruhafi. Um var að ræða afar dulda auglýsingu og mislíkaði Sólrúnu fréttin svo mjög að lögfræðingar hennar sendu bréf á DV þar sem hótað var aðgerðum ef DV hætti ekki að fjalla um hana.

Síðar í mánuðinum var komið að Tönju Ýri Ástþórsdóttur sem seldi skartgripi og glingur á áttföldu verði samanborið við nákvæmlega sömu vöru á Aliexpress. Gerði hún þetta undir merkjum Boss Babe, en tók aldrei fram á Instagram að hún sjálf ætti verslunina. Tanja var ekki sátt við afhjúpun DV. „Ég hef ekki haft neinn áhuga að ræða við fréttamiðla í langan tíma því ég styð ekki fréttamennsku sem snýst um að tala niður til fólks, gera lítið úr eða fara með rangt mál án þess að kynna sér málin til enda," skrifaði hún á Instagram, en þess ber að geta að hún skellti á blaðamann DV þegar hann vildi grennslast fyrir um fyrrnefnt fyrirtæki við vinnslu greinarinnar.

Heimsfrægð prinsessunnar

Indverska prinsessan Leoncie öðlaðist langþráða heimsfræg þegar spjallþáttaprinsinn Jimmy Fallon spilaði lag tónlistarkonunnar í þætti sínum um miðjan apríl. Jimmy skemmti sér konunglega og hermdi eftir söngstíl Leoncie og sagði: „Ég hef aldrei heyrt neinn syngja svona áður." Leoncie sagði síðar að hún hefði verið boðin í þáttinn en neitað, því þeir vildu ekki borga henni nóg.

Harmleikur í Mehamn

Meðal mynda sem DV birti.

Það var sem reiðarslag fyrir þjóðina í lok apríl þegar Íslendingurinn Gísli Þór Þórarinsson fannst látinn í bænum Mehamn í Noregi. Gunnar Jóhann Gunnarsson hefur játað að hafa orðið Gísla að bana, en þeir voru hálfbræður. Samkvæmt nýjustu fregnum af gangi mála í Noregi þá var réttarhöldum frestað, en það stóð til að aðalmeðferð hæfist þann 2. desember næstkomandi. Nú er talið líklegast að réttað verði í málinu í febrúar. Gunnar Jóhann neitar að hafa komið að heimili Gísla Þórs með þann ásetning í huga að verða honum að bana. Hann á að baki langan sakaferil á Íslandi og hefur meðal annars verið dæmdur fyrir nauðgun og ofbeldisbrot.

Hæddust að meðlagsgreiðendum

Frétt DV um starfshætti Innheimtustofnunar sveitarfélaga vakti mikla reiði í samfélaginu. Var forstöðumaður útibús stofnunarinnar á Ísafirði til að mynda sakaður um ógnarstjórnun, einelti, furðuleg afskipti af einkalífi og sérkennilega framgöngu varðandi starfslok. Þá sagði fyrrverandi starfsmaður stofnunarinnar í Reykjavík frá því hvernig starfsmenn gerðu grín að meðlagsgreiðendum í Facebook-hópi.

Engin ákæra var gefin út í málinu. Mynd: Eyþór Árnason

Ung kona lést

Að morgni 9. apríl lést ung kona á Landspítalanum. Konan hafði verið í teiti þar sem mikið var um eiturlyf. Þegar lögregla var kölluð til og hafði afskipti af henni fór unga konan í hjartastopp og báru endurlífgunartilraunir ekki árangur. Foreldrar konunnar voru ósáttir við aðferðir lögreglu, sögðu dóttur sína hafa verið handjárnaða og bundna á fótum en bættu við að hún hefði verið í geðrofi. Héraðssaksóknari tók málið til rannsóknar en ákveðið var að engin ákæra yrði gefin út vegna málsins.

Meðal mynda sem DV birti.

Farið úr böndunum

DV fjallaði ítarlega um Gistiskýlið að Lindargötu í Reykjavík og að þar væri rekið neyslurými fyrir sprautufíkla. Myndir sem DV birti sýndu fram á óboðlega umgengni, sóðaskap og illan aðbúnað í skýlinu. „Það hefur verið reynt að hafa einhverjar reglur um þetta, til dæmis að menn séu skráðir inn í hús. En þetta fer meira og minna úr böndunum, því það er miklu meiri aðsókn í þetta en húsið leyfir. Núna er það ekki bara þessi stóri hópur fólks sem er á götunni, heldur bætast við sprautufíklar, og meðal þeirra eru menn sem aldrei áður hafa nýtt sér gistiskýlið sem slíkt, en nýta sér aðstöðuna til að geta sprautað sig," sagði Tómas Jakob Sigurðsson, starfsmaður skýlisins, við DV. Hann var rekinn í kjölfarið.

Horaður högni

Svo var það fréttin sem snerti fólk – hvarf Litlakisa, högna Svanhildar Hólm, aðstoðarkonu Bjarna Benediktssonar, og Loga Bergmanns fjölmiðlamanns. Hjónin leituðu kisans í 35 daga og teygði leitin sig til Selfoss. Að lokum var bænum þeirra hjóna svarað. „Hann er horaður og soltið óöruggur en greinilega mjög glaður að vera kominn heim," sögðu þau á samfélagsmiðlum, að springa úr hamingju og þakklæti.

Ögmundur Gíslason. Mynd-Hringbraut

„Þetta sker getur átt sig"

Pistill Ögmundar Gíslasonar, fyrrverandi flugmanns WOW air, vakti gríðarlega athygli. Í pistlinum viðraði hann þá óánægju sína með að íslenska ríkið hefði ekki rétt flugfélaginu hjálparhönd áður en það varð gjaldþrota. „Eftir að hafa hugsað þetta þá hef ég tekið þessa ákvörðun: Ég mun ALDREI borga framar skatta á Íslandi. ALDREI! Og það fólk sem þekkir mig veit ég stend við svona fáránlegar yfirlýsingar. Ég mun þiggja þær greiðslur sem ég á rétt á úr ábyrgðarsjóði launa og ég ætla að þiggja atvinnuleysisbætur eins lengi og ég má, en ég mun aldrei aftur vera launamaður á Íslandi og greiða staðgreiðslu. Þetta sker getur átt sig. Þetta pakk sem er í ríkisstjórninni getur átt sig," skrifaði hann meðal annars. Hann starfar nú á erlendum vettvangi.

JS Watch co.
REYKJAVIK

Gefðu peim sem pér pykir vænt um tíma um jólin

101 32mm
Hvít skífa, rómverskar tölur, stálól

101 38mm
Hvít skífa, rómverskar tölur, stálól

101 Art Deco 32mm
Skelplötuskífa, krókódílaól

101 10 ára 38mm
Kremuð skífa með strikum, brún strútsól

Islandus 44mm
Hvít skífa með rómverskum tölum, brún strútlöpp

Frisland Classic 42mm
Hvít skífa með rómverskum tölum, brún strútlöpp

Sif NART 1948 40mm
Blá skífa með tölum, brún kálfaól

Vínland GMT 41mm
Silfur skífa með rómverskum tölum, brún krókódílaól

Islandus 44mm
Svört skífa með tölum, svört strútsól

Sif NART 40mm
Svört skífa með sjálflýsandi tölum, gúmmíól

Islandus 1919 44mm
Svört skífa með sjálflýsandi tölum, vísundaól

Frisland 1941 42mm
Blá skífa með sjálflýsandi tölum, vísundaól

Hjá Gilbert úrsmið sérhæfum við okkur í úrsmíði, hönnun og framleiðslu úra

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Hatur í Tel Aviv og hákarladráp

Mottumanía í IKEA ■ Sögusagnir um Bjarna Ben ■ Leiklistarheimurinn logar

Logandi leiklistarheimur

Um miðbik maí fréttist af því að Félag íslenskra leikara, FÍL, hefði sent Þjóðleikhúsráði og mennta- og menningarmálaráðherra, formlega kvörtun vegan hegðunar Ara Matthíassonar þjóðleikhússtjóra. Sagði Birna Hafstein, formaður FÍL, að málið snerist um ósæmilega hegðun Ara gagnvart listamönnum. Ari sakaði Birnu um að vinna gegn hagsmunum Þjóðleikhússins með ómaklegum hætti. Leiklistarheimurinn logaði í kjölfar deilnanna. Í byrjun sumars sagði leiklistarráð af sér svo að ekki yrði hætta á að ráðning nýs þjóðleikhússtjóra yrði undirorpin vafa um hæfi ráðsmanna. Ari hætti sem þjóðleikhússtjóri og Magnús Geir Þórðarson, fyrrverandi útvarpsstjóri, hreppti þann stól fyrir ekki svo löngu.

Barist um mottu

Ein spaugilegasta frétt maí snerist um forláta gólfmottur í IKEA, mottur sem komu í takmörkuðu upplagi. Motturnar voru hluti af línunni IKEA Art Event, allar ólíkar og hannaðar af heimsþekktum hönnuðum. Þar á meðal voru Off-White mottur úr smiðju Virgils Aboh, listræns stjórnanda Louis Vuitton. Viðskiptavinir, sem mættu fyrir opnun IKEA þann dag sem motturnar fóru í sölu, voru ekki sáttir. Sex Off-White mottur voru auglýstar til sölu en þegar viðskiptavinur númer tvö í röðinni ætlaði að næla sér í eina voru þær uppseldar. Kom í ljós að starfsmenn höfðu keypt hinar fimm motturnar og ekki farið að reglum. Málið endaði vel þar sem tveir starfsmenn skiluðu mottum sínum til að gleðja mottuóða neytendur.



Should I stay or should I go?

Í maí var líka byrjað að fabúlera um að Bjarni Benediktsson væri á leið út úr stjórnmálum. Hann situr enn sem fastast í fjármálaráðuneytinu en sögusagnirnar verða sífellt háværari.

Barnaníðingur slapp billega

Landsréttur mildaði dóm Héraðsdóm Reykjaness yfir Þorsteini Halldórssyni niður í fimm og hálft ár en héraðsdómur dæmdi hann í sjö ára fangelsi. Ástæðan var sú að Landsréttur taldi aðeins búið að sanna eina nauðgun af þeim þremur sem hann var dæmdur fyrir. Þorsteinn var sakaður um að hafa borið fíkniefni í átján ára pilt með þeim afleiðingum að hann var nánast meðvitundarlaus í viku. Þorsteinn braut ítrekað á piltinum í um tvö ár og hófust brot þegar drengurinn var fimmtán ára.

Hatarahiti

Einn stærsti viðburður ársins fer fram í maí hvert ár, sjálf Eurovision-keppnin. Að þessu sinni var hún haldin í Tel Aviv í Ísrael og skiptar skoðanir voru um atriði Hatara þar í landi. Voru einhverjir sem töldu að Hatari þyrfti að vara sig þar sem þeir breiddu út pólitískan áróður, sem brýtur í bága við reglur keppninnar. Ferð Hatara til Ísrael var fróðleg og forvitnileg, svo ekki sé meira sagt, og hafði þjóðin slíka tröllatrú á slagaranum Hatrið mun sigra að fjölmargir voru fullvissir um að Íslandi myndi sigra. Hatari komst upp úr undanriðlinum en bar ekki sigur úr býtum, heldur Hollendingurinn Duncan Laurence. Sjaldan hefur verið jafn mikið fjölmiðlafár í kringum Eurovision-atriði frá Íslandi eins og Hatara og skilar það sér í metfjölda innsendra laga í Söngvakeppnina 2020.

Pynting á sjó

Myndband af tveimur sjómönnum Bíldseyjar SH 65 fór eins og eldur í sinu um internetið í lok maí. Vakti það mikinn óhug. Sjómennirnir Halldór Gústaf Guðmundsson og Gunnar Þór Óðinsson pyntuðu Grænlandshákarl til dauða og deildu myndbandi af verknaðinum á Facebook. Þeir skáru sporðinn af skepnunni og hlógu sig máttlausa. Stuttu eftir að myndbandið leitaði í fréttir voru sjómennirnir reknir. Þriðji skipverjinn, Árni Valgarð Stefánsson, sem virðist yfirleitt kallaður Árni Biddu, var einnig rekinn þótt hann kæmi ekki fyrir í myndbandinu.

Óvænt par

Leikkonan og aktífistinn Pamela Anderson og Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, voru fyrstu gestirnir til að heimsækja blaðamanninn Julian Assange í fangelsið í Belmarsh í London síðan hann var handtekinn þann 11. apríl og dæmdur í fimmtíu vikna fangelsi fyrir að svíkjast undan tryggingu. Bæði Pamela og Kristinn hafa verið ötulir stuðningsmenn Assange og gagnrýndu handtökuna harðlega.

Á flæðiskeri

Viðtal New York Times við tónlistarkonuna Björk kom landsmönnum á óvart en í því afhjúpaði hún að hún hefði ekki þénað krónu síðustu tvo áratugina. „Ég á nokkur hús og bústað uppi í fjöllum. Ég hef það allt í lagi. En ég hef sennilega ekki þénað krónu síðustu, ég veit ekki, tuttugu ár. Það fer allt aftur í vinnuna mína og mér líkar það.“

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

Þrjú fórust í flugslysi

Ólga í MR ■ Reiðir Tyrkir ■ Tilfinningar og hiti á Alþingi

Ólga í MR

Nokkuð var fjallað um starfsanda í Menntaskólanum í Reykjavík, MR, og lýstu starfsmenn ástandinu sem óboðlegu. Sigríður Helga Sverrisdóttir og Linda Rós Michaelsdóttir stigu fram í DV og sögðust hafa orðið fyrir einelti af hálfu nokkurra kennara og stjórnenda skólans. Lýstu þær uppsögnum og ógnarstjórn við skólann sem rektorinn Elísabet Siemsen vísaði á bug. „Það er merkilegt að þrír kennarar sem sagt hefur verið upp eiga það allir sameiginlegt að hafa gagnrýnt starfshætti og stjórnunarhætti rektors," sagði Sigríður Helga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið svaraði kvörtunum kennaranna og gaf það álit að ekki hefði átt sér stað einelti í skólanum.

Flugslys við Múlakot

Júní hófst á sorglegum nótum þegar að lítil flugvél hrapaði við Múlakot í Fljótshlíð. Fimm manns voru innanborðs, allir Íslendingar. Hjónin Ægir-Ib Wessman og Ellen Dahl Wessman fórust í slysinu ásamt syni þeirra, Jóni Emil Wessman. Ægir-Ib, fæddur 1963, var flugmaður og starfaði meðal annars sem flugstjóri hjá WOW air, Jón Emil, fæddur 1998, var að feta sömu braut og var í atvinnuflugnámi við Flugskóla Íslands og Ellen, fædd 1964, var sjúkraþjálfari. Sonur hjónanna og ung kona voru einnig um borð en lifðu af. Þau voru flutt mikið slösuð á sjúkrahús í Reykjavík eftir slysið.

Fúll á móti

Það dró til tíðinda innan Sjálfstæðisflokksins þegar að flokkurinn hélt upp á níutíu ára afmæli sitt. Davíð Oddsson mætti ekki, en fór ófögrum orðum um flokkinn sinn í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. Þar sagði að fámennt og tíðindalaust hafi verið á 90 ára afmælis flokksins á dögunum og hnýtt í heiðursgestina úr öðrum flokkum. Þá skrifaði Davíð: „En af hverju þurfti að læðast með veggjum með þetta afmæli? Það er vissulega megn óánægja í flokknum og þá ekki síst meðal kjósenda hans og hugsanlegra kjósenda með óskiljanlega framgöngu flokksins í orkupakkamálinu, þar sem hiklaust er byggt á blekkingum, sem raunar eru fjarri því að vera lofsverðar." Davíð hefur ekki enn sagt sig úr flokknum svo vitað sé en er orðinn mjög hliðhollur Miðflokknum.

Klósettbursti í vatnsglasi

Leikmenn landsliðs Tyrkja í knattspyrnu voru ekki par sáttir við komuna í Leifsstöð, en þeir voru til Íslands komnir til að spila landsleik við Íslendinga í undankeppni EM. Tyrkir þurftu að bíða lengi á flugvellinum, liðið flaug frá Konya og þurfti að fara vel yfir öll vegabréf og slíkt. Þá voru Tyrkir reiðir eftir að þvottabursti birtist í Leifsstöð. Reiði Tyrkja hélt áfram á blaðamannafundi á Laugardalsvelli þar sem mörgum var heitt í hamsi. Utanríkisráðherra Tyrklands, Mevlüt Çavusoglu, blandaði sér í málið og lýsti yfir megnri óánægju í garð Íslendinga.

Sauð upp úr – aftur

Upp úr sauð á Alþingi í byrjun júní, eins og svo oft áður, þegar frumvarp félagsmálaráðherra um að breytingu á lögum um félagslega aðstoð og almannatryggingar var rætt. Inga Sæland, þingkona Flokks fólksins, brast í grát og kvað það mikið órétt-læti að afnema ekki krónu á móti krónu-skerðinguna alfarið. Hún fordæmdi jafnaðarríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að koma þessari skerðingu á. Þá tók Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, upp varnir fyrir Jóhönnu og var heitt í hamsi. „Menn þurfa aðeins að kunna hlutina áður en þeir taka upp í sig stór orð og á meðan ég er hér á þingi og hef málfrelsi. ÞÁ SIT ÉG EKKI ÞEGJANDI UNDIR SVONA LÖGUÐU. Jóhanna Sigurðardóttir, einn merkasti félagsmálaráðherra þessarar þjóðar, á annað og betra skilið frá kynsystrum sínum."

Rekinn!

Helga Áss Grétarssyni var sagt upp störfum sem dósent við Lagadeild Háskóla Íslands um miðbik júní. Ástæða uppsagnarinnar var sögð sú að Helgi Áss hefði ekki uppfyllt þær skyldur sem kveðið er á um varðandi rannsóknir og ritrýnt efni, það er að ekki hafi komið nægilega mikið efni frá honum. Helgi, sem er einn þekktasti skákmaður landsins, tjáði sig um uppsögnina á Facebook, sagðist vera með lögmann í málinu og var ósáttur.

Ráðist á fjallkonuna

Fastur punktur í tilverunni í júní er sjálfur þjóðhátíðardagurinn. Venju samkvæmt flutti fjallkonan ljóð á Austurvelli og að þessu sinni kom það í hlut Aldísar Amah Hamilton. Þótti Aldís standa sig með prýði en íslenskir kynþáttahatarar sáu sig knúna til að tala hana niður. Fundu þeir mikið að því að Aldís væri af blönduðum uppruna, en faðir hennar bandarískur af afrískum uppruna. Innan Facebook-hópanna Stjórnmálaspjallið og Málfrelsið var hart deilt um fjallkonuna. „Þannig að hún er ekki Íslendingur heldur íslenskur ríkisborgari?" spurði einn meðlimur og aðrir svöruðu að Aldís væri íslensk. Þá sagði meðlimurinn: „Ég er Íslendingur og stoltur af því ... Þessi kona er amerísk og á að vera stolt af því líka." Sem betur fer dó þessi umræða frekar fljótt drottni sínum.

Við kynnum: Bryndísi Líf

Í júní fengu lesendur DV einnig að kynnast áhrifavaldinum Bryndísi Líf sem birtir ögrandi myndir á Instagram með veigamiklum boðskap. Síðan þá hefur frægðarsól Bryndísar skinið skært og fylgjendum fjölgað.

EIRÍKUR HAUKSSON

STEFANÍA SVAVARS

JÓHANNA GUÐRÚN

EYÞÓR INGI

75

GUNNAR ÞÓRÐARSON

7. MARS Í ELDBORG HÖRPU

Gunnar Þórðarson fagnar 75 ára afmæli í janúar 2020 og af því tilefni verður blásið til glæsilegra tónleika í Eldborg Hörpu þann 7. mars. Gunnar hefur átt einkar glæsilegan og farsælan feril sem laga og texta höfundur. Eftir hann liggja 830 lög og ein ópera, mikið af lögum Gunnars hafa fyrir löngu fest sig í sessi í Íslensku þóðarsálinni. Nægir þar að nefna lög eins og Bláu augun þín, Fyrsti kossinn, Við Reykjavíkur tjörn, Himinn og Jörð og Þitt fyrsta bros.

Þessi lög ásamt fleirri dægurperlum Gunnars munu hljóma í Eldborg

---

MIÐASALA Á TIX.IS, Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Í SÍMA 528 5050

Syrgjandi fjölskylda í mál og sviðin jörð

Umfjöllun um dæmdan morðingja vakti usla ■ Íslendingur sakaður um svik á Tenerife

Fjölskylda í sárum

Fjölskylda Arthurs Grants Wagstaff, sem lést í flugslysi á Íslandi árið 2015, steig fram í DV í júlí og sagði frá því að hún ætlaði í mál við Sjóvá vegna dauða Arthurs. Flugmaður vélarinnar þegar slysið átti sér stað, Arngrímur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri flugfélagsins Atlanta, komst lífs af úr slysinu. Fjölskyldan rekur líka mál gegn Arngrími, sem hefur heimtað tryggingu frá ekkju Arthurs, Roslyn Wagstaff. Hvorki hefur gengið né rekið í þessum málaferlum.

Klám í Neskaupstað

Hótelstjóri í Neskaupstað réð ungt erlent par sem umsjónarfólk á Cliff hótel í bænum í vor. Í maí tók parið sig til og birti kynlífsmyndband af sér á einni stærstu klámsíðu heims, Pornhub, og fór ekki á milli mála að myndbandið var tekið inni á hótelinu. Þetta rataði í fréttir í júlí en hótelið sem um ræddi var áður Eddu hótel, en heitir í dag Cliff hótel og á veturna er þar heimavist fyrir nemendur Verkmenntaskóla Austurlands. Parið var rekið úr starfi um leið og málið komst upp og er farið af landi brott.

Sviðin jörð á Tenerife

Íslensk kona að nafni Auður Ólafsdóttir komst í fréttirnar á vafasaman hátt um mitt sumar. Sökuðu nokkrir Íslendingar hana um að svíkja íslenska ferðalanga á eyjunni Tenerife. Auður rak Facebook-síðuna Tenerife Leigumiðlun þar sem hún bauð húsnæði til leigu. Þeir Íslendingar sem áttu viðskipti við Auði sökuðu hana um að hirða peninginn og svíkja þá um húsnæði eða hýsa þá í allt öðru húsnæði en um var samið. Auður vildi ekki tjá sig við DV um málið en hún á langan sakaferil að baki. Í kjölfar fréttaflutnings hvarf hún af Facebook, og þær Facebook-síður sem tengdust henni hurfu einnig.

Dæmdur morðingi

DV birti umfjöllun um dæmda morðingjann Gunnar Rúnar Sigurþórsson, sem varð Hannesi Þór Helgasyni að bana árið 2010. Afstaða kærði umfjöllunina til siðanefndar Blaðamannafélagsins og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ritstjóri DV hefði gerst brotlegur við siðareglur.

Sendur heim

Til stóð að rapparinn Gísli Pálmi skemmti á bæjarhátíðinni Dýrafjarðardögum í sumar, en svo fór ekki. Pétur Albert Sigurðsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, sagði að rapparinn hefði ekki verið í ástandi til að spila, því hefði honum verið meinaður aðgangur að sviðinu. „Við sendum hann því bara heim aftur að hvíla sig, það var ekkert flóknara en það. Það urðu engin eftirmálar af því eða vesen, hann bara var ekki í standi og gat því ekki spilað þarna.“ Gísli Pálmi átti eftir að komast aftur í fréttirnar á þessu ári, meira um það í októberannálnum.

Lést á Indlandi

Íslendingur fannst látinn á gistiheimili í Kullu-héraði í Hmachal Pradesh í Indlandi í byrjun júlí. Hann fannst látinn á baðherbergi í gistiheimilinu Acharya Villa á Vashisht-svæðinu í borginni Manali en andlát hans bar ekki að með saknæmum hættu.

Átakafundur

Birgitta Jónsdóttir, einn stofnenda Pírata, ætlaði að vera með endurkomu í flokknum og sóttist eftir sæti í trúnaðarráði. Myndband fór í umferð af átakafundi hjá Pírötum þar sem alþingismaðurinn Helgi Hrafn Gunnarsson hellti sér yfir Birgittu, sakaði hana um að grafa undan fólki og hótanir. Svo fór að Birgitta fékk ekki sæti í trúnaðarráði og yfirgaf átakafundinn grátandi. Helgi Hrafn sagðist standa við orð sín, en Birgitta upplifði fundinn sem mannorðsmorð.

Hver verður næstur?

Fréttin sem snerti mest við lesendum DV í júlí var um Albert nokkurn Ísleifsson, sem féll fyrir fíkn sinni um miðbik júlí. Ragnar Erling Hermannsson, sem sat í fangelsi í Brasilíu vegna fíkniefnasmygls á árum áður, sagði sögu Alberts í myndböndum á Facebook. Í myndböndunum gagnrýndi Ragnar úrræðaleysi fyrir fólk eins og Albert og nokkrum dögum eftir birtingu myndbandanna hélt Ragnar stofnfund nýs stjórnmálaafls. Helsta markmið aflsins er að breyta kerfinu eins og það leggur sig. „Enn og aftur berast okkur fregnir af ungum manni sem féll frá vegna neyslu sinnar. Enn og aftur. Og eitthvað sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. En það er verið að spara, spara í þessum málaflokki. Það er verið að reisa glæsihallir og glæsihýsi úti um allt og ég veit ekki hvað. En það er verið að loka heilbrigðisstofnunum og það eru biðlistar inn á meðferðarstofnanir,“ sagði Ragnar og bætti við: „Hver verður næstur, verður það sonur þinn? Frændi þinn? Þetta mun bara versna.“

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir unglinga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2020.

Skilafrestur er til og með 10. janúar.

Allar upplýsingar á www.forlagid.is

Nærgætni, hlýja og virðing ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR *við andlát ástvina*

Ísleifur Jónsson
Útfarastjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfaraþjónusta
Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararstofa Reykjavíkur annast útfarir á höfuðborgarsvæðinu og veitir aðstandendum mikilvæga aðstoð við undirbúning og framkvæmd útfararinnar. Útfararstjóri er með aðstandendum allt ferlið – allt frá fyrsta viðtali að greftrun hins látna. Útfararstofa Reykjavíkur annast alla þætti sem aðstandendur óska eftir. Eigandi og útfararstjóri er Ísleifur Jónsson, sem hefur starfað sem útfararstjóri um áratuga skeið.

Álfheimum 35 ■ 104 Reykjavík ■ Sími 533 5353 og 821 5353 ■ www.usr.is ■ isleifur@usr.is

Flugdólgur og Freðinn

Uppsagnir hjá Sýn ■ Hótanir í utanríkisráðuneytinu ■ Dorrit í svörtu bók Epstein

Tekjublaðið

Fjölmiðlar hafa lagt það í vana sinn að birta tekjur landsþekktra einstaklinga í svokölluðum tekjublöðum, en vegna breytinga hjá Ríkisskattstjóra dróst sú birting á langinn í ár. Loks í ágúst kom tekjublað DV út og kenndi þar ýmissa grasa. Við komumst til dæmis að því að Hafþór Júlíus væri tekjuhæsti íþróttamaðurinn með milljónir á mánuði og að Sólrún Diego, áhugakona um þrif, væri á lágmarkslaunum.

Flugdólgurinn

Hringbraut fullyrti að Þorbergur Aðalsteinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari og landsliðsmaður Íslendinga í handbolta, hefði verið handtekinn á flugvelli í Noregi um miðbik ágúst. Var Þorbergur sakaður um dólgslæti og fyrir að hafa reynt að ráðast inn í flugstjórnarklefa meðan á flugi stóð. Þorbergur mætti í viðtal á Bylgjunni fyrir stuttu og sagði málið á misskilningi byggt, að norska lögreglan væri búin að biðja hann afsökunar. Kristjón Kormákur Guðjónsson, fyrrverandi ritstjóri Hringbrautar, mætti í kjölfarið í viðtal á Bylgjunni og sagði Þorberg fara með rangfærslur, sagði hann hafa verið í annarlegu ástandi í flugvélinni og sýnt ógnandi tilburði. Orð gegn orði.

Guðlaugi hótað

Gripið var til öryggisráðstafana í utanríkisráðuneytinu í kjölfar líflátshótana sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fékk í tengslum við þriðja orkupakkann. Maðurinn sem hótaði Guðlaugi var þekktur fyrir að dreifa pólitískum áróðri á Facebook, á sinni eigin síðu og í ýmsum hópum. „Hins vegar er okkur ráðlagt að líflátshótanir beri að taka alvarlega. Þær hótanir sem mér hafa borist á samfélagsmiðlum vegna þessarar fréttar hafa þegar verið settar í farveg hjá Ríkislögreglustjóra," sagði Guðlaugur.

Vistaður í varðhaldi

DV birti einkaviðtal við Ingólf Steinar Ingólfsson sem var handtekinn og settur í varðhald í Kambódíu þar sem vegabréfsáritun hans til Kambódíu rann út. Það hafði þær afleiðingar að hann gat ekki tékkað sig út af hóteli sem hann gisti á né greitt reikninginn þegar að því kom, að hans sögn. „Ég lenti í þessu veseni af því vegabréfið mitt hvarf," sagði Ingólfur meðal annars og taldi sig sæta miklu óréttlæti.

Er þetta í lagi?

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, gagnrýndi tónlistarmanninn Auð á Facebook-síðu sinni eftir að hafa séð hann syngja lagið Freðinn á Arnarhóli. Bjarnheiður gagnrýndi að lagið hefði verið spilað snemma kvölds á fjölskylduskemmtun sem var að auki sjónvarpað beint á RÚV. „Hvernig á að útskýra fyrir börnum að boðskapurinn sem þessi marglofaði og vinsæli listamaður flytur sé vondur? Hvernig samræmist þetta forvarnarstarfi? Eða finnst fólki þetta almennt bara allt í lagi?" spurði Bjarnheiður.

Uppsagnir á fjölmiðlum

Þrettán manns var sagt upp hjá fjölmiðlafyrirtækinu Sýn, sem er hluti af Vodafone, um miðjan ágúst. Meðal þeirra sem sagt var upp voru íþróttafréttamaðurinn kunni Hjörvar Hafliðason, Kristín Ýr Gunnarsdóttir og Sighvatur Jónsson, fréttamenn á Stöð 2. Uppsögnin kom Hjörvari í opna skjöldu en hann stóð keikur í viðtali við DV sama dag og honum var sagt upp. „Það er eins og það er. Nú bæti ég í sóknina á Dr. Football hlaðvarpinu en það er miðill sem ég hef trú á." Rekstur einkarekinna fjölmiðla dróst enn saman á árinu og var fjölmiðlamönnum á öðrum miðlum einnig sagt upp á öðrum tímum, til dæmis á Morgunblaðinu.

Vinkona Epstein

Nafn Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrúar, var að finna í hinni alræmdu svörtu bók níðingsins Jeffreys Epstein. „Jeffrey Epstein bjó í sömu götu og ég í London einhverntímann á milli 1978 og 1983. Við áttum marga sameiginlega kunningja," sagði Doritt við DV. Epstein átti 45 ára fangelsi yfir höfði sér vegna mansals og barnaníðs sem hann var sakaður um eftir aldamót. Hann svipti sig lífi í fangelsi.

Súrrealískt níðingssamfélag?

Grínistinn Björn Bragi Arnarsson tilkynnti nýja uppistandssýningu og internetið fór á hliðina. Sýningin hét Björn Bragi Djöfulsson og sá Anna Svava um að hita upp. Mislíkaði netverjum svo mjög að Björn Bragi væri snúinn aftur í uppistand eftir að myndband af honum að káfa á unglingsstúlku fór í dreifingu í október í fyrra. Átti atvikið sér stað eftir skemmtun hjá KPMG á Akureyri, en Björn var veislustjóri þar. „Er bara allt í góðu að fullorðinn maður sem nuddaði klofið á barni og náðist á myndband sé aftur accepted sem ehv ögrandi insult comic og virt listafólk sé að peppa hann? hvaða súrrealíska níðingssamfélagi er ég frá?" skrifaði einn netverji til að mynda.

„Síðan nauðgaði hann mér"

Sigurður Gói Ólafsson varð fyrir fólskulegri líkamsárás og var nauðgað í frönsku borginni Marseille í júlí og opnaði sig um árásina í DV í ágúst. „Skyndilega réðst hann á mig, algjörlega upp úr þurru. Hann kýldi mig í síðuna og hrinti mér á magann. Því næst reif hann niður um mig buxurnar. Síðan nauðgaði hann mér," sagði Sigurður og bætti við: „Ég stirðnaði upp af hræðslu. Ég var viss um að hann myndi drepa mig. Ég hélt hreinlega að ég væri að fara að deyja."

Húsfélagaþjónusta
√ Bókhald og fjármál
√ Húsfélagafundir
√ MÍNAR SÍÐUR
√ Þjónustusaga húss
√ Önnur þjónusta
Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga
EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is
Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis

- Suðurnes
- Reykjavík
- Suðurnes

Tvisvar á dag!

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook

Barnaníðingar og Braggamálið

Hatara stefnt Atli hrósaði sigri í héraðsdómi Margrét Erla safnaði fyrir orlofi

Braggamálið tók nýja stefnu

Veitingastaðurinn Bragginn Bar og Bistro skellti í lás en Háskólinn í Reykjavík leigði braggann af Reykjavík og framleigði húsnæðið til veitingahússins í júní. Forsvarsmaður Braggans Bistro greindi frá því stuttu fyrir lokun að óvægin umfjöllun um frammúrkeyrslu Reykjavíkurborgar í Braggamálinu hefði ekki haft áhrif á rekstur veitingahússins. Braggamálið svonefnda var eitt af stærstu fréttamálunum árið 2018. Kostnaður við að gera upp bragga í Nauthólsvík hljóp hundruðum milljóna fram úr áætlunum og hefur meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur sætt harðri gagnrýni vegna málsins. Samkvæmt innri endurskoðun Reykjavíkurborgar var kostnaðareftirliti ábótavant og bæði reglur, lög og verkferlar virtir að vettugi.

Hatari í bobba

Eurovision-stjörnurnar í Hatara komust í hann krappan en hljómsveitinni var stefnt fyrir samningsbrot. Wiktoria Joanna Ginter, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Iceland to Poland, hélt því fram að samið hefði verið við Hatara í desember um að koma fram á hátíðinni. Nokkrum mánuðum seinna höfðu þeir öðlast heimsfrægð vegna þátttöku sinnar í Eurovision og þá sagði hún að þeir hefðu viljað fá meiri peninga fyrir að koma fram. Skaðabótakrafan hljóp á milljónum og var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í september.

Atli vann

Aðalmeðferð í máli Atla Rafns Sigurðssonar gegn Leikfélagi Reykjavíkur og Kristínu Eysteinsdóttur borgarleikhússtjóra hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur, en Atli fór í mál við leikfélagið því hann taldi ekki vera rétt staðið að uppsögn hans. Atla var sagt upp vegna þess að nokkrar konur kvörtuðu við Kristínu og sögðu að Atli hefði áreitt þær kynferðislega. Við aðalmeðferð sagðist Atli telja að uppsögn hans hefði komið til vegna lygasögu áhrifamanns innan leikhússins, leikarans og leikstjórans Bergs Þórs Ingólfssonar. Atli vann málið en Bergur vildi ekki tjá sig um þessar ásakanir í hans garð.

Barnaníðingakortin

Miklar umræður sköpuðust í kringum eintök helgarblaðs DV í september, en í þeim var birt kort og ítarleg umfjöllun um íslenska barnaníðinga. DV birti ekki full heimilisföng barnaníðinga heldur einungis í hvaða landshluta eða hverfum þeir búa, birti viðtöl við foreldra barna sem höfðu lent í klóm barnaníðinga og velti því upp hvort almenningur ætti að fá upplýsingar um hagi dæmdra barnaníðinga.

Tímamótasöfnun

Athafnakonan og gleðigjafinn Margrét Erla Maack hrinti af stað söfnun fyrir eigin fæðingarorlofi, en hún eignaðist nýlega sitt fyrsta barn. Margrét Erla hóf söfnunina til að vekja athygli á brotalömum í fæðingarorlofskerfinu. „Í fyrsta og mikilvægasta lagi að gera mér kleift að sinna barninu mínu fyrstu mánuði lífs þess. Í öðru lagi að benda á hversu flókið fæðingarorlofskerfið er fyrir þau sem kjósa að vinna sjálfstætt og flæða á milli verkefna. Eins og staðan er í dag er fæðingarorlof lúxus sem foreldrar í frumkvöðlastarfi og sjálfstætt starfandi geta takmarkað nýtt sér. Það álag sem óskýr svör hafa á barnshafandi konur ekki líðandi," sagði hún. Hún náði báðum markmiðum sínum.

Handval lögreglunnar

Stundin greindi frá því að fimm af tíu yfirstjórnendum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegna stjórnunarstöðu sem þeir fengu án auglýsingar. GRECO, samtök ríkja gegn spillingu, hafa gagnrýnt það ítrekað að „handvalið" sé í stöður innan lögreglunnar á Íslandi.

Yfirstjórnendurnir sem voru ráðnir án auglýsingar eru Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn, Helgi Valberg Jensson aðallögfræðingur, Karl Steinar Valsson yfirlögregluþjónn, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri og Theodór Kristjánsson yfirlögregluþjónn. Sá síðastnefndi er bróðir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, en hún skipaði Sigríði Björk lögreglustjóra.

Ákærðir fyrir smygl

Brynjar Steingrímsson, Dagur Kjartansson og Halldór Anton Jóhannesson voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Allir þrír eru fremur ungir, Brynjar og Dagur eru 23 ára og Halldór er 21 árs. Þeir eru sakaðir um hafa saman staðið að innflutningi á ríflega 16 kílóum af kókaíni. Í ákæru kemur fram að Brynjar hafi skipulagt smyglið meðan Dagur og Halldór hafi verið burðardýrin. Samkvæmt ákæru fóru þeir tveir til Frankfurt síðastliðinn maí. Þaðan tóku þeir lest til Amsterdam og hittu óþekkta einstaklinga um borð í lestarvagni, allt samkvæmt fyrirmælum Brynjars, að því er segir í ákæru.



Fegurst allra

Birta Abiba Þórhallsdóttir var krýnd Miss Universe Iceland eftir val alþjóðlegrar dómnefndar. Birta var fulltrúi Íslands í Miss Universe-keppninni í desember og komst í topp tíu.

Harmsaga móður

Elva Christina missti forræði yfir yngsta barni sínu þegar barnið var nokkurra daga gamalt. Elva sagði að Barnavernd ætlaði að taka barnið og senda til barnsföður hennar í Noregi. Elva byrjaði ung að drekka og fór í fyrsta sinn inn á Vog 14 ára. Hún varð ólétt að elsta barni sínu, dreng sem er átta ára, og missti forræði yfir honum haustið 2016. Málið vakti mikla athygli á sínum tíma en móðir Elvu, Helena Brynjólfsdóttir, rændi drengnum frá Noregi sama ár. Síðan fékk barnsfaðir drengsins forræði yfir honum. Miðjubarnið, drengur, er tveggja ára og flutti barnsfaðir hennar með drenginn til Noregs með samþykki Elvu í apríl 2019.

Vissir þú?

Sjónlag er eina stofan á landinu sem býður upp á alhliða þjónustu þegar kemur að sjónlagsaðgerðum.

PANTAÐU TÍMA Í FORSKOÐUN

s. 577 1001
sjonlag.is eða heilsuvera.is

LINSUSKIPTI
Einfókus-, fjölfókus- eða sjónskekkjuaugasteinar.

LASER – FEMTO LASIK
Femto Lasik aðgerðirnar eru algjörlega hníflausar.

SKÝ Á AUGASTEINI
Hjá okkur færðu nýjan endurbættan augastein á sanngjörnu verði og þarft ekki að bíða.

LINSUÍGRÆÐSLA
ICL linsuígræðsla hentar þeim sem hafa nærsýni, sjónskekkju og í sumum tilfellum fjarsýni en sérstaklega þeim sem geta ekki farið í laseraðgerð, t.d. vegna þunnra hornhimna eða mikils sjónlagsgalla.

Kynntu þér málið og fáðu upplýsingar um alla þá kosti sem eru í boði.

sjónlag
SJÁÐU BETUR

GLÆSIBÆ – ÁLFHEIMUM 74
5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

Misheppnuð endurreisn og leigustríð Lindu

Gísli Pálmi borinn þungum sökum ■ Harmleikur í Kópavogi ■ Gulldrengirnir í GAMMA

ViðskiptaMogginn greindi frá því í byrjun október að þeir aðilar sem hygðust hefja flugrekstur á Íslandi, WOW 2 og WAB, sem síðar fékk nafnið Play, ætluðu að opna bókunarkerfi sín þann 15. október. Upphafleg áætlun WOW gerði ráð fyrir að flug hæfust um miðjan október en því var frestað til desember. Play, þá WAB, áætlaði að hefja flug í lok nóvember á þessum tímapunkti. Flugsérfræðingar voru ekki sannfærðir, enda hræðilegur árstími til að hefja millilandaflug. WOW 2 er ekki enn farið á flug en búast má við því að flugfélagið verði komið í góðan gír þegar nálgast vorið. Markmið um að endurvekja starfsemi WOW eru enn í fullu gildi á þeim bænum. Hvað varðar Play þá er alls kostar óljóst hvenær flug hefst þar. Enn hefur ekki verið hægt að bóka einn einasta flugmiða.

Stormur í vatnsglasi

Femínistar brjáluðust yfir pistil Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra um eflingu á rannsókum kynferðisbrota og bætt viðmót við þolendur. Allt út af því að hún notaði orð sem þóknaðist ekki femínistum.

Má ekkert lengur?

Gísli Pálmi Sigurðsson, þekktur rappari, og vinkona hans, Ástrós Ósk Skaftadóttir, voru sökuð um innbrot og þjófnað á verðmætum í íbúðarhúsnæði í Árbæ í lok október. Kona sem tengist íbúum er urðu fyrir innbrotinu birti myndir af parinu á Facebook og staðhæfði að það hefði verið að verki. Gísli Pálmi tjáði sig um málið á Facebook: „BÍDDU VÁÁ! má maður bara ekkert lengur.. hahaha hva er að frétta.“ Málið fór sína leið hjá lögreglunni en ekki er ljóst hvort gefin hafi verið út ákæra.

Sorg í Salahverfi

Karlmaður fannst látinn í Salahverfi í Kópavogi í lok október. Samkvæmt heimildum DV virtist maðurinn hafa fallið til jarðar eftir að hafa verið að klifra utan á fjölbýlishúsi. Lögreglan varðist frétta af málinu en íbúum var brugðið.

Sagt upp á þremur mínútum

Uppsagnir héldu áfram á Sýn og var íþróttafréttamaðurinn Hörður Magnússon látinn taka pokann sinn eftir tuttugu ára starf hjá fyrirtækinu. „Á 3 mínútna fundi var mér fyrirvaralaust sagt upp störfum eftir tæplega 20 ár,“ sagði hann, en uppsögn hans reitti marga til reiði.

Eigið fé úr sjóðum GAMMA þurrkaðist út á einu ári. Voru gulldrengirnir í GAMMA sakaðir um að fegra stöðu félagsins og rannsóknar á rekstri sjóðsins var krafist úr ýmsum áttum.

Sakaður um gróft ofbeldi

Hlynur Kristinn Rúnarsson, fíkill í bata og stofnandi samtakanna Það er von, var sakaður um að beita fyrrverandi maka sína ofbeldi í umfjöllun Stundarinnar. Hlynur svaraði ásökunum á þá leið að hann hefði verið í neyslu. Viðmælendur Stundarinnar voru ósammála og sögðu hann einnig ofbeldisfullan edrú. Þá voru fagaðilar ekki sáttir við að Hlynur héldi fyrirlestra í skólum.

Leigustríð Lindu

Sagt var frá deilum Lindu Pétursdóttur, athafnakonu við fyrrverandi leigjanda sinn. Deilurnar vörðuðu lengd uppsagnarfrests, ástand húsnæðis og tryggingarfé. Við nánari skoðun DV virtist leigusamningur hafa verið ógildur frá upphafi, því Linda er ekki eigandi hússins, heldur barnsfaðir hennar.

Eltihrellir á Akranesi

DV sagði einnig frá eltihrelli sem gekk laus á Akranesi. Alma Dögg Torfadóttir var ein af þeim sem stigu fram en maðurinn hefur áreitt hana í tæpan áratug. Það tók Ölmu fimm ár að fá lögregluna á Akranesi til að taka mark á henni en enn hefur ekki náð að stöðva manninn. „Ég er svo reið að þetta skuli viðgangast,“ sagði Alma meðal annars.

Vafasöm heimsfrægð

Facebook-síðan 9 to 5 Life deildi myndbandi frá Íslandi þar sem maður sést ganga berserksgang í einni af verslunum Hagkaupa. Búið er að horfa á myndbandið rúmlega sjö milljón sinnum.

Reið Jóni Ársæli

Aðalmeðferð fór fram í máli Gyðu Drafnar Grétarsdóttur gegn Jóni Ársæli Þórðarsyni fjölmiðlamanni og RÚV. Málið varðaði umdeilt viðtal Jóns Ársæls við Gyðu í þáttunum Paradísarheimt. Í umdeilda þættinum ræddi Jón Ársæll við Gyðu Dröfn á meðan hún sat í afplánun inni á fangelsinu á Sogni. Ræddu þau meðal annars um erfið uppvaxtarár Gyðu og glímu hennar við fíkn. Snerist dómsmálið um það að Gyða hefði ekki fengið að gefa lokasamþykki fyrir þættinum eins og rætt var um við Jón Ársæl og RÚV. Svo fór að Gyða bar sigur úr býtum og fékk milljón króna í skaðabætur.

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

GULLÖLD SVEIFLUNNAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

5. JANÚAR KL. 20.00

Björgvin Franz Gíslason

KK

Stína Ágústsdóttir

Sigurður Flosason

STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason

Samherjaskjölin skekja samfélagið

Ásdís Rán og fjársvikahringurinn ■ Undarlegt kynlífstæki ■ Borgarafundurinn ógurlegi

Samherjaskjölin

Mál málanna í nóvember, og raunar enn, eru Samherjaskjölin sem skóku þjóðina. Uppljóstranir Kveiks og Stundarinnar hreyfðu við landanum í nóvembermánuði þegar uppljóstrarinn Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi starfsmaður Samherja, steig fram og sakaði Samherjamenn um stórtækar mútugreiðslur og spillingu í Namibíu til að komast yfir dýrmætan kvóta. Wikileaks birti tugi þúsunda gagna þessu til staðfestingar og þjóðfélagið fór á hliðina. Þorsteinn Már Baldvinsson steig til hliðar sem forstjóri Samherja og Jóhannes opnaði sig um líflátshótanir í sinn garð og ófrægingarherferð. Málið vakti heimsathygli og er ekki aðeins til rannsóknar hér á landi heldur víða um heim.

Leiðinlegi flokkurinn

Jón Gnarr boðaði nýtt stjórnmálaafl. Meðal stefnumála voru hærri skattar, boð og bönn. Ekki er ljóst hvort um grín eða alvöru er að ræða en aflið heitir Leiðinlegi flokkurinn.

Fyrirsæta og fjársvik

Önnur stórfrétt í nóvember var um fyrirsætuna Ásdísi Rán Gunnarsdóttur, Ísdrottninguna sjálfa. Hún er flækt í eitt stærsta fjársvikamál síðari ára sem teygir sig til 175 landa. Samkvæmt bandarísku alríkislögreglunni, FBI, náði besta vinkona Ásdísar Ránar, búlgarska athafnakonan Ruja Ignatova, að svíkja út tæpa þúsund milljarða íslenskra króna á heimsvísu áður en hún hvarf sporlaust í október árið 2017. Ekkert hefur spurst til hennar síðan þá og hafa lögregluyfirvöld víða um lönd reynt að hafa uppi á henni, líkt og vinkona hennar Ásdís Rán en hún er andlit fyrirtækisins sem talið er að standi á bak við svikamylluna. DV sagði fyrst frá málinu sem leitaði síðar í alla helstu fréttamiðla Íslands.

Trefill í brennidepli

Svo var það Katrín Jakobsdóttir sem mætti með Liverpool-trefil í sal Alþingishússins sama dag og stórleikur Liverpool og Napoli fór fram í Meistaradeild Evrópu. Ekki voru allir á eitt sáttir við þetta uppátæki en hún útskýrði mál sitt stuttu síðar: „Mér þykir mjög vænt um þennan trefil, eiginmaðurinn minn gaf mér hann.“

Piss and Play

Furðufrétt mánaðarins fjallaði um nýtt kynlífstæki sem kostar tæplega 17 þúsund krónur. Kynlífstækið sem um ræðir heitir „Piss to Ass Plug“ en eins og nafnið gefur til kynna þá gerir tækið fólki kleift að pissa upp í rassinn á sér. Já, það er margt skrýtið í kýrhausnum.

Umdeild Erna

Borgarafundur RÚV um loftslagsmál vakti mikla athygli en það má með sanni segja að Erna Ýr Öldudóttir hafi stolið senunni. Erna Ýr er það sem kallað hefur verið afneitunarsinni og hélt því fram í þættinum að þeir sem héldu loftslagsvánni hvað mest á lofti ættu fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Erna Ýr var bæði gagnrýnd og ausin lofi eftir þáttinn.

Spillingarstríð

Upp úr sauð í Silfrinu þegar Atli Þór Fanndal, fyrrverandi ráðgjafi Pírata, tók Jón Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega fyrir í beinni útsendingu og nefndi mörg dæmi um hvers vegna það væri full ástæða til að tala um Sjálfstæðisflokkinn og spillingu í sömu setningu. Jóni blöskraði en orðið var tekið af Atla þegar hann ætlaði að telja upp fleiri dæmi.

Mannvonskan

Það mál sem vakti hvað mesta reiði í samfélaginu, fyrir utan Samherjamálið, var þegar að kasóléttri konu frá Albaníu var vísað úr landi. Málið hefur verið harðlega gagnrýnt úr ýmsum áttum og margir hafa kallað á að útlendingalög verði endurskoðuð.

Í skásta falli heimskulegt

RÚV ákvað að auglýsa stöðu útvarpsstjóra lausa til umsóknar en vildi ekki birta lista yfir umsækjendur. Það hleypti illu blóði í marga, meðal annarra Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra, sem hafði þetta um málið að segja: „Þessi ákvörðun stjórnar RÚV er í skásta falli heimskuleg en jaðrar þó líklega frekar við að vera hreint hneyksli. Staða útvarpsstjóra er þeirrar gerðar að um hana, og þá sem sækja um hana, getur ekki og má ekki ríkja nein leynd.“ Svanhildur Hólm hefur verið orðuð við starfið en enginn ráðinn enn.

Hart mætir hörðu

Aktífistinn Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og leikkonan Steinunn Ólína Þorvarðardóttir háðu mikla ritdeilu vegna úrskurðar í máli Atla Rafns gegn Borgarleikhúsinu. Gengu hnúturnar á milli þeirra eins og enginn væri morgundagurinn þótt engin niðurstaða fengist í málið.



iPhone viðgerðir
facebook.com/biladursimi
780 7459
www.biladursimi.com
Bilaður Sími



Ferðafélag Íslands óskar
félagsmönnum og landsmönnum
öllum gleðilegs árs.
Þökkum samfylgdina á árinu.
Sjáumst á fjöllum á nýju ári!

Ferðafélag Íslands
www.fi.is

Ungur drengur týndi lífi í sprengilægðinni

■ Lögmaður með unglingapartí og eiturlyf ■ Drama í dansþætti ■ Costco-kóngurinn í bann

Dauðsfall í óveðri

Eitt af stóru málunum í desember var veðrið, sprengilægðin svokallaða. Mikið óveður geisaði um miðbik mánaðarins og þótt höfuðborgarbúar fyndu lítið fyrir því lék lægðin landsbyggðina grátt. Mikið tjón varð á mannvirkjum, en allt það fölnaði í samanburði við unga piltinn, Leif Magnús Grétarsson Thisland, sem féll í Núpá í Eyjafirði og lést. Leif fæddist í Noregi, átti norska móður og íslenskan föður. Hann flutti til Íslands eftir að móðir hans var myrt af fyrrverandi unnusta sínum. Leif féll í ána þegar hann var að hjálpa bónda að koma rafmagninu aftur á. Lík hans fannst nokkrum dögum síðar.

Dansdrama

Mest lesna frétt desember, og reyndar alls ársins, var hins vegar af öðrum toga og fjallaði um dansarann Javi Fernández Valiño sem rekinn var úr þáttunum Allir geta dansað því hann fór í taugarnar á dansfélaga sínum, Pólfaranum Vilborgu Örnu Gissurardóttur. Í samtali við DV sagði Javi þetta óheppilegt og að hann hefði haft gaman af því að dansa við Vilborgu.

Nágranni frá helvíti

Næstmest lesna frétt DV í desember fjallaði um Kristján Gunnar Valdimarsson, lektor við Háskóla Íslands og lögfræðing. Á heimili hans í vesturbæ Reykjavíkur hefur að sögn ríkt ófremdarástand og var hann sakaður um að bjóða unglingsstúlkum fíkniefni í skiptum fyrir kynlíf og hýsa vændiskonur. Lögreglan hefur margoft verið kölluð að heimili hans, í eitt sinn þegar Kristján var frelsissviptur, rændur og laminn.

Kóngurinn fallinn

Engilbert Arnar Friðþjófsson, oftast kallaður Costco-kóngurinn, var settur í bann í hópnum COSTCO – Gleði, hópi sem hann stofnaði og telur 36 þúsund Íslendinga. Svo virðist sem Facebook hafi talið Engilbert hafa farið yfir strikið í einhverri færslu hans en hann vildi bara gleðja meðlimi, sem voru að vonum í áfalli yfir banninu. „Engilbert Arnar er ómissandi fyrir þessa síðu," skrifaði ein kona til dæmis. Nú er Engilbert kóngur án Costco-kastala.

Ísland í dag

Hún var átakanleg frásögnin í DV af ástföngnu foreldrunum sem selja sig á íslenskum hótelum til að fjármagna eigin neyslu. Þeim hefur oft verið nauðgað og þau frelsissvipt. Þau hafa ekki séð börnin sín í sex mánuði og sjá enga leið út úr lífi sínu aðra en sjálfsvíg.

Enn deilt um tónlist

Fyrir Dag íslenskrar tónlistar voru valin þrjú lög, sem þjóðin gat sungið saman, af samtökum listamanna sem standa að deginum. Lögin í ár voru „Ammæli" með Sykurmolunum, „Enginn eins og þú" með Auði og „Froðan" með Geira Sæm. Enn á ný blossaði upp tónlistarreiði og gagnrýndu tónmenntakennarar lagavalið, fannst það óviðeigandi. Lagavalinu var ekki breytt.

Lekamálið

Myndbandi var lekið á YouTube þar sem samtal Jóhannesar Stefánssonar uppljóstrara og fyrrverandi eiginkonu hans var sýnt, líklegast til að koma höggi á Jóhannes. Í myndbandinu mátti heyra Jóhannes hóta fyrrverandi eiginkonu sinni en hann sagðist hafa beðist afsökunar á athæfi sínu: „Á þessu tímabili upplifði ég mig í mikilli lífshættu. Ég var örvinglaður og tókst á við aðstæðurnar með því að drekka áfengi. Ég sagði hluti sem ég hef ætíð séð eftir og hef gengist við því og beðið alla hlutaðeigandi aðila afsökunar."

Sett ofan í við Heiðrúnu

Sem fyrr var hart tekist á í Silfrinu þegar að Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, rökræddu um kvóta og sjávarútveg. Heiðrún hafnaði því að íslensk útgerðarfyrirtæki væru með víðtæk fyrirtækjanet erlendis. Þau rök tætti Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingkona Pírata, í sig og birti lista um aflandseignir fólks í sjávarútvegi.

Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Rekstrarumsjón

SALTKAUP EHF

Krambúðin

SVN
Síldarvinnslan hf

HELGI SELJAN ER MA

- Miðjan í afhjúpun ársins
- Tekur við titlinum fyrir hönd stórs hóps
- Sigmundur Davíð í þriðja sæti

> Ég held að ég sé ekki einn að velta því fyrir mér nákvæmlega á hvaða vegferð þeir eru í þessu

AÐUR ÁRSINS 2019

Erla Dóra
erladora@dv.is

Lesendur DV hafa valið mann ársins 2019. Að þessu sinni hlaut rannsóknarblaðamaðurinn Helgi Seljan titilinn, en hann hefur verið áberandi í umfjöllun um Samherjamálið svokallaða sem fréttaskýringaþátturinn Kveikur, í samstarfi við Wikileaks, Stundina og Al Jazeera, afhjúpaði í nóvember með aðstoð uppljóstrarans Jóhannesar Stefánssonar. Í umfjölluninni var upplýst um ólöglegar mútugreiðslur sem Samherji hafði greitt til embættismanna í Namibíu til að komast yfir fiskkvóta.

Málið þykir skólabókardæmi um spillingu og um það hvernig fyrirtækjum og aðilum sem hafa aðgang að miklu fjármagni finnst þeir yfir lög og reglur hafna. Gróðinn skipti öllu en það sem er rétt og siðlegt látið mæta afgangi.

Mjótt á munum á 2. og 3. sæti

Helgi Seljan hlaut sannfærandi kosningu sem maður ársins, með rúmlega 27 prósent atkvæða og hafði betur gegn Jóhannesi Stefánssyni, uppljóstraranum í Samherjamálinu, sem hafnaði í öðru sæti í kosningu lesenda, og einnig gegn Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Miðflokksins, sem hafnaði í þriðja sæti. Afar mjótt var á munum með 2. og 3. sætið, en Jóhannes hlaut 13,88 prósent atkvæða á meðan Sigmundur fékk 13,71 prósent. Sigmundur varð áberandi á árinu í tengslum við umræður um Orkupakka þrjú og þótti mörgum það hugað af honum að fara gegn meirihluta þingsins og tefja atkvæðagreiðslu með málþófi.

Jóhannes hins vegar á líka sinn hlut í sigri Helga Seljan, en án hans hefði Samherjamálið að líkindum aldrei verið opinberað. Jóhannes starfaði fyrir Samherja í Namibíu og hafði milligöngu um mútugreiðslur þar til hann hætti störfum árið 2016. Hann afhenti Wikileaks tölvupóst sinn og minnisskjöl sem hafa nú verið birt að mestu á netinu og kallast Samherjaskjölin.

Þegar DV hafði samband við Helga til að tilkynna honum um sigurinn kom hann því strax á framfæri að hann hefði ekkert eyland verið í þessu verkefni og taki hann því við titlinum sem fulltrúi allra þeirra sem komu að uppljóstruninni.

„Í það fyrsta er ég mjög þakklátur að vera valinn maður ársins en finnst samt svolítið eins og ég sé að skilja samstarfsfólk mitt útundan. Hvort sem það eru Aðalsteinn og Stefán eða auðvitað Kristinn Hrafn, samstarfsfólkið mitt í Kveik, Þóra Arnórs, Rakel. Ég tala nú ekki um uppljóstrarann Jóhannes og aðra uppljóstrara í málinu.“

Fríið varð að engu

Þegar Samherjamálið kom inn á borð til Helga var hann á leið í ótímabundið leyfi frá störfum sínum fyrir Kveik.

„Kristinn hringir í mig og biður mig að koma að hitta mann, sem reyndist vera Jóhannes. Þetta var í október á síðasta ári. Ég fór þannig ekkert í neitt ótímabundið leyfi, nema í bara smástund. Ég man ekki hvort málið hafi komið til mín daginn áður eða daginn eftir að ég fór í leyfi. Þannig að leyfið varð voðalega lítið leyfi.“

Helgi ætlaði í leyfi sökum streitu og kulnunar í starfi, en endaði með því að henda sér strax aftur ofan í djúpu laugina og tók að sér Samherjamálið, ásamt öðrum, og vann að því hörðum höndum næsta árið.

„Hljómar kannski ekkert rosalega gáfulega, en maður lærir kannski aðeins um sjálfan sig. Ég vinn bara með svo öflugum hópi og það er kannski það sem maður hefur lært, að þó að maður sé kannski ekki auðveldasti maðurinn til að vinna með í hópi þá er það samt alltaf betra.“

Náttúrlega bara ógeðslegt

Í kjölfar þess að Kveikur greindi landsmönnum frá Samherjamálinu hefur Samherji ítrekað reynt að bera hendur fyrir höfuð sér. Hafa þeir vænt Kveik, Wikileaks og fleiri um að hagræða sannleikanum til að mála fyrirtækið í slæmu ljósi. Eins hafa margir kennt Samherja um myndband sem var lekið á dögunum þar sem heyra mátti einkasamtal milli Jóhannesar og fyrrverandi maka hans.

En hefur Helgi Seljan orðið fyrir miklu persónulegu áreiti vegna málsins?

„Nei, ég myndi ekki segja það. Ekki þannig sko og ekkert viðlíka og það sem Jóhannes hefur lent í sem er náttúrlega bara ógeðslegt og ekki öll sagan verið sögð af því enn þá. En auðvitað eru menn ósáttir og þannig, en það hefur ekki orðið neitt vesen.“

Viðbrögð Samherja við uppljóstruninni komu Helga að hluta til á óvart.

„Það er náttúrlega svolítið viðbúið, en kannski í þessu tilviki líka svolítið óviðbúið. Ég held að ég sé ekki einn um að velta því fyrir mér nákvæmlega á hvaða vegferð þeir eru í þessu. En auðvitað er kannski eðlilegt að menn standi frami fyrir sérkennilegum ákvörðunum í svona aðstæðum. Því þetta er svo stórt og alvarlegt mál og langt í frá bundið bara við Ísland.“

Stærsta málið

Samherjamálið er stærsta málið sem Helgi vinnur á álíka alþjóðlegum grundvelli.

„Já, ég held það. Allavega svona. Ég hef verið í samstarfi áður, Panamaskjölin til dæmis, og við aðstoðuðum einu sinni eða tókum þátt í að taka viðtöl út af þessu Ericsson-mútumáli á sínum tíma. Þá var rúmenskur uppljóstrari sem var staddur á Íslandi og við tókum viðtal við hann. En þetta er ekkert í líkingu við neitt sem maður hefur gert áður, það er eitt stærsta fyrirtæki á landinu sem tengist þessu.“

Hins vegar telur hann að tíminn muni leiða í ljós hvort málið sé það stærsta á ferli hans hingað til.

„Það á kannski bara eftir að koma í ljós held ég. Varðandi vinnu og umfang þá hefur þetta klárlega verið það, en svo eigum við eftir að sjá hvernig mun spilast úr þessu. Það er enn þá spennandi að fylgjast með því hvað mun gerast. Það eru sjö menn í fangelsi núna í Namibíu. Það er rannsókn í gangi hér, í Namibíu og yfirvöld á fleiri stöðum að skoða málið.“

Í aðdraganda Kveiksþáttarins var vinnan og biðin farin að taka á. „Ég þakka strákunum [Stefáni og Aðalsteini] fyrir að hafa haldið geðheilsunni minni gangandi. Við vorum í einangrun í marga mánuði að vinna þetta, því það er ekki sjálfgefið að geta haldið svona máli hljóðu á þessu landi þar sem allt fréttist. Við gátum ekki mikið verið í samneyti við annað fólk því við vorum svo hræddir um að kjafta eitthvað af okkur. Þetta var erfitt.“

Nett sjokk að sjá þetta

Helgi fékk áfall þegar hann varð vitni að stéttaskiptingunni og fátæktinni í Namibíu.

„Það er ofboðslega tvískipt samfélag. Það var lengi vel mesti munur á ríkum og fátækum í Namibíu. Þar var allt bókstaflega svart hvítt þar sem hvítir menn áttu allt en svartir ekkert. Og það er enn gífurlegur munur og fátæktin, þar sem hún er, er ömurleg, sérstaklega þegar maður veit hversu mikið er til af peningum í landinu og hvað það er mikið til að af auðlindum í landinu. Þá er ömurlegt að horfa upp á þetta því maður veit að þetta þarf ekki að vera svona, þannig maður verður fyrir alveg nettu sjokki að sjá þetta.

Líka í Angóla, þegar við fórum þangað. Það er land sem er stútfullt af olíu en samt þurftum við að keyra á milli bensínstöðva til að reyna að fá bensín, því

það var ekkert bensín til á bensínstöðvunum þrátt fyrir að landið eigi líklega meiri olíu en Noregur. Það fer bara öll olían út úr landinu.

Angóla er kannski skör spilltari en Namibía, sem er í rauninni að mörgu leyti mikið fyrirmyndarríki. Stjórnarskráin þeirra er til að mynda mun framsæknari en okkar og eins löggjöfin. Þau búa samt við þannig ástand að það er einn stjórnmálaflokkur sem ræður öllu og hefur fengið að móta samfélagið svolítið að sér.“

En hvað var það sem lokkaði Helga út í rannsóknarblaðamennsku?

„Ég held að í eðli sínu þá hafi það heillað mig, þegar ég fór að vinna sem blaðamaður, að þá fannst mér ljóst að það þyrfti að gera eitthvað meira. Okkur, því miður, er skammtaður naumur tími og enn minni peningur í dag en þegar ég var að byrja. Það er alveg vandamál. Maður sér það á máli eins og þessu að ef maður getur gefið sér tíma, og ekki er þetta spurning um ógurlegan pening, ekki eins og við höfum fengið einhvern yfirtíma í þessu máli. Þetta er líka spurning um menningu á miðlunum. Ég tel til dæmis að við þurfum mun færri, en betri fréttir.

Margt við þetta mjög heillandi. Þetta er spennandi. Þó svo auðvitað geti þetta verið óspennandi. Það er minna til dæmis talað um hvað við getum eytt miklum tíma, oftast frítíma okkar, í að eltast við eitthvað sem svo reynist ekki vera neitt. Þá þarf maður að vera tilbúinn að slaufa því sem slaufað verður. Það getur fylgt þessu starfi svolítil þráhyggja. Ef maður er búinn að bíta eitthvað í sig, sannfæra sig um að eitthvað mál sé einhvern veginn og einhvern veginn, þá þarf maður að ná að sannfæra sig um að bakka. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir hversu oft þetta gerist, að við þurfum að bakka, en ekki að það sé vegna þess að okkur sé sagt að gera það, það er mikill misskilningur að það sé alltaf verið að stýra okkur eða banna okkur eitthvað, ég held að mér hafi aldrei, og ég hefði munað það, á ferlinum verið bannað að gera einhverja frétt.

Við erum sjálf að vinna þessa vinnu, allt út frá okkar bestu samvisku og vitneskju, til að segja satt og rétt frá, sem er aðalmálið. Þá er ofboðslega erfitt, þegar maður hefur eytt tíma í eitthvað að segja bara „þetta er ekki fréttin sem við héldum“ og fara svo að gera eitthvað annað. Ég held að það sé mesta kúnstin í þessu, að geta bakkað.“

Hvað tekur núna við?

„Ég er á smá tímamótum í lífi mínu. Það er mjög sérstakt að í sömu viku og ég er að standa í þessu, og þótt ég sé þakklátur fyrir að vera maður ársins, þá var afi minn og nafni að deyja og verður jarðaður á föstudaginn. Svo var ég að eignast barn meðan á öllu þessu stóð, svo ég er rétt að verða málkunnugur núna eftir að ég fór í smá fæðingarorlof.

Núna á ég inni fæðingarorlof og ég ætla að eyða því með syni mínum og svo ætlum við að athuga hvort við komum allavega öðrum okkar inn á leikskóla en það verður alveg nóg að gera sýnist mér.“

Eitthvað að lokum?

„Ég er þakklátur, en eins og ég segi, ég lít þannig á þetta að það sé verið að verðlauna allan hópinn. Mér þykir þægilegra að horfa á það þannig. Ég er mjög þakklátur og finnst gaman að fólk sé að fylgjast með því sem við erum að gera. Þetta var erfiður og langur tími, en nú tekur annað við.“ ■

Myndir: Eyþór Árnason

ÍSLENSKI NÝLENDUHERRANN

Þorsteinn Már valinn Skúrkur ársins ■ Sagður Al Capone norðursins

DV ákvað í ár að leyfa lesendum að senda inn tilnefningar til Skúrks ársins samfara því að tilnefna Mann ársins. Tilnefningarnar voru fjölmargar en þegar opið hafði verið á innsendingar í viku á vef DV var ljóst að Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, en nú í leyfi, fengi langflestar tilnefningar. DV tók þessar tilnefningar og setti þær í nafnlausa dómnefnd og þar var einróma samþykkt að veita Þorsteini Má þennan vafasama titil.

Því eru Maður og Skúrkur ársins í DV bundnir böndum, þar sem það var meðal annars Helgi Seljan sem ljóstraði upp um vafasama og jafnvel glæpsamlega starfshætti Samherja í Namibíu.

Hann er kallaður Mái

Þorsteinn, eða Mái eins og hann er kallaður af sveitungum sínum fyrir norðan, nældi sér í skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1974 og útskrifaðist sem skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Högskole árið 1980. Þorsteinn eignaðist Samherja árið 1983 ásamt frændum sínum, Þorsteini og Kristjáni Vilhelmssonum. Upphafið að þessu útgerðarveldi má rekja til þess að Mái sá ryðkláf liggja í höfninni í Hafnarfirði, togarann Guðstein GK sem gerður hafði verið út frá Grindavík með lélegum árangri. Mái hugsaði sér gott til glóðarinnar og taldi tilvalið að breyta Guðsteini í frystitogara, enda hafði hann sérhæft sig í að frystivæða togara. Mái sannfærði Þorstein, sem þá var skipstjóri, og Kristján, sem þá var vélstjóri, um að taka þátt í ævintýrinu og svo fór að þremenningarnir náðu samkomulagi við Landsbankann um að kaupa útgerðina og Samherji hf. varð til. Þorsteinn varð skipstjóri á togaranum, Kristján varð yfirvélstjóri og Mái sá um útgerðina í landi. Allt gekk þetta eins og í sögu og árið 1985 keypti Samherji helming Hvaleyrar í Hafnarfirði, fyrirtæki sem stundaði alhliða fiskvinnslu og útgerð togarans Víðis. Þá var útgerðarævintýrið hafið. Þremenningarnir voru kallaðir sægreifar, Samherji „norðlenska spútnikfyrirtækið“ og Mái talinn „efnilegasti frumkvöðull Íslands.“

Stríðið í Seðlabankanum

Áður en Samherjaskjölin litu dagsins ljós stóð Þorsteinn Már í stappi við Má Guðmundsson, þáverandi seðlabankastjóra, og hafði gert allar götur síðan húsleit var framkvæmd í Samherja árið 2012 vegna meintra brota fyrirtækisins á gjaldeyrislögum. Fyrirtækið var aldrei ákært. Samherji hefur höfðað skaðabótamál á hendur Seðlabankanum en stuttu fyrir umfjöllun Kveiks um meintar mútugreiðslur og spillingu beindi Þorsteinn Már spjótum sínum einnig að RÚV og Helga Seljan og telur ljóst að gagnaleki úr Seðlabanka til RÚV hafi átt sér stað. Fullyrti hann að Helgi Seljan og RÚV væru einnig gerendur í málinu.

Stuttu eftir að Samherjaskjölin opinberuðust steig Þorsteinn Már tímabundið úr stóli forstjóra Samherja á meðan á rannsókn á meintum brotum stæði yfir. Óljóst er hvað það getur tekið langan tíma og alls kostar óvíst hvort hann snúi einhvern tímann aftur. ■

> Fyrir að arðræna eina fátækustu þjóð veraldar eftir að hafa rænt Íslendinga og sölsað undir sig 1/7 fiskveiðikvóta með svikum og prettum. Það var ekki nóg að Samherji fengi u.þ.b. 2.000 tonna þorskígildiskvóta frítt, svokallaðan skipstjórakvóta, heldur þá fyrst byrjaði ballið með Sjálfstæðisflokkinn sem tryggingu á bak við sig, ráðherra og þingmenn.“

Meðal ummæla sem lesendur létu falla um Þorstein Má, til að rökstyðja tilnefningu til Skúrks ársins

> Fyrir að taka þátt í mútugreiðslu og spillingu og misnota fátæka þjóð sjálfum sér til framdráttar

> Al Capone er eins og kórdrengur hliðina á honum

> Arðræningi af verstu gerð og skammast sín ekkert fyrir það

> Hagar sér eins og nýlenduherra

> Samherjaskipstjóri sem flúði fyrstur sökkvandi skip

VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin

ht.is

LOKAÐ Í DAG FÖSTUDAG VEGNA TALNINGAR

RISA ÚTSALAN

HEFST Á MORGUN!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

ÞAU FÉLLU FRÁ Á ÁRINU

Blessuð sé minning þeirra sem féllu frá árið 2019

Birgir Ísleifur Gunnarsson
19.07.1936–28.10.2019

Birgir varð stúdent frá MR árið 1955 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1962. Birgir lét snemma að sér kveða í stjórnmálum og á sínum yngri árum var hann formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands, formaður Heimdallar og formaður SUS. Hann átti sæti í borgarstjórn frá 1962 til 1982 og var borgarstjóri frá 1972 til 1978. Þá var hann alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokk frá 1979 til 1991 og var menntamálaráðherra árin 1987 til 1988 í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Birgir Ísleifur var skipaður seðlabankastjóri árið 1991 og formaður bankastjórnar 1994 og gegndi hann því starfi þar til hann fór á eftirlaun árið 2005.

Hörður Sigurgestsson
02.06.1938–22.04.2019

Hörður var ráðinn forstjóri Eimskipafélags Íslands árið 1979. Hann lét af starfi forstjóra árið 2000. Hann sat í stjórn Flugleiða 1984–2004. Hörður var virkur í Sjálfstæðisflokknum og sat meðal annars í stjórn SUS og fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Eftirlifandi eiginkona Harðar er Áslaug Ottesen bókasafnsfræðingur, fædd 1940. Börn þeirra eru Inga, fædd árið 1970, og Jóhann Pétur, fæddur árið 1975. Hann átti fimm barnabörn.

Helgi Seljan
15.01.1934–10.12.2019

Helgi lét mikið af sér kveða í íslensku þjóðlífi og sat á þingi fyrir Alþýðubandalagið. Hann sat í bankaráði Búnaðarbanka Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1973–1986. Hann var formaður Landssambandsins gegn áfengisbölinu 1988–1994, í áfengisvarnarráði 1987–1995 og í tryggingaráði 1989–1991. Eftirlifandi kona Helga er Jóhanna Þóroddsdóttir. Börn þeirra eru Helga Björk, Þóroddur, Jóhann Sæberg, Magnús Hilmar og Anna Árdís. Alls eru afkomendurnir 34. Fjölmiðlamaðurinn og nafni, Helgi Seljan, er barnabarn hans.

Óskar Ellert Karlsson (Skari skakki)
28.07.1954–12.07.2019

Óskar gekk undir viðurnefninu Skari skakki og undi því vel. Hann taldist til utangarðsmanna en var þekktur að einstöku ljúflyndi, kurteisi og fágun í framkomu. Óskar þótti með skemmtilegri mönnum og var vinsæll af samborgurum sínum. Á unga aldri blómstraði hann við ýmis störf, meðal annars sem fyrsti launaði hljómsveitarótarinn hér á landi.

Þorvaldur Þórarinsson
12.11.1969–26.03.2019

Þorvaldur var einn af frumkvöðlunum hér á landi í frisbígolfi og varð sex sinnum Íslandsmeistari í þeirri íþrótt.

Haraldur Reynisson (Halli Reynis)
01.12.1966–15.09.2019

Halli Reynis starfaði lengi sem tónlistarmaður, hann gaf út sína fyrstu plötu árið 1993 og gaf alls út 8 sólóplötur á ferli sínum. Hann var menntaður grunnskólakennari og hafði starfað sem tónlistarkennari í Öldusels-skóla undanfarin ár.

Bjarki Már Sigvaldason
12.04.1987–27.06.2019

Bjarki lést á líknardeild Landspítalans eftir 7 ára baráttu við krabbamein. Hann lét eftir sig eiginkonu, Ástrósu Rut Sigurðardóttur, og unga dóttur, Emmu Rut. Bjarki spilaði knattspyrnu með meistaraflokki HK og voru þau Ástrós ávallt opin með sjúkdóminn. Ástrós tilkynnti andlát síns heittelskaða á samfélagsmiðlum og skrifaði meðal annars: „Þú ert besti maður sem ég hef kynnst, svo klár, góðhjartaður og með fallega og skýra hugsun. Þessi dásamlegu fótboltalæri munu ávallt lifa með mér, þú varst einfaldlega toppurinn á tilverunni í mínu lífi! Að sjá þig dúllast með Emmu var einstök gjöf, þú ert svo yndislegur pabbi. Ég elska þig meira en allt ástin mín, að eilífu.“

Ásgeir Magnús Sæmundsson (Geiri Sæm)
29.11.1964–15.12.2019

Ásgeir stundaði tónlistarnám og byrjaði ungur að semja tónlist. Eftir hann liggja fjórar hljómplötur sem hann gaf út ásamt félögum sínum í Pax Vobis og Hunangstunglinu sem og fjöldinn allur af óútgefnu efni. Geiri söng, lék á gítar og hljómborð og samdi fjölda laga og texta. Þekktust eru lögin Sterinn, Er ást í tunglinu, Rauður bíll og Froðan sem hefur tvisvar komið út. Eftirlifandi eiginkona Ásgeirs er Anna Sigrún Auðunsdóttir og dætur þeirra eru Sonja og Ásgerður.

Magnús Ingi Magnússon
19.05.1960–28.11.2019

Magnús var lengi kenndur við veitingastaðinn Texasborgara, sem var opnaður árið 2012 og lokað fimm árum síðar. Á seinni árum rak hann tvo aðra veitingastaði, Sjávarbarinn og Matarbarinn. Magnús var einnig þekktur fyrir lauflétta og fyndna sjónvarpsþætti sína um ferðalög og matreiðslu. Hann var lengi með sjónvarpsþátt á ÍNN, Eldhús meistaranna, og fór hann þar oft á kostum. Matreiðslumeistarinn vakti mikla athygli árið 2016 er hann bauð sig fram til embættis forseta Íslands. Eftirlifandi eiginkona Magnúsar er Analisa Monticello.

Björgvin Guðmundsson
13.09.1932–09.04.2019

Björgvin starfaði lengi sem blaðamaður en síðar tók hann þátt í stjórnmálum. Hann var borgarfulltrúi og borgarráðsmaður fyrir Alþýðuflokkinn í tólf ár. Á seinni árum ritaði hann fjölda þjóðmálagreina sem birtust í fjölmiðlum. Hin síðari ár beitti hann sér í ríkum mæli fyrir bættum kjörum aldraða.

Snorri Ingimarsson
22.02.1948–14.08.2019

Snorri var forstjóri Krabbameinsfélagsins. Hann nam læknisfræði í Kaupmannahöfn og krabbameinslækningar voru sérgrein hans. Snorri var einn af stofnendum Styrks, samtaka krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Elías Hergeirsson
19.01.1938–7.10.2019

Elís var knattspyrnumaður í KR og Val og varð nokkrum sinnum Íslandsmeistari og Reykjavíkurmeistari í yngri flokkum. Hann lék einnig 100 leiki með meistaraflokki á árunum 1956 til 1962 og varð Íslandsmeistari árið 1956. Elías kvæntist Valgerði Önnu Jónasdóttur og eignuðust þau fjögur börn saman.

Framhald á síðu 44

Hreint loft betri heilsa

Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróum, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.

HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 15.960

HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 35.850

HPA100WE. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hljóðlát stilling. Verð kr 18.890

HPA710WE HEPA sía, gróf sía, kola sía, ION kerfi. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hljóðlát stilling. Verð kr 49.920

Láttu þér líða vel - innandyra

Honeywell

Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

Atli Eðvaldsson
03.03.1957–02.09.2019

Atli féll frá eftir hetjulega baráttu við krabbamein, en hann hafði tjáð sig ítarlega um baráttuna við meinið. „Ég sagði við krabbameinið, við erum hérna tvö. Ef þú ætlar að vinna deyjum við bæði. Við þurfum að reyna að komast að samkomulagi um að finna milliveg, þannig að við höldum okkur báðum á lífi. Það sem líkaminn getur búið til getur líkaminn líka tekið til baka," sagði hann í viðtali við Bylgjuna í apríl, en Atli fór óhefðbundnar leiðir í leit að lækningu. Atli lék með al annars með Borussia Dortmund, Fortuna Düsseldorf og fleiri liðum. Atli var landsliðsþjálfari frá 1999 til 2003 en hann þjálfaði fjölda liða.

Birna Sif Bjarnadóttir
02.09.1981–27.06.2019

Birna Sif var skólastjóri Ölduselsskóla og varð bráðkvödd að heimili sínu, 37 ára að aldri. Hún lét eftir sig eiginmann og þrjár dætur. Birna starfaði í áratug sem kennari við Ölduselsskóla. Síðan tók hún við sem deildarstjóri einn vetur í Flataskóla í Garðabæ, var aðstoðarskólastjóri einn vetur í Breiðholtsskóla og loks sneri hún aftur í Ölduselsskóla á síðasta ári sem skólastjóri.

Margeir Dire Sigurðarson
12.04.1985–30.03.2019

Margeir lést í Berlín þar sem hann var búsettur. Óhætt er að segja að Margeir hafi verið meðal efnilegustu listamanna Íslands. Hann stundaði nám á myndlistarbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri, Myndlistarskólanum á Akureyri, Lahti Institude of Fine arts og Art direction í IED Barcelona. Hann var þekktur fyrir myndsköpun í mismunandi miðla svo sem vegglistaverk, strigamálverk, teikningar, vídeó, tónlist, hönnun og listræna stjórnun. Margeir hélt fjölda einkasýninga bæði hér á landi og erlendis.

Jensína Andrésdóttir
10.11.1909–18.04.2019

Jensína var elst allra þeirra sem hafa átt heima hér á landi. Hún var í fimmta eða sjötta sæti yfir elstu íbúa á Norðurlöndum. Nú er því Dóra Ólafsdóttir, búsett í Kópavogi, elsti núlifandi Íslendingurinn en hún varð 107 ára í júlí.

Ingveldur Geirsdóttir
19.11.1977–26.04.2019

Ingveldur hóf störf hjá Morgunblaðinu árið 2005 og var blaðamaður fyrir Daglegt líf og menningardeild blaðsins áður en hún hóf störf á fréttadeild. Ingveldur fór yfir til Stöðvar 2 áramótin 2013 en flutti sig aftur á Morgunblaðið undir lok þess árs. Ingveldur sat í stjórn Blaðamannafélags Íslands, fyrst í varastjórn árin 2014–2015 og síðan í aðalstjórn árin 2015–2019. Eftir að Ingveldur greindist með krabbamein árið 2014 starfaði hún um tíma með samtökunum Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur.

Salvatore Torrini
09.06.1946–18.11.2019

Salvatore, faðir söngkonunnar Emilíönu Torrini, var frá Napólí í Ítalíu. Hann kom til landsins fyrir tæplega 50 árum. Salvatore rak vinsæla veitingastaðinn Ítalíu í Reykjavík.

Atli Magnússon
26.07.1944–14.06.2019

Atli var mikilvirtur þýðandi. Hann þýddi margar bækur sem teljast til heimsbókmennta, svo sem bækur eftir Scott Fitzgerald, Josep Conrad, Thomas Hardy, Truman Capote og Johannes V. Jensen. Atli starfaði lengi við blaðamennsku, fyrst sem prófarkalesari á Þjóðviljanum, síðan á Alþýðublaðinu og Tímanum þar sem hann starfaði sem blaðamaður. Eftir að Tíminn var lagður niður starfaði hann alfarið við þýðingar.

Dagfinnur Stefánsson
22.11.1925–16.06.2019

Dagfinnur var frumkvöðull í íslenskri flugsögu og flaug vel yfir 30.000 flugtíma á ævi sinni. Hann starfaði sem flugstjóri fyrir meðal annars Loftleiðir, síðar Flugleiðir og Air Bahama og Cargolux, dótturfélag Loftleiða, en Dagfinnur var flugstjóri í fyrstu ferð þess félags. Dagfinnur flaug víða um heim og sinnti sjálfboðastarfi. Dagfinnur sat til dæmis í stjórnum Loftleiða, Flugleiða og Lífeyrissjóðs flugmanna. Dagfinnur var sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu þann 17. júní 2014 fyrir brautryðjandastörf á vettvangi flug- og samgöngumála.

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir
08.11.1955–02.04.2019

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir, eða Pála eins og hún var alltaf kölluð, var þroskaþjálfi og brautryðjandi í baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Hún lést á sjúkrahúsi í Danmörku eftir erfið veikindi. Pála lauk námi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands árið 1977 og starfaði við sitt fag fram til 1996 er hún flutti búferlum til Danmerkur þar sem hún starfaði lengst af sem þroska- og markþjálfi og meðferðarráðgjafi. Sigrún Pálína varð á vörum þjóðarinnar er hún steig fram og sakaði Ólaf Skúlason biskup Íslands um kynferðisofbeldi.

Birgir Sigurðsson
28.08.1937–09.08.2019

Birgir var afkastamikið skáld og eftir hann liggur fjöldi verka. Þekktasta leikverk Birgis er án vafa Dagur vonar sem frumsýnt var árið 1987. Hans fyrsta verk, Pétur og Rúna, vakti einnig mikla athygli og vann 1. verðlaun í samkeppni Leikfélags Reykjavíkur árið 1982. Birgir var gerður að heiðursfélaga Rithöfundasambands Íslands í maí 2019. Eftirlifandi eiginkona Birgis er Elsa Vestmann Stefánsdóttir. Hann átti fjögur stjúpbörn og þrjú börn með fyrrverandi eiginkonu sinni, Jóhönnu Steinþórsdóttur.

Atli Heimir Sveinsson
21.09.1938–21.04.2019

Atli Heimir var einn af upphafsmönnum nútímatónlistar á Íslandi. Atli var kjörinn meðlimur í Konunglegu sænsku tónlistarakademíunni1993 og var staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2004–2007.

Karólína Lárusdóttir
12.03.1944–07.02.2019

Karólína nam myndlist í Englandi, í Sir John Cass College á árunum 1964 til 1965. Að því loknu stundaði hún nám við Ruskin School of Fine Art í Oxford. Þaðan útskrifaðist hún árið 1967. Karólína bjó og starfaði í Bretlandi um árabil og var myndlist hennar mótuð af meginstraumum breskrar myndlistarhefðar, en myndheimur hennar var íslenskur. Myndefni sitt sótti hún ekki síst í æskuminningar sínar, meðal annars af mannlífinu á Hótel Borg á árum áður og sömuleiðis af farþegum og starfsfólki um borð í MS Gullfossi. Karólína hélt fjölda einkasýninga um heim allan; í Bretlandi, Danmörku, Frakklandi og Suður-Afríku.

Fanney Eiríksdóttir
10.03.1987–07.07.2019

Fanney lést á líknardeild Landspítalans eftir harða baráttu við leghálskrabbamein. Hún og eftirlifandi eiginmaður hennar, Ragnar Snær Njálsson, töluðu opinskátt um sjúkdóminn. Fanney greindist með krabbameinið þegar hún var hálfnuð með meðgöngu annars barns þeirra, Eriks Fjólars. Erik var tekinn með keisaraskurði eftir 29 vikna meðgöngu og þurfti Fanney að undirgangast fjölmargar geisla- og lyfjameðferðir.

Jón Helgason
04.10.1931–02.04.2019

Jón var alþingismaður Suðurlands á árunum 1974 til 1995 fyrir Framsóknarflokkinn. Hann var landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðherra 1983–1987 og landbúnaðarráðherra 1987–1988. Eiginkona hans var Guðrún Þorkelsdóttir og börn þeirra Björn Sævar Einarsson, fóstursonur, Helga og Bjarni Þorkell.

Gabríel Jaelon Skarpaas Culver
17.07.1998–09.11.2019

Gabríel varð nokkuð þekktur sem fyrirsæta en framtíðaráform hans fólust í rafvirkjun. Hann var vinmargur og vinsæll meðal unga fólksins í hinum ýmsu listgreinum á Íslandi.

Kristín Sveinbjörnsdóttir
13.10.1933–09.06.2019

Á árunum 1963–1982 vann Kristín við þáttagerð hjá Ríkisútvarpinu og hafði þá meðal annars umsjón með þættinum Óskalögum sjúklinga í 15 ár. Sá þáttur var lengi við lýði hjá Ríkisútvarpinu og var einn sá vinsælasti. Kristín varð fyrsta konan til að sitja í stjórn Golfsambands Íslands og gerði það á árunum 1982–1985.

Ragnar S. Halldórsson
01.09.1929–07.08.2019

Ragnar lauk M.Sc.-prófi í byggingaverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn 1956. Sama ár hóf hann störf hjá Bandaríkjaher á Keflavíkurflugvelli og var yfirverkfræðingur og síðar framkvæmdastjóri verkfræðideildar sjóhersins. Hann varð forstjóri ÍSAL 1969 og gegndi því til 1988. Eftir það gegndi hann stöðu formanns stjórnar ÍSAL.

Ingibjörg Þorbergs
25.10.1927–06.05.2019



Ingibjörg var ástsæl útvarpskona, lagahöfundur og söngkona. Ingibjörg varð fyrst íslenskra kvenna til að syngja eigið lag inn á hljómplötu og hún samdi mörg vinsæl lög og söng fjölda laga inn á hljómplötur. Meðal laga eftir Ingibjörgu eru hinar þekktu Aravísur. Ingibjörg starfaði á Ríkisútvarpinu frá árinu 1952 og stýrði meðal annars hinum vinsæla þætti Óskalög sjúklinga.

Herdís Tryggvadóttir
29.01.1928–15.08.2019

Herdís átti þátt í stofnun safnaðar Grænáss á Keflavíkurflugvelli og var þar sóknarnefndarformaður. Herdís studdi heilsugæsluverkefni á vegum Kristniboðssambandsins í Afríku, beitti sér innan samtakanna Herferð gegn hungri og átti þátt í stofnun samtaka gegn limlestingu á kynfærum kvenna. Herdís var stofnaðili að friðarsveitum Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og tók þátt í starfi bænahóps fyrir sjúka í Hallgrímskirkju um langt árabil. Herdís tók virkan þátt í náttúruverndarbaráttu.

Þóra Friðriksdóttir
26.04.1933–12.05.2019

Þóra var ein ástsælasta leikkona landsins. Hún lærði leiklist í London School of Speech and Drama og lærði einnig í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins, þaðan sem hún útskrifaðist 1955. Hún starfaði við Þjóðleikhúsið í um hálfa öld og lék yfir 80 hlutverk. Ásamt því að leika í leikhúsinu lék Þóra í ýmsum kvikmyndum, þar á meðal Atómstöðinni og Foxtrot. Eftirminnilegasta hlutverk hennar hlýtur þó að vera mamman í Sódóma Reykjavík.

Tryggvi Ólafsson
01.06.1940–03.01.2019

Tryggvi var einn af þekktustu listamönnum þjóðarinnar og vann lengst af að list sinni í Danmörku þar sem hann bjó í rúm fjörutíu ár. Hann sýndi víða um heim en þurfti að hætta að mála eftir að hann lenti í alvarlegu slysi árið 2007. Tryggvi var riddari af Dannebrog, handhafi fálkaorðunnar og hlaut verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2018.

Sérblað

27. desember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

BARNALOPPAN:

Flóarbyltingin er hafin á Íslandi

Íslendingar eru sífellt að verða meðvitaðri um umhverfið og sýna það í verki með því að minnka matarsóun, borða meira grænmeti, flokka flöskur, plast, málm og pappa, vera með moltu og jafnvel kjúklinga í garðinum og margt fleira. Barnaloppan í Skeifunni 11d er kærkomin bylting á íslenskum endursölumarkaði en hjónin Guðríði Gunnlaugsdóttur og Andra Jónsson hafði lengi dreymt um að fara í rekstur sem hjálpaði umhverfinu. Eftir að hafa fengið hugljómun á loppumarkaði í Danmörku fluttu þau aftur til Íslands, opnuðu Barnaloppuna og gjörbyltu hugmyndum Íslendinga um flóamarkaði.

Fannst vanta íslenska loppu

„Við vorum sjálf að selja fatnað og fleira af stelpunum okkar á loppumarkaði í Danmörku, stuttu áður en við fluttum aftur til Íslands. Þessi tegund markaðar er að finnskri fyrirmynd og því ekki á hverju strái á Norðurlöndunum. Fyrirkomulagið er þannig að fólk leigir bás hjá okkur, kemur með þær vörur sem það ætlar að selja, verðmerkir og hengir upp. Þar með er þeirra starfi nærri lokið og starfsmenn Barnaloppunar taka við. Þeir aðstoða þá viðskiptavini og selja vörurnar. Okkur fannst þetta ótrúlega þægilegt fyrirkomulag og algerlega vanta á Íslandi, enda vinna flestir foreldrar báðir úti og hafa takmarkaðan tíma til þess að sitja yfir sölunni heilu dagana. Í staðinn fylgist fólk með sölunni rafrænt í gegnum símann eða tölvuna. Við tökum 15% þóknun af heildarsölu og söluhagnaðurinn er greiddur út með millifærslu hvort sem það er á miðju tímabili eða í lokin. Þetta getur varla verið einfaldara!“

Janúar í Barnaloppunni

„Janúar var stór mánuður í Barnaloppunni í fyrra og við búumst við svipuðu í ár. Fólk er að byrja að taka til í sínu lífi eftir jólahátíðina. Og eitt af því sem oft þarf að gera, er að losa sig við leikföng og fatnað sem börnin eru hætt að nota. Barnavörur eru margar hverjar notaðar í stuttan tíma í senn, sérstaklega fyrstu árin, því krílin stækka svo hratt. Það fer því gríðarlegt magn af barnavörum í góðu standi beint á haugana því fólk veit ekki hvernig það getur auðveldlega losað sig við þær. Það er alger synd því það fer svo ótal margt til spillis í dag og við þurfum öll að fara að hugsa betur um umhverfið. Þar kemur Barnaloppan til sögunnar.“

Eitt lítið flóarskref í einu

Í Barnaloppunni er hægt að selja og kaupa allt fyrir barnið og nýbakaða foreldra. Allt frá fatnaði og leikföngum til barnavagna og bílstóla. „Nánast allar vörur hér eru endurnýttar og er það meginhugsjónin að bjóða eingöngu upp á endurnýttar vörur. Þannig erum við sterkur liður í því að minnka sóun hér á landi og sjáum til þess að fleiri fjölskyldur geti nýtt vörurnar til fullnustu. Einnig er í boði að selja meðgöngu- og gjafafatnað hjá okkur. Það er eiginlega galið að endurnýta ekki þessar vörur þar sem notkunargildið takmarkast oftar en ekki við nokkra mánuði. Við viljum trúa því að við höfum átt þátt í að breyta kúltúr og kauphegðun Íslendinga, bæði með því að bjóða upp á auðveldari leið til að endurnýta og losa sig við varning, og kaupa „second hand“-vörur á frábæru verði.“

Börnin elska Barnaloppuna.

Svo má til gamans geta að Andri og Guðríður opnuðu einnig aðra loppu í sumar fyrir fullorðna, eða Extraloppuna í Smáralind, eftir mikla hvatningu. „Það ævintýri hefur farið fram úr öllum vonum og það er víst að Extraloppan fyllir í ákveðið gat í markaðnum. Endurnýting er enda góð fyrir budduna og enn betri fyrir umhverfið og móður jörð.“

Nánari upplýsingar á www.barnaloppan.is
Fylgstu með okkur á Facebook og Instagram: Barnaloppan – Barnaloppan
Barnaloppan, Skeifan 11d, 108 Reykjavík
Sími: 620-2080
Vefpóstur: info@barnaloppan.is

Mynd: Eyþór

Ljósmynd: Sigurjón Magnússon.

ÍSR MATRIX:

Öryggi fram í fingurgóma

Jón Viðar stofnaði upphaflega íþróttafélagið Mjölni en rekur nú ÍSR Matrix. „ÍSR stendur fyrir Inngrip (Intercept), Stöðva (Stabilize) og Ráða úr (Resolve). ÍSR er alhliða sjálfsvörn sem byggir á einföldum grunni úr bardagaíþróttum sem auðvelt er að ná tökum á. ÍSR má leggja stund á og æfa eins og íþróttirnar sem ÍSR byggir á, en áherslan er lögð á að verjast ofbeldi eins og það gerist í raunveruleikanum," segir Jón.

„Í ÍSR er lögð áhersla á að verjast, koma sér undan og verjast átökum. Við göngum aldrei lengra en nauðsynlegt er til að vinna bug á óréttlætinu sem við, og/eða þriðji aðili, verðum fyrir. Hjá ÍSR kennum við ekki ofbeldi, við kennum vörn gegn því."

Í janúar byrja ný grunnnámskeið í sjálfsvörn og öryggistökum og svo í sjálfsvörn fyrir konur. Bæði námskeiðin auk framhaldstíma er hægt að sækja hjá ÍSR Matrix í Sporthúsinu. Að grunnnámskeiðum loknum getur viðkomandi sótt framhaldstíma í samsvarandi námskeiði. ATH. 16 ára aldurstakmark er á bæði grunnnámskeiðin.

„Neyðar- og sjálfsvörn ÍSR snýr ekki bara að átökunum sjálfum heldur einnig tengdri taktík. Hvernig við forðumst átök og komum í veg fyrir að eldfimar aðstæður stigmagnist. Hvernig við staðsetjum okkur í umhverfinu og nýtum okkur það. Hvernig við beitum okkur í samræmi við þá lagalegu ábyrgð sem hvílir á okkur. Lærðu að verjast ofbeldi eins og það gerist í raunveruleikanum, þar sem menn svífast einskis og enginn leikdómari stoppar þá af."

Sjálfsvörn og öryggistök (ÍSR CLUTCH) snýst um að verjast ofbeldi eins og það á sér stað í raunveruleikanum. Notast er við glímutök, fellur, hengingar og högg til að yfirbuga árásaraðila þar sem rík áhersla er lögð á að beita alltaf vægasta úrræði sem völ er á. Námskeiðið er haldið sunnudaginn 12. janúar og er kennt kl. 12.00–18.00 auk tveggja kennslustunda með framhaldshóp í vikunni sem fylgir.

Sjálfsvörn fyrir konur (ÍSR CAT) var í fyrstu hannað fyrir konur sem starfa fyrir leyniþjónustu og sérsveitir í Bandaríkjunum. Það var hannað með það fyrir augum að konurnar gætu varið sig sjálfar og komið sér undan árásaraðilum, eða í versta falli varist þar til aðstoð bærist. Í ÍSR CAT er lögð áhersla á að forðast og koma sér undan stærri og sterkari árásaraðila. Notast er við leysitök, fellur, hengingar, högg og ýmis bolabrögð til að koma sér undan. Hefðbundin íþróttaföt duga, en einnig er gott að hafa með gamla peysu sem má rifna, tannhlíf og MMA-hanska. Næsta grunnnámskeið í ÍSR CAT verður haldið sunnudaginn 26. janúar og er kennt kl. 12.00–18.00 auk tveggja kennslustunda með framhaldshóp í vikunni sem fylgir.

Flutt í glæsilegt húsnæði Sporthússins

ÍSR Matrix flutti þann 1. september í Sporthúsið, Dalsmára 9–11, 200 Kópavogi, þar sem er sérstakur æfingasalur fyrir starfsemina. Því fylgir frábær aðstaða og þjónusta við iðkendur og fyrirtæki í þjálfun hjá stöðinni. Fullur aðgangur að lyftinga- og tækjasal fylgir nú áskrift að ÍSR og að sjálfsögðu afnot af búninga- og sturtuaðstöðu, heitapotti og gufu.

Skoðaðu möguleikana á isrmatrix.is
Sími: 862-0808
Netpóstur: isrmatrix@isrmatrix.is
Facebook: ISR Matrix Iceland

Húsaviðgerðir fyrir

Húsaviðgerðir og málun eftir

HÚS OG MÁL:

Þú þarft ekki að leita lengra!

Vantar þig aðstoð við að klára verkefni eða ertu að byrja nýtt verk og vantar aukamannskap? Hús og mál ECC ehf. er ný starfsmannaþjónusta sem samanstendur af reynslumiklum hópi iðnaðarmanna. Fyrirtækið er með tuttugu flísara, málara, smiði, verkamenn og fólk í flestar aðrar stöður á skrá sem getur byrjað strax eða fljótlega. Hús og mál tekur að sér stór verkefni í gips veggjum, undirbúningi, málun og mörgu fleiru.

Allt viðhald er í höndum reynslumikilla byggingasérfræðinga fyrirtækisins. Eftir því sem tíminn líður er viðhald alltaf óhjákvæmilegt. Það er ekki aðeins nauðsynlegt útlitsins vegna heldur einnig af verðgildis og öryggisástæðum. Sérfræðingarnir hjá Hús og mál hafa gert upp, endurnýjað og málað hinar ýmsu byggingar erlendis og á Íslandi. Þar má nefna kvikmyndahús, háskóla, söfn og kirkjur auk fjölbýlishúsa og einbýlishúsa.

Gluggaviðgerðir: Gerum við og skiptum um glugga og gler.

Húsaviðgerðir, þakviðgerðir og gluggaviðgerðir
Fagmenn frá Hús og mál kunna til verka þegar kemur að húsa-, þak- og gluggaviðgerðum. Fyrirtækið er með starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu sem getur séð um allar viðgerðir fasteigna.

Munurinn er ótrúlegur.

Parketslípun og -lögn
Er parketið þitt farið að láta á sjá? Fagfólk okkar í parketlögn tekur að sér um að leggja nýtt parket, lakka, slípa, endurnýja og hvítta/dekkja eldra parket.

Málningarvinna og undirbúningur
Hús eru ekki máluð eingöngu af fagurfræðilegum ástæðum. Málningin ver steypuna gegn veðrum og vindi. Hjá Hús og mál starfa málarameistarar með gífurlega reynslu af húsamálun.

Fyrir og eftir málun á stiga.

Lyftaraleiga
Hús og mál starfrækir lyftaraleigu fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Þú getur haft samband við okkur með allar þær spurningar sem þér dettur í hug varðandi endurnýjun og viðhald fasteigna. Hús og mál sér um allt þegar kemur að byggingariðnaðinum. Hafðu samband við okkur og þú þarft ekki að leita lengra!

Hringdu núna: 788-7688
Netpóstur: husogmal@husogmal.is
Rjúpnasalir 14-103, 201 Kópavogur
http://www.husogmal.is/
Facebook: https://www.facebook.com/husogmal/

Hús og mál tekur að sér stór verkefni í gips veggjum, undirbúningi, málun og mörgu fleiru. Þessar eru teknar við vinnu í hótelbyggingu.

Þakviðgerðir: Það þarf að halda þakinu í lagi í rigningunni.

Hér var gert við húsið og það málað. Munurinn er greinilegur.

GÆLUDÝR.IS -

Dýrin um áramót

Dýrin um áramót. Nokkur atriði er gott að hafa í huga þegar kemur að gæludýrunum okkar um áramót. Fæstum dýrum er sérlega vel við flugelda og því er gott að vera búin að sjá hvað við getum gert til þess að létta þeim lífið. Best er að tryggja öryggi allra dýra eins og hægt er dagana í kringum áramótin, algengt er að sprengt sé á öllum tímum dags og því mikilvægt að vera viðbúin.

Ef hægt er að halda köttum inni þessa daga er það heppilegast.

Viðraðu hundinn í taumi til þess að minnka líkurnar á því að hann stökkvi frá þér í hræðslu við flugelda, ef þú vilt veita hundinum aðeins meira frelsi leggjum við til að hann sé hafður í löngum taumi eða t.d. sporalínu.

Þegar nálgast gamlárskvöld þurfum við sem eigendur að hugsa út í öryggi dýranna, þau þurfa að vera í öruggu rými þar sem ekki er hætta á að þau sleppi út þegar umgangur er um heimilið. Best er ef dýrið getur verið í herbergi þar sem heyrist lítið inn (og jafnvel án glugga þannig að blossarnir sjáist ekki heldur) og ef hægt er að við séum með dýrinu. Munum að fara snemma út með hundana að pissa fyrir nóttina, en frábær tími til þess er þegar skaupið er í gangi, þá eru afar fáir að skjóta upp.

Gagnlegar upplýsingar

- Hafðu dregið fyrir hjá dýrinu
- Vertu með útvarp eða sjónvarp í gangi
- Vertu með dýrinu ef hægt er
- Reyndu að draga athygli gæludýrsins að öðru en flugeldum

Hvað get ég gert til að leiða athyglina frá látunum?

- Bjóddu uppáhaldsnagdótið
- Bjóddu hundinum eða kettinum Kong-leikfang sem er fyllt með gómsætri fyllingu. Kong má setja í frystinn til þess að það taki lengri tíma að veiða fyllinguna upp úr
- Gefðu gott nagbein (ekki eldað bein)

Hvað ef þetta dugir ekki til?

Sum dýr eru einfaldlega of hrædd við flugelda til þess að það dugi að reyna beina athygli þeirra annað. Fyrir þau dýr eru til vörur sem hafa slakandi eiginleika án þess að virka sljóvgandi.

Við höfum góða reynslu af Sanal Relax-töflum, en þær eru með jurtum sem hafa þekkta slakandi virkni fyrir hunda, ketti og nagdýr. Best er að byrja gefa þær 2–3 dögum fyrir gamlárskvöld til þess að hámarka virknina.

Eins er hægt að fá Canosept- og Felisept-lyktarefni sem hefur slakandi áhrif, það kemur þá í spreyformi, í hálsól eða í lyktardreifara í innstungu. Eins og með töflurnar næst besta virknin þegar notkun hefst fyrir mesta stressið.

Ef hundurinn eða kötturinn hefur sýnt viðbrögð sem einkennast af ofsahræðslu fyrir áramót geta dýralæknar einnig ávísað róandi lyfjum, en best er að vera tímanlega í sambandi við dýralækni enda opnunartími dýralæknastofa takmarkaður um jól og áramót.

Eitthvað er um hunda sem ekki kippa sér upp við lætin og ljósin, en við minnum eigendur þeirra líka á að betra er að setja öryggið á oddinn og að hafa þá líka inni, enda geta flugeldar flogið aðra leið en ætlað er.

Nánari upplýsingar á vefsíðu Gæludýr.is

gæludýr.is

Sanal Relax-töflur.

Canosept- og Felisept-lyktarefni.



Framtíðin er mætt í eldhúsið!

Future Kitchen er afar spennandi og viðamikið Evrópuverkefni sem Matís leiðir í samstarfi við European Food Information Council, University of Cambridge, IMDEA Alimentación, Natural Machines, FlatEv og Döhler.

Þetta er raunveruleiki, ekki vísindaskáldskapur

Markmið Future Kitchen er að efla áhuga almennings, einkum ungs fólks, á næringu, heilsu og sjálfbærni og auk þess að endurnýja upprunatenginu fólks við mat. Future Kitchen er sería myndskeiða sem eru stútfull af skemmtilegu fræðsluefni. Þar er kynnt ný matvælatækni sem í sumum tilfellum virkar eins og vísindaskáldskapur. Hér lærum við um þrívíddarmatarprentara, lóðrétta matjurtarækt í eldhúsinu og handhæga tortillu-vél sem bakar heitar tortillur eftir þörfum, í hæfilegu magni. Myndskeiðin eru svo sett fram í sýndarveruleika sem gerir upplifunina ennþá áhrifameiri.

Það geta allir unnið að minnkaðri matarsóun heima hjá sér og Future Kitchen myndbandsserían kennir áhorfendum nýjar og spennandi leiðir til þess að gera markmiðið að raunveruleika.

Akurinn heim í eldhús!

https://www.foodunfolded.com/videos/farm-in-your-kitchen-look-inside-360-video

Ræktun krefst ekki alltaf risastórra landbúnaðarsvæða. Síður en svo. Það er vel hægt að rækta ýmislegt eins og stökkar spírur og nýtt grænmeti heima í eldhúsi. Plant Cube er fyrsta lóðrétta heimaræktunarkerfið. Með sjálfkrafa vökvun, led-lýsingu og stýrðu loftslagi getur þú ræktað þitt eigið grænmeti á auðveldan og skilvirkan hátt. Þú þarft ekki einu sinni að vera með græna fingur.

Þrívíddarprentaður fiskur

https://www.foodunfolded.com/videos/3d-printed-seafood-look-inside-360-video

Þrívíd darprentari sem framleiddur hefur verið af Natural Machines minnkar matarsóun í fiskiðnaðinum með því að nýta afganga og afskurð sem annars færi til spillis. Eingöngu 20% af öllum þeim fiski sem er veiddur í dag nýtist til manneldis. Afgangurinn nýtist m.a. í dýrafóður en stór hluti fer einfaldlega í ruslið. Hér er um gríðarlega matarsóun að ræða.

Tómatar á Íslandi

https://www.foodunfolded.com/videos/iceland-tomato-farm-look-inside-360-video

Það er vel hægt að rækta tómata og annað grænmeti allan ársins hring á Íslandi. Í frostkulda vetrarins má jafnvel rækta dýrindis tómata, þökk sé gróðurhúsunum, jarðhitanum sem heldur hita á húsunum og grænu orkunni sem notuð er til að knýja sterk rafmagnsljósin.

Borðaðu brauðsnakk og minnkaðu matarsóun í leiðinni!

https://www.foodunfolded.com/videos/how-bread-chips-tortillas-are-reducing-food-waste-look-inside-360-video

Í meðalheimilishaldi fer um þriðjungur matarins í ruslið. Brauð er stór hluti af þessari sóun, þar sem það hefur hvað stystan geymslutíma af mat heimilisins. Gríðarlegt magn af orku, vatni og auðlindum fer til spillis í framleiðslu á brauði sem er svo að miklu leyti hent. Ástæðan fyrir þessari gríðarlegu sóun er að stórum hluta sú að við viljum helst nýbakað brauð án rotvarnarefna. Eitt af myndböndum Future Kitchen myndbandsseríunnar segir okkur frá hentugri og endurvinnanlegri geymsluleið fyrir litla skammta af brauðdeigi sem má svo baka við tækifæri. Svissneska fyrirtækið ZüriChips nýtir enn fremur afgangsbrauð frá bestu bakaríum í Zurich til þess að framleiða gómsætt brauðsnakk.

Verkefnið hefur hlotið styrk frá EIT FOOD, nýsköpunarsamfélagi um fæðu innan Evrópustofnunar nýsköpunar og tækni, undir Horizon 2020, sem er vettvangur Evrópusambandsins fyrir rannsóknir og nýsköpun.

Myndböndin og nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á vefsíðunni foodunfolded.com.

FRAMTÍÐARBÓKHALD UNICONTA:

Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta um bókhaldskerfi!

Í Uniconta mætast nýjasta tækni og áratuga reynsla. Útkoman er eitt hraðasta, einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldkerfi veraldar," segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. Uniconta er sjötta bókhaldskerfið úr smiðju Eriks Damgaard sem hefur oft verið nefndur konungur bókhaldskerfanna. Uniconta kom fyrst á markað 2016 og hefur farið sigurför um heiminn síðan þá.

„Erik hefur unnið í 35 ár við að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við Concorde XAL og Axapta en það síðarnefnda er flaggskip hugbúnaðarrisans Microsoft," útskýrir Ingvaldur. „Eftir að hann lét af störfum hjá Microsoft sá Erik að með nýrra tækni myndi skapast sóknarfæri á bókhaldsmarkaði og hóf þróun á Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum hugbúnað eða smáforrit á tölvu eða snjalltæki," upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem er einstaklega notendavænt og getur sparað notendum hundruð vinnustunda á ári.

Kerfi sem þú lagar að þínum þörfum

Uniconta inniheldur fjölmargar kerfiseiningar og uppfyllir þannig kröfur fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í grunninn er Uniconta fjárhagsbókhaldskerfi en við það bætast viðskipta- og lánardrottnakerfi, eignakerfi, birgða-, framleiðslu- og vörustjórnunarkerfi, verkbókhalds- og tímaskráningarkerfi, innheimtukerfi og CRM. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, birgða-, lánardrottna- og viðskiptavinakerfi með sölureikningum og svo er kerfiseiningum bætt við eftir þörfum. Einfalt er svo að tengja önnur kerfi við Uniconta.

„Uniconta er frábær valkostur fyrir íslensk fyrirtæki, eykur skilvirkni í rekstri og bætir yfirsýn. Auðvelt er að flytja bóhaldsgögn úr eldri kerfum yfir í Uniconta sem gerir innleiðingu einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkst. Kerfið hentar breiðum hópi viðskiptavina en á meðal fyrirtækja sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, framleiðslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, fasteignafélög, félagasamtök, bókhaldsstofur og verktakafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Þarfir fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta mætir þeim með skilvirkum hætti," segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókunarkerfa hins vegar. „Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnaþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka tengingu t.d. í Excel sem keyrir á raungögnum úr Uniconta og í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á fullkomna samþáttun við Uniconta," upplýsir Ingvaldur.

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.995 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda hefur það til þessa reynst mörgum flókið, seinlegt og kostnaðarsamt. „Það þarf þó engum að vaxa í augum að innleiða Uniconta. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki upp í fáeinar vikur fyrir stórfyrirtæki þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og kerfið lagað að ferlunum, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það." Uniconta er hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.995 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einyrkjum og aðilum í einföldum rekstri. Fyrir stærri félög með um 100 notendur er áskriftargjaldið 7.995 á notanda en þá eru allar kerfiseiningar innifaldar.

„Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósenta sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis og að auki ná fyrirtækin fram gríðarlegri hagræðingu með breyttu verklagi og aukinni sjálfvirkni. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði, en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjölum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það sparar innsláttarvillur og fækkar mistökum," segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun. Í dag styður kerfið alla gjaldmiðla og les sjálfkrafa gengi á mörkuðum og gengismunafærslur færast sjálfkrafa sem sparar mikla yfirlegu.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Uniconta kom á markað á Íslandi í byrjun árs 2017 og var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál og alla gjaldmiðla. Fjöldi notenda hér á landi er kominn vel á annað þúsund og íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál, rekstur, birgðir, framleiðslu og verk," upplýsir Ingvaldur. Uniconta er staðfært að íslenskum aðstæðum með tengingum við vefþjónustur RSK og banka, sendingu og móttöku rafrænna reikninga auk EDI samskipta fyrir smásölu- og heildsöluverslun.

Ingvaldur segir mörg íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Mörg bókhaldskerfanna voru smíðuð á síðustu öld þegar tækniumhverfið var allt annað og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásættanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi," útskýrir Ingvaldur.

> *„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics AX, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærist sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei framar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur."*

Ljóslestur fylgiskjala

Með ljóslestri fylgiskjala (OCR) verður innsláttarvinna að mestu sjálfvirk. Taka má mynd af fylgiskjali eða áframsenda fylgiskjöl á t.d. .pdf- eða .jpg-formi inn í kerfið. Gervigreind sér svo um að lesa inn upplýsingar af fylgiskjalinu, stofna lánardrottna, færa inn reikningsnúmer, dagsetningar, fjárhæðir og greiðsluskilmála. Þannig hverfur handavinnan og hætta á innsláttarmistökum. Fylgiskjalið vistast í kerfinu og tengist öllum færslum og hægt er að kalla það fram með skjótum og öruggum hætti án þess að þurfa að blaða í gegnum bréfabindi.

Uniconta Ísland er í Hlíðarsmára 2.
uninconta@uniconta.is.
Sjá nánar á uniconta.is

KLIFURHÚSIÐ:

Klifur er lífsstíll

Innanhússklifur er sívaxandi áhugamál á Íslandi og víða um heim. „Hér á landi eru um tæplega 1.500 félagar sem stunda klifur reglulega í Klifurhúsinu," segir Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurhússins. Klifursambandið sótti fyrir stuttu um aðild að ÍSÍ og hafa sprottið upp Klifurhús um land allt.

„Þeir eru að byggja klifurhús á Grundarfirði, einnig er verið að stækka klifurhús á Akureyri og svo er verið að setja upp klifurveggi í Skaftafelli," segir Benjamin sem stundar klifur bæði utanhúss og innan af miklum krafti. „Klifur er lífsstíll og þegar menn byrja þá eiga þeir erfitt með að hætta, þetta er svo gaman," segir Benjamin.

Allir geta klifrað

Í Klifurhúsinu eru í boði ýmist opnir tímar eða lokaðir og margs konar námskeið fyrir alla aldurshópa. „Við erum með barna- og unglinganámskeið hér fyrir 5 til 18 ára en einnig kennslu fyrir alla aldurshópa. Elstu þátttakendurnir eru um sextugt," segir Benjamin. Klifurveggirnir eru smíðaðir úr timbri og á gólfinu fyrir neðan er stór dýna sem þátttakendur hoppa niður á í lok klifursins. „Í Klifurhúsinu er stundum svokölluð „grjótglíma", þar sem klifurveggurinn er mjög brattur en klifurhæðin lítil, eða um 4–6 metrar. Einnig eru lagðar línuklifurleiðir fyrir þá sem eru að æfa það," segir Benjamin.

Eflir styrk, liðleika og þol

Að sögn Benjamins reynir klifrið bæði á styrk og liðleika. „Það er enginn munur á getu stráka og stelpna. Þótt strákarnir fari langt á kraftinum þá eru stelpurnar oftast með betri tækni. Hugtakið tækniklifur er þekkt enda eru tækni og liðleiki mikilvægir þættir í þessu sporti." Klifrið eflir allt í senn, þol, liðleika og styrk, og hentar fólki á öllum aldri. „Til dæmis getur maður aldrei orðið of sterkur í fingrunum en klifrið eflir mjög fingrastyrk. Það er nokkuð sem fólk er almennt ekki að þjálfa með sér. Fyrsta skiptið er í raun alltaf erfiðast þó svo að sé óneitanlega alltaf skemmtilegt að prófa klifur. En þegar maður byrjar að mæta reglulega í klifur, kannski 2–3 skipti í viku, er maður fljótur að sjá árangurinn og er ótrúlegt hvað sumir hafa náð langt á stuttum tíma," segir Benjamin.

Klifur fyrir byrjendur og lengra komna

Það þarf ekki að fara á námskeið til að kynnast klifrinu né þarf að kaupa sér aðgöngukort, hægt er að mæta á staðinn og kaupa sér stakan tíma og leigja klifurskó. Klifurleiðunum er raðað upp í mismunandi erfiðleikastig þannig að byrjendur geta valið leið sem hentar þeim fullkomlega á meðan meira krefjandi leiðir eru í boði fyrir þá sem eru lengra komnir.

Hópar klifra

„Það er kjörið fyrir litla hópa að koma hingað og eiga góða stund saman. Klifurhús spretta víða upp erlendis og eru að verða mjög

vinsælir samkomustaðir. Fólk hittist, fær sér kaffi og spjallar, og klifrar síðan saman í tvo tíma. Þetta kemur algerlega í staðinn fyrir að hittast á barnum. Það er alveg jafn sjálfsagt að hittast í klifri eins og að hittast á kaffihúsi eða krá. Og svo fær maður mikla og góða hreyfingu í leiðinni," segir Benjamin, en bætir svo við að það megi líka kíkja á barinn eftir klifrið, hann hafi ekkert á móti því.

Gefðu klifur

Gjafabréf hjá Klifurhúsinu eru mjög vinsæl í jólagjafir. „Fólk er ýmist að kaupa mörg skipti fyrir þá sem hafa komið áður, eða bara eitt skipti fyrir þá sem hafa ekki prófað klifur. Þetta er skemmtileg gjöf sem menn búast ekki endilega við," segir Benjamin.

Nánari upplýsingar um Klifurhúsið er að finna á vefsíðunni klifurhusid.is og Facebook-síðunni Klifurhúsið.
Opið er mán.-fim. 11:30–22, fös. 11:30–21 og um helgar 12–18.
Netfang: klifurhusid@klifurhusid.is

Völvan 2020



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.

SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

MYND: PEXELS.COM

Umhleypingar og róstur – aftur

Hrottaleg og óvenjuleg morð ■ Veikindi hrjá fræga fólkið ■ Ekkert eldgos

Ritstjóri DV bankar á dyr í reisulegu húsi í vesturbæ Reykjavíkur í miðjum stormi. Viðeigandi að vindar geisi í þann mund sem ritstjóri fer á fund völvunnar til að skyggnast inn í nýja árið.

Völvan er dul á svip og býður ritstjóranum varla góðan daginn. Það er þungt yfir henni, hún er í hálfgerðum trans. Hún vill engar málalengingar. Kona að detta í miðjan aldur, í víðum gallabuxum og prjónaðri peysu. Ósköp venjuleg, þannig séð, þótt innra með henni búi yfirnáttúrulegir kraftar. Hún vísar ritstjóra til sætis og eina sem hún fer fram á er að allt sem hún segi verði handskrifað á blað. „Engin upptökutæki hér," segir hún lágum rómi. „Ég hef aldrei vanist slíkum apparötum."

Ritstjóri sest niður andspænis völvunni sjálfri. Hann ætlar að brydda upp á samræðum en völvan sýnir það með líkamstjáningu sinni að hún hafi engan tíma fyrir svoleiðis kurteisi. Hún vill koma sér beint að efninu.

Náttúran stillt

„Árið sem nú fer í hönd mun fara rólega af stað veðurfarslega, mun heilsa okkur stillt og bjart, en á miðjum vetri verður veðráttan óblíð, sérstaklega sé ég febrúar og mars umhleypingasama og mun snjór verða óvenju mikill víða um land," segir völvan. Hún ræskir sig, fær sér vatnssopa og bætir við að Íslendingar eigi ekki eftir að upplifa annan eins storm eins og þann sem geisaði um miðjan desember. Varðandi aðrar náttúruhamfarir virðist sem náttúran ætli að vera óvenju stillt á nýja árinu.

„Ég sé ekki stórt eldgos á árinu, en nokkuð verður um smærri jarðskjálfta og einn nokkuð stóran norðanlands. Sá jarðskjálfti mun valda veraldlegu tjóni en ekkert líf mun týnast. Hins vegar tekur uppbyggingin langan tíma og þar munu Norðlendingar fyrst finna fyrir samtakamætti sínum, og raunar þjóðin öll. Tíðarfar sumarsins verður gott víðast hvar um landið, sólríkt og gjöfult."

REYKJAVÍK
Digital

Settu vefmálin í góðar hendur

Við smíðum fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja þína vöru eða þjónustu á netinu.

VEFSVÆÐIÐ ÞITT ER ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM ÞÚ HEFUR TIL ÞESS AÐ NÁ TIL ÞÍNS MARKHÓPS.

https://reykjavikdigital.is/
hallo@reykjavikdigital.is
781-2000

Jóhannes Stefánsson

Að lokum mun sannleikurinn koma í ljós og hann er ekki fallegur

Þorsteinn Már Baldvinsson

Spillingin er víða

Þótt náttúran verði stillt lætur almenningur ekki að sér hæða þegar kemur að annars konar hamförum í þjóðfélaginu.

„Það verða miklar sviptingar í þjóðfélaginu. Almenningur er loksins búinn að fá nóg og gripið verður til aðgerða sem geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þar ber Samherjamálið hæst en það er umfangsmikið þannig að margir dragast inn í þá fléttu. Fleiri mál koma í kjölfarið og má kannski segja að um hreinsanir verði að ræða, bæði í stjórnmálum og lykilstöðum í þjóðfélaginu. Menn reyna þó að klóra í bakkann í lengstu lög, en það mun ekki ganga eins vel og oft áður, ekki síst vegna umsvifa málanna, sem teygja anga sína í bankakerfi og stjórnsýslu víða um heim," segir völvan.

„Spillingin er víða – á stöðum sem aldrei hefur verið leitað á, né nokkrum dottið í hug að rannsaka. Til lengri tíma litið reynist Samherjamálið gott að því leyti að öllum steinum verður velt. Innan Samherja sé ég fangelsisdóma falla, líklegast þó ekki á næsta ári þar sem rannsókn málsins verður tímafrek."

Um Jóhannes Stefánsson, uppljóstrarann, hefur völvan þetta að segja:

„Jóhannes er ótrúlega sterkur karakter. Samherjamenn hafa reynt að skíta hann út eins mikið og þeir geta. Það hefur sprungið í andlitið á þeim, eins og svo oft þegar fólk reynir að grafa undan öðrum til að upphefja sjálft sig. Þú kannast við það, er það ekki?" segir völvan og glottir og vísar í rimmu ritstjórans við þekkta, íslenska rappara.

„Jóhannes spjarar sig. Hann bugast ekki. Ég sé hann flytja af landi brott um leið og hann getur og hann mun aldrei snúa aftur. Hann skapar sér gott líf annars staðar og fær þann frið sem hann þráir í sálina."

„Hans líf eins og hann þekkti það er búið. Veikindi sem hrjáðu hann á árum áður blossa upp aftur og heilsu hans hrakar. Hann mun ekki snúa aftur í Samherja. Farið verður ofan í saumana á öllum hans félögum og það mun taka langan tíma, mörg ár. Að lokum mun sannleikurinn koma í ljós og hann er ekki fallegur. Þetta er langur ferill og margir sem tvinnast þar inn."

Almennt um sjávarútveg segir völvan þetta:

„Gerðar verða breytingar í sjávarútveginum sem breyta talsverðu fyrir hinn almenna sjómann, mér sýnist að litlu bátarnir fái að veiða meira og þar með skapast meiri vinna á litlum stöðum víða um land."

MYND: EYÞÓR ÁRNASON

Hrun af öðrum toga

„Atvinnuleysi eykst jafnt og þétt á árinu og margir huga að búferlaflutningum til annarra landa. Við missum þar margt vel menntað fólk, sem kemur ekki til vinnu á landinu aftur. Þar á meðal eru vel menntaðir læknar og annað fagfólk og erfitt verður að fylla stöður þess," segir völvan og sýpur af sykruðum gosdrykk – raunar klárar dósina í einum rykk. Það færist þungi yfir andlit hennar er hún heldur áfram.

„Bilið milli fátækra og ríkra eykst enn á árinu – því miður," segir völvan. „Viss þjóðfélagshópur og yfirvöld vilja ekki horfast í augu við þennan vanda sem fer sístækkandi með hverju árinu. Við stefnum í óefni ef við grípum ekki í taumana. Ekkert er gert fyrir fátækasta fólkið og fleiri neyðast til að grípa til vafasamra úrræða til að sjá fyrir sér og sínum. Fleiri lenda á götunni og úrræðum fjölgar ekki, nema síður sé," bætir hún við. Ritstjóri sver að völvan klökknar er hún talar um fátæka og ríka fólkið, þótt hún myndi aldrei viðurkenna það. Heimili hennar er fábrotið og húsgögnin gömul. Það þarf engan snilling til að sjá hvorum hópnum hún tilheyrir.

„Heilbrigðiskerfið ræður ekki við þann straum veiks fólks sem við höfum ekki hjálpað. Hér verður hrun – en af allt öðrum toga en fyrr."

FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samraæmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.

DUX®



DUXIANA
Ármúla 10
568 9950
duxiana.is

DUXIANA®

Háþróaður svefnbúnaður

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Sólveig Anna Jónsdóttir kom eins og stormsveipur inn í Eflingu og hverfur jafn hratt aftur út í tómið. Það mun enginn sakna hennar.

Hvar er Sólveig Anna?

Völvan tekur sér stutta pásu, kveikir í sígarettu – Lucky Strike. Kveikjarinn er skreyttur kisum og framandi plánetum. Gasið farið að dvína og sífellt erfiðara að ná eldinum upp. Hún tekur tvo smóka, trekk í trekk, og heldur áfram.

„Verkalýðshreyfingin er í mjög erfiðri stöðu, óhæft fólk í brúnni, þannig að lítið virðist gott gerast. Mér finnst ég skynja upplausn þar á árinu sem ekki verður séð fyrir endann á. Það er einhvers konar klofningur, en því má hreyfingin síst við," segir völvan.

„Sólveig Anna Jónsdóttir kom eins og stormsveipur inn í Eflingu og hverfur jafn hratt aftur út í tómið. Það mun enginn sakna hennar. Kannski meinti hún vel í upphafi, en hún hefur ekkert gert nema tala. Hún hefur komið fleirum í klandur en hún hjálpar og hún gerir sér loksins grein fyrir að verkefnið sem hún tók sér fyrir hendur er alltof stórt. Við heyrum aldrei um hana meir. Það er líkt og hún hafi aldrei verið til," segir völvan og bætir við að málefni Rúmenanna leysist, þótt það verði ekki Eflingu að þakka. „Rúmensk yfirvöld eiga þar hrós skilið. Þau stíga fast til jarðar og ná fram réttlæti fyrir sitt fólk.

Ragnar Þór Ingólfsson slítur á tengslin við Sólveigu Önnu, enda afburðagreindur maður. Hann heldur sínu striki og nær fram tveimur stórum málefnum fyrir sína félagsmenn. Varðandi stjórnmálaaflið sem hann hefur talað um sé ég það ekki gerast fyrr en um miðbik árs. Þá verður þetta afl til, en eins og með flest þá skapast um það miklar deilur. Þar verður Ragnar Þór í hringiðunni og þarf að taka stóra ákvörðun – hvort hann viji vera verkalýðsforingi eða fara á þing. Hann velur hið síðarnefnda."

Í þessum ólgusjó sér hún Drífu Snædal, forseta ASÍ, rísa upp.

„Hún er hörkukvendi og ekkert lamb að leika sér við. Hún hefur margt til síns máls og á sviðið þegar Sólveig Anna og Ragnar Þór halda sig til hlés. Kemur í ljós að Drífa er hinn eini, sanni verkalýðsforingi og

MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Drífa Snædal, forseti ASÍ

Ragnar Þór, formaður VR

MYND: SKJÁSKOT STÖÐ 2

Grátandi Rúmeninn

KJÖREIGN FASTEIGNASALA – TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA Í 40 ÁR

Dan Wiium Hdl, lögg. fasteignasali, Sími 896-4013

Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími 896-4090

Þórarinn Friðriksson Lögg. fasteignasali, sími 844-6353

Rakel Salóme Eydal Skjalagerð

Sigurbjörn Skarphéðinsson Lögg. fasteignasali, skjalagerð

Ásta María Benónýsdóttir Lögg. fasteignasali, Sími 897-8061

Kjöreign ehf - Ármúla 21 - 108 Reykjavík
Sími: 533-4040 - **www.kjoreign.is**

BÓKLEGT ÖKUNÁM Á NETINU

ÞÚ LÆRIR ÞEGAR ÞÉR HENTAR
Á ÞEIM HRAÐA SEM ÞÉR HENTAR

Opið allan sólahringinn

NETÖKUSKÓLINN HEFUR ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ BJÓÐA UPPÁ
BÓKLEGT NÁM MEÐ ÁHERSLU Á GÆÐI OG GOTT VERÐ.

Skráðu þig á netokuskolinn.is

NETÖKUSKÓLINN

Árið hennar Ernu Ýrar

Völvan vill vinda sér í umhverfismálin. Hún hreytir því í ritstjórann að sjálf sé hún „það sem unga fólkið vill kalla afneitunarsinna.“ Hún trúir því samt sem áður að hlýnunin sé af mannavöldum, þótt hún sé ekki viss um að jörðin glatist.

Erna Ýr / skjáskot RUV

„Þú verður að muna að ég er eldri en þú. Allt mitt líf hefur einkennst af ógn; ósonlagið, kjarnorkuvá, stríð og fjármálahrun. Ég er alveg hætt að trúa þessum dómsdagsspám,“ segir hún og heldur áfram.

„Áróðurinn um hlýnun jarðar heldur áfram, en þó meira ígrundaður framburður en á síðustu árum. Jarðarbúar verða margir enn duglegri að flokka og vera umhverfisvænir, gott mál, en menn átta sig betur á að hlýnunin er sveiflukennd eins og dæmin sanna úr fortíð jarðarinnar. Við skulum því vera umhverfisvæn, en ekki öfgakennd, í þessu máli sem mörgum öðrum.“

Andri Snær

Hún opnar aðra gosdós, sem er nú ekki beint umhverfisvænt, og heldur áfram.

„Fólk eins og Stjörnu-Sævar, Andri Snær og ungir aktífistar þurfa að endurskoða sinn málflutning ef þeir ætla að ná til fólksins. Eins og stendur er almenningur hættur að nenna að hlusta á þessar predikanir, þótt eflaust sé mikið til í þeim. Þetta fólk þarf að breyta um taktík í staðinn fyrir að hrauna yfir Ernu Ýri Öldudóttur blaðamann. Sitt sýnist hverjum um Ernu Ýri en hún býr yfir sannfæringarkrafti. Þótt ég sé ekki sammála henni þá nær hún að rökstyðja mál sitt ágætlega og er mikil ógn í augum umhverfissinna. Takið eftir Ernu Ýri á nýju ári – hún á eftir að ná langt.“

> Áróðurinn um hlýnun jarðar heldur áfram, en þó meira ígrundaður framburður en á síðustu árum.

Sævar Helgi Bragason

MYND: DV/EYÞÓR ÁRNASON

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

MYND: DV/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegsráðherra

Undarlegt Alþingi

Við sitjum við stofuborðið og völvan verður einstaklega myrk í máli þegar stjórnmálin ber á góma.

„Á Alþingi ríkir undarlegt ástand þar sem heilindi hafa sennilega aldrei verið minni, menn níða skóinn hver af öðrum ef færi gefst. Fá þörf mál verða á dagskrá og enn færri ná afgreiðslu þannig að segja má að vorþingið verði sami grautur í sömu skál flesta daga,“ segir hún.

„Bjarni Benediktsson á erfitt ár fram undan á nánast öllum vígstöðvum. Hann ræður illa við formannshlutverkið í Sjálfstæðisflokknum og fjármál eru að valda honum vandræðum. Ég held þó að hjónabandið haldi á þeim bæ. Bjarni hættir sem formaður Sjálfstæðisflokksins þegar hann missir Svanhildi Hólm í klær RÚV. Það fyrsta sem hann gerir þegar hann tilkynnir afsögn sína er að mæta í drottningarviðtal í Mannlífi til að reyta Davíð Oddsson til reiði í Hádegismóum. Það á eftir að draga dilk á eftir sér. Formannskjörið í Sjálfstæðisflokknum verður spennandi og margir bjóða sig fram. Enn og aftur verður Páll Magnússon fúll yfir að hreppa ekki hnossið, en það verður ung kona sem kosin verður. Valið stendur á milli Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur og Áslaugar Örnu. Hins vegar á nýr kandídat, sem fáir þekkja, eftir að stríða þeim aðeins. Vandræðagangur sem reynt er að breiða yfir af fremsta megni verður í pólitískum flokkum vegna foringjaleysis. Verst er þar ástandið í Sjálfstæðisflokknum en litlu skárra á mörgum öðrum stöðum.

> Vandræðagangur sem reynt er að breiða yfir af fremsta megni verður í pólitískum flokkum vegna foringjaleysis

Katrín Jakobsdóttir á ekki síður erfitt og ræður ekki við eitt né neitt. Hún sér eftir ákvörðunum sínum síðustu tvö árin en þrjóskan blæs í hana lífi. Hún setur fram eitt þingmál í kynningarskyni til að bæta ímynd sína. Það springur í andlitið á henni.

Lilja Alfreðsdóttir er best sett af ráðherrunum okkar. Hún kemur alltaf ▶

Við óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári
HEILSUSTOFNUN
NLFÍ
HVERAGERÐI
VélRás
ALLT FASTEIGNIR
Eignasala.is
SÍMI 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
börumerking
567 7570
892 7544
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
PEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is
Kaldi

með nýjar og spennandi tillögur sem hún fylgir úr hlaði á sannfærandi hátt. Virðist aukaatriði hvort þær komast í framkvæmd. Hún er á hraðri vinsældauppleið en þarf að fara að gæta sín á þeim sem vilja bregða fyrir hana fæti.

Andrés Ingi Jónsson

Svandís Svavarsdóttir hefur lagt sig alla fram í sínu ráðuneyti en virðist alls staðar rekast á veggi. Hún þarf að fara að sinna sjálfri sér meira og huga að heilsunni. Ég sé einhvers konar heilsubrest hjá henni á nýja árinu og þarf hún að reiða sig á heilbrigðiskerfi sem er gallað í meira lagi. Það opnar augu hennar sem aldrei fyrr. Heilbrigðiskerfinu er að blæða út, virðist sú þróun halda áfram fram eftir ári en þá gerist atvik sem kippir í taumana og sé ég þónokkurn viðsnúning í lok árs.

Kristján Þór Júlíusson verður neyddur til að segja af sér þegar kafað verður dýpra í Samherjamálið og fleiri mál sem þola illa umfjöllun.

Aðrir ráðherrar verða umsvifalitlir, samstarfið í ríkisstjórninni hangir á bláþræði, mér sýnist það standa mjög tæpt á vorþinginu en við skulum vona að það haldi, ég er ekki viss um það. Frumvarp um breytingar á skattkerfinu verður lagt fram, en fær ekki hljómgrunn. Það fer mikill tími í umræður um þetta frumvarp og má segja að hann sé ekki alveg til einskis því dropinn holar steininn í þessu sem öðru," segir völvan. Varðandi minnihlutann segir hún engar breytingar verða þar á.

> Samstarfið í ríkisstjórninni hangir á bláþræði

„Minnihlutinn heldur áfram að vera bitlaus. Viðreisn og Miðflokkurinn halda áfram að standa sig vel í skoðanakönnunum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er á góðum stað núna og nær að hnýta í Sjálfstæðisflokkinn hvenær sem tækifæri gefst. Hún er ekki öll þar sem hún er séð og einhverjar beinagrindur enn í hennar skáp. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður hennar helsti makker á þingi. Þar myndast órjúfanleg vinátta sem getur ógnað stöðugleika í landinu svo um munar. Í fyrstu verður þetta makk leynilegt en þegar það kemst upp verður allt vitlaust."

Völvan sér engan bjóða sig fram á móti Guðna Th. Jóhannessyni í forsetakosningum á næsta ári.

„Guðni Th. Jóhannesson og kona hans, Eliza, eru áfram góðar fyrirmyndir og trúverðugir fulltrúar þjóðarinnar. Þau vekja sérstaka athygli hvar sem þau koma fyrir að koma fram sem sannar manneskjur. Guðni mun bjóða sig fram næsta kjörtímabil og verður sjálfkjörinn. Þau hjón fara víða á árinu en mest innanlands."

Völvan hefur mikla trú á Andrési Inga Jónssyni.

„Andrés Ingi Jónsson fyrrverandi VG-liði, mun stofna nýjan flokk fyrir næstu alþingiskosningar, en hefst handa strax nú á nýju ári, hann hefur mikla velgengni í farteskinu og ég sé hann verða farsælan á nýjum vettvangi."

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. Lilja Alfreðsdóttir, mentamálaráðherra. Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherr

MYND: DV/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

> Einhverjir borgarfulltrúar eru flæktir í fjármálahneyksli sem skekur þjóðfélagið

Dagur víkur

Völvan vill sem minnst tala um borgarmálin enda „Dagur B. Eggertsson varla þess virði að eyða bleki í hann." Hún leyfir okkur samt aðeins að skyggnast inn í framtíðina í ráðhúsinu.

„Í borgarmálunum ber hæst umræður um borgarlínu. Það verður lítið annað en umræðurnar, hugmyndir koma upp um að breyta almenningssamgöngum og hafa þær ókeypis, en ekki verður af þeirri framkvæmd. Slæm staða borgarinnar í fjármálum og almenn óráðsía er líka talsvert í umræðunni. Fólk er alls ekki ánægt með borgarstjórann okkar. Furðu vekur hve lítið heyrist í minnihluta borgarstjórnar. Segja má að Vigdís Hauksdóttir sé sú eina úr minnihlutanum sem eitthvað heyrist í að ráði. Píratar hafa sig ekkert í frammi, eins og þeir séu að draga sig í hlé. Einhverjir borgarfulltrúar eru flæktir í fjármálahneyksli sem skekur þjóðfélagið, mér sýnist þeir koma úr minnihlutanum. Þetta hneyksli á sér nánast enga hliðstæðu og ▶

VERTU KLÁR Í SKÍÐAVETURINN

» Herraskíði
» Dömuskíði
» Barnaskíði
» Skíðaskór
» Skíðabúnaður
» Gönguskíði

elan
Always Good Times

Rex
The King of Ski Waxes

PELTONEN

alpina

HORNIÐ
www.utivistogveidi.is

SKÍÐASPORT.IS

útivistarverslun - Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri
Sími 461 1516 - www.utivistogveidi.is

Vigdís Hauksdóttir

útskýrir margt í framúrkeyrslu borgarinnar. Degi er ekki stætt að vera borgarstjóri áfram. Hann víkur, mörgum til mikillar gleði.“

Í bankageiranum sér völvan ýmislegt.

„Nýi seðlabankastjórinn, Ásgeir Jónsson, hefur sig lítið í frammi, virðist ráða illa við sitt starf. Ég sé veikindi hjá honum síðsumars, en hann mun ná bata. Hann er klár maður en fortíðin flækist fyrir honum með öllum þeim samböndum. Hugsanlega var ekki viturlegt af honum að taka við þessu embætti,“ segir völvan, hóstar reykingahósta og drepur í sígarettunni sem askan hefur gleypt. „Tal um að selja bankana heldur áfram. Mér sýnist einn af bönkunum verða seldur á haustdögum. Það verður gert eins hægt og hljótt og auðið er og erfitt reynist fyrir fjölmiðlafólk að fá upplýsingar um söluna.“


MYND: DV/EYÞÓR ÁRNASON

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri

MYND: EYÞÓR ÁRNASON

Verða morðin einstaklega hrottaleg og vel undirbúin

Morð á miðju ári

Völvan þagnar. Augun stækka og hún sýpur hveljur. Henni reynist erfitt að koma upp orði, í fyrsta sinn á fundi okkar.

„Á miðju ári verður framið morð sem er einstakt á Íslandi. Verður sami einstaklingur handtekinn fyrir morð á tveimur einstaklingum. Verða morðin einstaklega hrottaleg og vel undirbúin. Málið mun skekja samfélagið og fylla alla landsmenn óhug. Í framhaldi af því verður löggæslan tekin til gagngerrar endurskoðunar, fjölgað í lögreglunni bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Þetta verður nefnilega þannig glæpur að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir hann. Netið og samfélagsmiðlar spila þar rullu og loksins verður tekið á netglæpum innan lögreglunnar, því miður aðeins of seint,“ segir hún.

„Fíkniefnamál verða fyrirferðarmikil á árinu mörg dauðsföll verða sem rekja má til neyslu og ofneyslu alls konar fíkniefna. Þar er þróunin hröð og að minnsta kosti tvö ný stórhættuleg efni verða mjög afdrifarík á þessu ári. Eldsvoðar verða tíðir og mikið eignatjón í mörgum tilvikum. Manntjón í því sambandi sé ég aðeins

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
STÓRA BÍLASALAN
586 1414
KLETTHÁLSI 2 - 110 REYKJAVÍK

LAKRO 1000

Er gegndreypiefnið hefur verið notað á Íslandi frá því um aldamótin síðustu og Það má með sanni segja að LAKRO 1000 hafi slegið rækilega í gegn á þeim árum sem það hefur verið á íslenskum markaði.

Rykbindir, þéttir og styrkir gólf á iðnaðarhúsum og bílastæðum með því að bindast steypunni

LAKRO helst í gólfinu og endist líftíma steypunnar

NAGLADEKKIN

EKKERT VANDAMÁL - GÓLFIÐ VERÐUR HART SEM STÁL

Lakro fimmfaldar slitþolið og gólfið verður hart sem stál



harka(hja)harka.is, S: 898-4880,

HARKA

MYND: DV/EYÞÓR ÁRNASON

Útlendingar gleypa Ísland

Völvan sér miklar sviptingar í ferðaþjónustunni sem hún er „fyrir löngu komin með leiða á. Við þurfum ekki alla þessa ferðamenn. Við þurfum ekki fleiri lundabúðir," segir hún er hún kveikir sér í annarri sígarettu. Það tekst rétt svo. Kveikjarinn er að syngja sitt síðasta.

„Ferðaþjónustan tengir sig við samnorrænt kerfi þannig að allt bókunarferlið gerbreytist og á eftir að hafa mikil áhrif á ferðamannastraumurinn til lengri tíma litið. Það sýnist mér vera hið besta mál," segir hún. „Ferðamannastraumurinn minnkar þó heldur, en ég sé marga koma frá löndum eins og Kína og Japan. Þetta er auðugt fólk sem eyðir miklum fjármunum hérlendis. Stórt fyrirtæki mun hasla sér völl hér og útrýma litlu aðilunum. Það er vont mál og stjórnvöld neyðast til að grípa inn í."

Þá segir hún erlenda auðjöfra svífast einskis í viðskiptum.

„Erlendir laxveiðimenn skjóta aftur upp kollinum, enda meiri veiði í ám en verið hefur, er það helst vegna þess að þurrkar verða ekki miklir, allt sumarið verður nokkuð mátuleg úrkoma fyrir alla," segir hún. „Erlendir auðjöfrar sýna bújörðum á Íslandi mikinn áhuga og fá valda Íslendinga í lið með sér til kaupanna. Ég sé þónokkrar jarðir komast þannig í eigu útlendinga. Athygli vekur að eftirsóttastar eru þær sem hafa nóg af köldu rennandi vatni og uppsprettur á landareigninni. Ekki endilega laxveiðiár."

Í tengslum við erlend umsvif hér á landi sér hún þó einnig örla á jákvæðum hliðum þess.

„Ný búgrein skýtur upp kollinum, tengist jarðhita, á eftir að vaxa hratt og örugglega. Mér finnst þetta vera eitthvað heilsutengt, að þessu koma margir karlar og konur. Þetta fyrirtæki er staðsett á landsbyggðinni og kemur sem vítamínsprauta inn í byggðarlagið."

MYND: DV/EYÞÓR ÁRNASON

Skúli Mogensen

Bæ, Skúli

„Það verður einnig erlendur auðmaður sem festir kaup á glæsihýsi Skúla Mogensen, fyrrverandi forstjóra WOW. Skúli lætur lítið fyrir sér fara í íslensku þjóðlífi. Mér sýnist hann flytja af landi brott fljótlega á nýju ári. Hann verður einn á ferð og ætlar að einbeita sér að því að koma hausnum og sálinni í lag. Hann hefur ekki tíma fyrir neitt nema sig og börnin framan af ári. Seinnipart árs fáum við stórar fréttir af honum utan úr heimi.

Erfið fæðing verður hjá nýja flugfélaginu Play. Ég sé ekki að greiðist úr því fyrr en á vordögum en ekki er bjart yfir því félagi. Einhverjir maðkar í mysunni. Ég veit ekki nákvæmlega hve stórir og skítugir þessir maðkar eru.

Íslandspóstur í sinni mynd verður lagður niður en nýtt fyrirtæki á rústum þess gamla verður stofnað með dyggum stuðningi ríkisins við sitt fólk."

MoReq2

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT

OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR

ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

Flett ofan af stóru máli

Nú þarf völvan að taka sér smá pásu. Hún röltir inn í gamaldags eldhúsið og hellir sér upp á kaffi. Malar baunirnar sjálf. Smekkmanneskja á kaffi þótt vistarverurnar séu dapurlegar. Hún forvitnast um fjölmiðlaheiminn í stuttu spjalli við ritstjórann. Hún segist enga þekkingu hafa úr þeim heimi en sér ýmsar væringar á nýja árinu. „Er ekki búið að kaupa þig?“ spyr hún hátt og snjallt, með vísan í kaup Torgs á DV. „Jú, mikið rétt,“ segir ritstjórinn og bíður í ofvæni eftir kaffinu.

„Þau kaup ganga eftir,“ segir hún. „En það eru ekki einu vendingarnar. Á fjölmiðlamarkaðnum verða miklar sviptingar, fréttastofa Stöðvar 2 verður lögð niður en að öðru leyti eru ekki miklar breytingar þar á bæ. Háværar raddir um að taka RÚV af auglýsingamarkaði heyrast og unnið verður í þeim málum og einhverjar slíkar breytingar sjáanlegar á árinu. Tilhneiging til að gera fjölmiðla almennt að málgagni auðjöfra vex fiskur um hrygg með dyggum stuðningi stjórnmálamanna, sem flestir eru úr röðum Sjálfstæðismanna. Kristjón Kormákur verður nýr ritstjóri Fréttablaðsins ásamt öðrum umdeildum blaðamanni, en fyrrverandi ritstjórar hverfa til annarra starfa. Á öðrum fjölmiðli á eftir að hefja mikla rannsóknarvinnu bak við tjöldin og fletta ofan af máli sem kemur sér illa fyrir stóran hóp fólks,“ segir hún. „Varðandi minni fjölmiðlana þá ná þeir ekki langt og flestir hverfa. Róðurinn er þungur og auðmenn tíma ekki endalausu fjármagni í þessi batterí. Eignarhald Stundarinnar verður loksins fyllilega afhjúpað og það kemur á óvart.

Bogi Ágústsson mun hverfa til annarra starfa en samt innan fjölmiðlageirans, hann er ætíð farsæll í sínum störfum. Helgi Seljan þarf að gæta þess vandlega að gefa ekki á sér höggstað, það er eins og hann eigi marga óvildarmenn sem eru fljótir að grípa, ef hann kastar boltanum til þeirra. Logi Bergmann siglir lygnan sjó fram eftir ári en þá sé ég miklar breytingar á hans högum.

Varðandi Davíð Oddsson þá er hann við sama heygarðshornið; skrifar rætna pistla og úthúðar hverjum sem hann vill. Hann er öruggur í sínum stóli en verður fyrir áfalli á árinu sem lætur hann endurhugsa lífið.“

Davíð Oddsson

Bogi Ágústsson

Helgi Seljan

> Hann er öruggur í sínum stóli en verður fyrir áfalli á árinu

Sunneva Einarsdóttir. Mynd: Skjáskot/Instagram @sunnevaeinarss

Þessi stétt er dauð

Nú vill völvan fara að einbeita sér að dægurmálunum. Áhrifavaldar eru henni efst í huga.

„Nýja stéttin okkar, áhrifavaldar, nær ekki flugi og heyrist lítið frá þeim á árinu og framvegis,“ segir hún. „Þeir reka sig á að ekki er endalaust hægt að ginna fólk og hvetja til alls kyns vitleysu. Þessi stétt er dauð og skilur ekkert eftir sig nema athyglissjúkt fólk og manneskjur sem háðar eru fegrunaraðgerðum,“ bætir hún við og verður heitt í hamsi.

„Ég veit ekki hvað þið DV-liðar gerið við fasta liðinn Vikan á Instagram því úr litlu verður að moða,“ segir hún og rekur ritstjórann í rogastans að völvan fylgist með slíku.

„Ég þekki þetta fólk. Sunneva Einars er ein af fáum sem spjarar sig því hún er komin inn í Engeyjarættina. Hún klárar sitt nám og gengur í lið með fjármálaöflum. Hún heldur áfram að bæta sig í ræktinni og auglýsa hitt og þetta. Varðandi annan klókan áhrifavald, Manuelu Ósk, sé ég hana fara í enn frekari bisness og umsvif á fasteignamarkaði.

Hildur Guðnadóttir

Hún er ansi klár og spjarar sig vel,“ segir völvan. „Svo eru það hinir; Þórunn Ívars, Ernuland, Aron Mola og hvað þetta lið allt heitir. Það verður gleymt þegar árið er liðið.“

Tónlistin er hins vegar völvunni hugleikin.

„Hildur Guðnadóttir kemst ansi langt með tónlistina í Jókernum en fær ekki Óskarinn – því miður. Ég sé íslenskan tónlistarmann hljóta heimsfrægð á erlendri grundu á árinu og það er ekki Hildur. Mikil gróska verður í tónlistarlífi Íslendinga á árinu. Bríeti gengur mun betur seinni hluta ársins en margt sem hún er að fást við nær ekki hæðum fyrr en 2021. Sigga Beinteins á erfitt ár í vændum, það er eins og ekkert gangi nógu vel sem hún byrjar á, en hennar tími mun koma. Hún þarf að gæta að heilsunni, er orðin langþreytt. Raggi Bjarna er hættur sýnist mér. Hann er sáttur við ævistarfið. Bubbi Morthens verður mikilvirkur á árinu, er hamhleypa til sinna verka og gengur almennt vel bæði í einkalífi og tónlistinni. Mér finnst að hann komi einnig fram á ritvöllinn og tekst vel. Stefán Hilmarsson verður meira áberandi á þessu ári en undanfarið. Hann er þó ekki að gera neitt nýtt en tekst vel að dusta rykið af gömlum smellum. Almennt má svo segja að margir nýir efnilegir tónlistarmenn komi fram á völlinn ekki síst í klassískri tónlist, einnig er djassinn á uppleið sem aldrei fyrr. Ung söngkona í klassískum söng mun vinna sigur í keppni erlendis og fá verðskuldaða athygli. Hljómsveitin Sigur Rós á samúð þjóðarinnar í skattamálunum. Hrint verður af stað söfnun svo Sigur Rós takist að bjarga málum,“ segir völvan og snýr sér að leikurunum í beinu framhaldi.

Stefán Hilmarsson

Manuela Ósk

Sigríður Beinteinsdóttir

Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

SMÍÐI

FLÚÐA SVEPPIR

STEINPRÝÐI

ÞJÓTANDI
Verktakar/vélaleiga
✆ 893 9190

ÞrumuÞór

Erfitt hjá Baltasar

„Stjarna Steinunnar Ólínu leikkonu rís hátt á árinu. Hún er að koma upp úr öldudalnum og fer mikinn. Verk eftir hana hittir í mark. Ég sé hana ekki verða útvarpsstjóri, efast um að hún kæri sig nokkuð um það embætti. Ólafur Darri fær stórt hlutverk í kvikmynd erlendis ásamt hlutverki hér heima líka. Hann er enn á uppleið. Hera Hilmars þarf að gæta heilsunnar á árinu og ekki taka að sér of mörg verkefni. Aníta Briem heldur áfram á sínum frægðarferli en tekst á við nýtt verkefni á árinu sem heppnast ljómandi vel. Katrín Halldóra (Ellý) fær nýtt hlutverk í kvikmynd sem á eftir að fara víða um kvikmyndaheiminn. Hún er rétt að byrja. Jóhannes Haukur Jóhannesson þarf að passa að festast ekki í neinu sérstöku hjólfari. Hann þarf að hyggja að mörgu á árinu en margt gengur honum í haginn. Bergur Þór Ingólfsson er á fljúgandi ferð í átt að frægð og frama, honum gengur vel í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur árið 2020. Þorvaldur Davíð Kristjánsson hefur mörg járn í eldinum á árinu en flest gengur vel hjá honum. Nína Dögg Filippusdóttir á enn miklum vinsældum að fagna, tekur að sér mörg stór hlutverk á árinu og slær í gegn með flest sem hún gerir," segir hún og lofar Pabbahelgar eins og enginn sé morgundagurinn.

Unnur Ösp Stefánsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir

„Þátturinn Pabbahelgar halda áfram við mikinn almennan fögnuð landsmanna. Það er helst að eldri menn séu hneykslaðir og alls ekki ánægðir með „svona þætti". Nönnu Kristínu er klappað lof í lófa. Þetta er bara byrjunin á hennar frægð og frama. Við eigum eftir að fylgjast með henni lengi enn."

Völvan telur víst að við Magnúsi Geir Þórðarsyni taki erfitt verkefni í Þjóðleikhúsinu.

„Nýr þjóðleikhússtjóri reynir að taka til og hreinsa andrúmsloftið. Það er mikið verk en tekst bærilega. Magnús Geir er mikill og góður bisnessmaður en kannski verður þetta verkefni honum ofviða. Það þarf mikla hreinsun í Þjóðleikhúsinu og hún verður sársaukafull."

Völvan sér Baltasar ganga ágætlega „þótt oft hafi honum gengið betur en nú. Baltasar byrjar að byggja í Gufunesi, það er kvikmyndaver sem á eftir að takast vel með, en ég sé annan taka fljótlega við stjórninni þar. Baltasar þarf að passa vel upp á einkalífið. Eftir skilnaðinn missti hann smá stjórn en þarf að ná henni aftur. Hann verður að passa hverja hann elskar og hverjum hann treystir því það eru margir sem myndu glaðir vilja fella hann. Frægðarsól hans hnígur en það er lognið á undan storminum því Baltasar gefst aldrei upp."

Veikindi hjá Birgittu

Í heimi rithöfunda er flest samt við sig. Það leiðist völvunni. „Það er aldrei neitt fútt í þessum rithöfundum," segir hún og glottir.

„Arnaldur og Yrsa tróna á toppnum með sínar glæpasögur. Arnaldur gerir stóran samning við erlent útgáfufyrirtæki, þar eru miklir peningar og frægð í spilinu. Bjarni Fritzson er á óstöðvandi siglingu með barnabækur sínar um hann Orra Óstöðvandi. Þar er ekkert lát á vinsældum. Gunni Helga gefur út nýja unglingabók sem er ekki síður fyrir fullorðna og verður tilnefnd til verðlauna. Birgitta Haukdal skrifar minna, en sinnir tónlistinni á nýjan leik á árinu. Það örlar á erfiðleikum í einkalífi hennar, jafnvel peningavandræðum. Birgitta þarf að taka stóra ákvörðun á árinu og opnar sig um veikindi sem hafa hrjáð fjölskyldu hennar. Ævar Þór Benediktsson heldur áfram á svipuðum nótum. Hann heldur vinsældum sínum hjá ungu kynslóðinni áfram. Ragnar Jónasson skrifar eina glæpasöguna enn, sú verður hans besta að margra mati. Guðrún Mínervudóttir heldur áfram að semja velheppnaða sögu. Margir fleiri rithöfundar, íslenskir, skrifa mikið, einn slíkur fær eftirsótt verðlaun, norræn. Það kemur nafni hans enn frekar á kortið."

SNJÓRINN ER KOMINN!

20% AFSLÁTTUR

AF VETRARKORTUM TIL ÁRAMÓTA FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Til að fá fjölskylduafsláttinn þarft þú að kaupa að lágmarki vetrarkort fyrir 1 fullorðinn auk vetrarkorts fyrir 1 ungling eða barn.

Einnig fáanleg **1–3 daga kort** í brekkurnar.

Nánar á skidasvaedi.is / Sími 530 3000

/skidasvaedin **#bláfjöll**

SKÍÐASVÆÐIN

MYND: DV/HANNA ANDRÉSDSÓTTIR

Landsliðið í handbolta

Á eftir bolta kemur barn

Í heimi íþróttanna sér völvan engin stórfenglegafrek, frekar hneykslismál ef eitthvað er.

„Margir fræknir, íslenskir íþróttamenn gera garðinn frægan á árinu. Landsliðið okkar í knattspyrnu nær langt. Þar kemur ung upprennandi stjarna sterk inn. Þessi stjarna fær stuðning frá sér eldri liðsfélögum sem vita að tími þeirra er að verða búinn. Gylfi Þór Sigurðsson fagnar ágætri velgengni innan vallar en enn meiri utan. Hann tilkynnir það snemma á árinu að hann og eiginkona hans, Alexandra Helga, eigi von á barni. Vissulega gleðifregnir. Aron Einar Gunnarsson og hans eiginkona einbeita sér meira að fyrirtækjarekstri og nýta auðinn úr knattspyrnunni vel. Kári Árnason opnar sig upp á gátt í hlaðvarpsviðtali og lýsir ýmsu misjöfnu sem hefur gengið á í gegnum tíðina í landsliðinu. Það gerir fólk kjaftstopp.

Handboltalandsliðið nær líka langt, en þar verður lykilmaður fyrir slæmum meiðslum á ögurstundu, þannig að landslagið breytist til hins verra hjá þeim.

Gunnar Nelson vinnur eftirsóttan titil á árinu. Sveinn Arnór McKee verður á fljúgandi sundsiglingu allt árið. Í crossfit kemur upp leiðindamál sem skaðar íþróttina varanlega. Um er að ræða skæra, íslenska stjörnu sem verður gripin glóðvolg í steranotkun og alls kyns vitleysu. Einnig kemur upp leiðindamál er varðar Hafþór Júlíus Björnsson sem gengur frá hans ferli. Hann og eiginkona hans hafa átt við frjósemisvandamál að stríða, en um mitt nýtt ár verður von á litlum gleðigjafa.“

Margir falla frá

Nú er völvan að verða búin með bensínið, gasið á kveikjaranum og sígaretturnar. „Ég get ekki haldið áfram mikið lengur,“ segir hún móð, en ritstjórinn er einnig orðinn ansi lúinn í fingrunum.

„Margir þjóðþekktir Íslendingar falla frá á árinu. Að flestum þeirra er sjónarsviptir þótt margir séu komnir vel á efri ár,“ segir völvan en vill ekki nefna nein nöfn. Ritstjórinn sér samt að hún veit hverjir það eru sem kveðja þennan heim.

„Við skulum vera bjartsýn en raunsæ á árinu 2020,“ segir hún snögglega til að breyta um umræðuefni. „Bestu mánuðir ársins fyrir þjóðina í heild eru apríl , ágúst og desember. Í lok ársins 2020 hafa orðið talsverðar breytingar til batnaðar í þjóðfélaginu. Verkalýðshreyfingin er þó á heljarþröm, þar sem forsvarsmenn ráða ekki við sinn hlut. Heilbrigðiskerfið hefur aðeins rétt úr kútnum og menntamálin hlotið talsverða umfjöllun. Mér sýnist stefna í ágætis uppstokkun í grunnskólanum, en framhaldsskólinn situr eftir. Við huggum okkur við að betra er að byrja á grunninum og byggja síðan ofan á.“

MYND: PEXELS

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli

• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

ÁRIÐ Í ÁHUGAVERÐUM MYNDUM

Margt gerst á erlendum vettvangi Umbrotatímar, bæði í náttúrunni og stjórnmálum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

14. janúar Donald Trump, Bandaríkjaforseti er hrifinn af skyndibita og bauð upp á hlaðborð af slíkum mat þegar hann fékk knattspyrnulið Clemson-háskóla í heimsókn í Hvíta húsið eftir að liðið varð meistari. Trump borgaði sjálfur fyrir matinn en starfsmenn hans gátu ekkert gert sökum lokana ríkisstofnana, sem Trump fyrirskipaði sjálfur. Lokanir stóðu yfir í 35 daga, þær lengstu í sögu Bandaríkjanna.

28. janúar Björgunarsveitarmenn skola af sér eftir þrekvirki þegar að stífla gaf sig í Brumadinho í Brasilíu. Fjöldi fólks lést en viðbragðsaðilar gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að bjarga þeim sem var hægt að bjarga.

5. febrúar Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, klappar fyrir Donald Trump.

5. mars Tónlistarmaðurinn R. Kelly mætti í viðtal til Gayle King á CSB vegna fjölda kvenna sem sakaði hann um kynferðisofbeldi. Á einum tímapunkti í viðtalinu stóð R. Kelly yfir Gayle með ógnandi hætti.



10. febrúar Vísindamenn náðu mynd af svartholi í fyrsta sinn í sögunni. Svartholið er í 55 milljóna ljósára fjarlægð frá jörðinni og er 6,5 milljörðum sinnum massameira en sólin okkar.

15. apríl Eldur læsti klónum í Notre Dame-dómkirkjuna í París og eyðilagði hluta af henni.

24. maí Theresa May tárvot er hún tilkynnir afsögn sína sem forsætisráðherra Bretlands.

30. maí Blóðugar Melania Geymonat og Chris eftir að ráðist var á þær í strætisvagni í London vegna þess að þær eru samkynhneigðar. Fjórir karlmenn voru kærðir vegna árásarinnar.

22. júní Aska gýs úr Raikoke-eldfjallinu í Kyrrahafi.

13. júlí Algjört rafmagnsleysi varð á stórum hluta af Upper West Side á Manhattan í New York. Talið er að 73 þúsund manns hafi verið án rafmagns um tíma.

24. júlí Elísabet drottning bauð Boris Johnson til Buckingham-hallar og bauð honum formlega að verða forsætisráðherra Bretlands.

27. september Hér sést verkið Devolved Parliament eftir dularfulla listamanninn Banksy. Það seldist fyrir metupphæð á uppboði, á rúma tólf milljarða Bandaríkjadala.

20. nóvember Minnismiði Donalds Trump á blaðamannafundi þar sem hann vísar ásökunum um leynimakk með Úkraínumönnum á bug.

Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

VERTAK ehf.

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Ásbjörn Ólafsson ehf.

LITLA kilasalan

P. KARLSSON

SAKAMÁL

MÆÐGUR OG MORÐ

Krossviðarkofi var heimili mægnanna Dóttirin vann, en móðirin eyddi

Það er margt í mörgu og það sannaðist í þorpinu Bristol, í Bucks-sýslu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, 17. október árið 2010. Þar í kofaskrifli úti í skógi bjuggu mæðgurnar Rebecca Anne Olenchock og Kimberly Venose. Líf þeirra var ekki dans á rósum og Rebeccu dreymdi um betri tilveru annars staðar, en Kimberly, móðir hennar, virtist sátt við að hírast í greninu, sem klastrað var saman úr krossviðarplötum, og vildi ekki flytja.

Þrátt fyrir að Rebecca byggi ekki við munað eins og rafmagn og rennandi vatn var hún í fullu starfi sem gengilbeina og reyndi af fremsta megni að spara og koma sér upp sjóði.

Draumurinn fjarlægðist

Kornið á það til að fylla mælinn og það gerðist einmitt áðurnefndan dag, árið 2010.

Þannig var mál með vexti að Kimberly glímdi við heilsubrest af ýmsum toga og hafði fengið fengið framfærslueyri um nokkurt skeið. Að lokum var svo komið að skilnaðurinn taldist frágenginn og frekari framfærslu var ekki að vænta úr þeirri átt.

Kimberly varð háðari dóttur sinni, sem sá draum sinn um flutning úr skóginum og betra líf fjarlægjast með degi hverjum. Kornið fyllti mælinn.

Peningar hurfu

Þannig var mál með vexti að Rebecca var í vandræðum með að geyma það fé sem hún fékk fyrir vinnu sína. Engan hafði hún bankareikning og fátt um góða felustaði í hreysinu.

Þó hafði Rebecca afrekað að safna fyrir gamalli Kia-bifreið og fyrir tilstilli Söndru Mullican, talsmanns heimilislausra á svæðinu, fékk hún að geyma eitthvert fé í öryggisskáp í kirkju.

Í járnum Að lokum fyllti kornið mælinn.

Það kom þó tíðum fyrir að Rebecca uppgötvaði að peningar sem hún faldi í kofa mægnanna „höfðu horfið“.

Hafnaboltakylfa og lampaolía

Sem sagt, Rebecca kom móður sinni fyrir kattarnef 17. október árið 2010 á „heimili“ þeirra mægna. Rebecca barði Kimberly með hafnaboltakylfu og hellti síðan lampaolíu yfir hana þar sem hún lá meðvitundarlaus inni í kofaskriflinu og bar að lokum eld að. Að þessu loknu skellti hún hengilás á hurðina og ók á brott.

Kimberly komst til meðvitundar, föt hennar voru alelda sem og kofinn, en engu að síður tókst henni að brjótast út um einn vegginn, staulast að veginum og öskra á hjálp. Andartaki áður en hjarta hennar gaf sig tókst henni að segja einum sjúkraliða að dóttir hennar hefði reynt að drepa hana.

Þriggja dag réttarhöld

Nokkrum dögum síðar fann lögreglan Rebeccu í Johnson City í Tennessee þar sem hún var með karli sem hún hafði kynnst í gegnum internetið.

Réttarhöldin tóku þrjá daga og úrskurðaði dómarinn, Albert Cepparulo, Rebeccu seka. Hann vísaði til föðurhúsanna þeirri fullyrðingu verjanda Rebeccu að ömurlegar heimilisaðstæður hefðu hrakið hana til örþrifaráða.

Vissulega hafði verjandi ýmislegt til síns máls, því alkunna var að nag- og skordýr voru ekki af skornum skammti og bættu ekki úr skák í því sem fyrir taldist ekki til mannsæmandi aðbúnaðar.

Rebecca Olenchock Dreymdi um betra líf.

> **Föt hennar voru alelda sem og kofinn, en engu að síður tókst henni að brjótast út um einn vegginn**

Veik en sek

Cepparulo sagði að Rebecca ætti við andleg vandamál að stríða, en væri engu að síður sek. Þann 12. október, 2011, fékk Rebecca lífstíðardóm fyrir morðið á móður sinni og 12 til 25 ára dóm fyrir íkveikju og dómana má hún afplána samtímis.

Einnig úrskurðaði Cepparulo að Rebecca skyldi njóta meðferðar vegna andlegra veikinda og annars sem þeim tengdist meðan hún afplánaði dóminn. Ó já. ■



SÆTOPPUR

LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Ballið búið

Tuttugu ára samband á enda ■ Limur í hættu ■ Flutti í bílskúrinn hjá mömmu og pabba

Þótt mikil ást og gleði hafi ríkt á árinu var einnig eitthvað um að það flosnaði upp úr samböndum. Oft getur það reynst heillaspor þótt sárt sé, en lífið heldur víst áfram.

Ófært

Stjörnuparið Jón Viðar Arnþórsson og Sóllilja Baltasarsdóttir slitu samvistir eftir tveggja ára ástarsamband. Jón Viðar er ekki síst kunnur fyrir samstarf sitt við bardagakappann Gunnar Nelson og saman stóðu þeir að einu vinsælasta íþróttafélagi landsins, Mjölni. Sóllilja hefur getið sér gott orð sem hönnuður og ljósmyndari. Parið kom saman að gerð Ófærðar 2 sem faðir Sóllilju, Baltasar Kormákur, hafði veg og vanda að. Sóllilja fór þar með lítið hlutverk björgunarkonu og Jón Viðar kom við sögu sem sérsveitarmaður í síðasta þætti sjónvarpsseríunnar.

Kvæðið í kross

Jónína Ben og Gunnar Þorsteinsson, oft kenndur við Krossinn, skildu eftir tæplega tíu ára hjónaband. Þau höfðu búið sér til fallegt heimili í Hveragerði, en eftir skilnaðinn flutti Gunnar til útlanda. Jónína gerði upp skilnaðinn í Facebook-færslu í lok ágúst og skrifaði meðal annars: „Ég hef getað haldið í trúna á Jesú og hann reisir okkur bæði vonandi og gerir lífið léttara. Ég þakka þér daginn Gunnar Þorsteinsson, þetta var æðislegur dagur og veislan skemmtileg. Hver elskar ekki gott partý. Nú er að þrífa upp eftir það!“

Tapað – fundið

Leikstjórinn Baltasar Kormákur bæði tapaði og fann ástina á árinu. Hann skildi við eiginkonu sína, Lilju Sigurlínu Pálmadóttur, en þau hafa verið afar áberandi í þjóðlífinu síðan þau rugluðu saman reytum fyrir um tuttugu árum. Meira um nýja ást Baltasars á næstu síðu.

Hittust í Hnífsdal

Reynir Traustason, fjölmiðlamaður, rithöfundur og fararstjóri, skildi við eiginkonu sína, Halldóru Jónsdóttur. Reynir og Halldóra hittust fyrst á balli í Hnífsdal árið 1972 en nú er ballið búið. Reynir flutti í kjölfarið til Njarðvíkur og hélt áfram að sinna sínu helsta áhugamáli – fjallgöngum.

It's Oh So Quiet

Söngkonan Björk og rithöfundurinn Sindri Freysson slitu sambandi sínu eftir að hafa vakið mikla athygli á haustmánuðum víða um bæ. Björk er ein okkar ástælasta söngkona og Freyr kunnur fyrir skáldsögu sínar og ljóð.

Sagði sjálf frá slúðrinu

Áhrifavaldurinn Lína Birgitta og athafnamaðurinn Elmar Örn Guðmundsson fundu ástina í örmum hvort annars en töpuðu henni jafnharðan. Lína tilkynnti þetta á Instagram. „Þetta er eitt af því sem mér þykir erfitt við að vera „opinber“ manneskja. Að líða eins og ég „þurfi“ að segja frá þessu þrátt fyrir að vilja það alls ekki. Ég veit bara fyrir víst að ef ég segi þetta ekki sjálf þá mun koma slúður og það er eitthvað sem ég vil virkilega koma í veg fyrir.“

Hótað limlestingu

Ein athyglisverðustu sambandsslit ársins voru eflaust þegar Heiðdís Rós Reynisdóttir og Farzad Sepahifar slitu trúlofun. Farzad fékk tímabundið nálgunarbann gegn henni og sakaði hana um að ætla að skera af honum typpið. „Ég ýtti henni frá mér, hljóp frá og þá rauk hún inn í eldhús og sótti hníf. Hún ætlaði að skera af mér typpið. Hún kallaði það hátt, aftur og aftur: „Ég ætla að skera af þér typpið“. Málið er enn rekið fyrir dómstólum.

Stöngin út

Logi Geirsson, fyrrverandi atvinnumaður í handbolta og landsliðsmaður, skildi við Ingibjörgu Elvu Vilbergsdóttur, en þau voru saman í tíu ár. Þau eiga saman tvö börn, soninn Vilberg og dótturina Júlíu.

Hjónabandið búið

María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttakona á RÚV, og Pétur Árni Jónsson, framkvæmdastjóri Heildar fasteignafélags, fóru hvort í sína áttina á árinu, eftir margra ára samband og þrjú börn. Þau giftu sig árið 2011 í Dómkirkjunni og gaf Karl Sigurbjörnsson biskup þau saman, veislan fór fram á Kjarvalsstöðum.

Friform

AUÐHUMLA

netto

ZENUS

NETÖKUSKÓLINN

Ár ástarinnar

Ástin kviknaði hjá fjölmörgum á árinu – Baltasar fann ástina og Sunneva var tekin inn í Engeyjarættina

23 ára aldursmunura

Þær fréttir bárust á vormánuðum að leikstjórinn Baltasar Kormákur væri byrjaður að slá sér upp með listakonunni Sunnevu Ásu Weisshappel. Talsverður aldursmunur er á turtildúfunum eða 23 ár. Þau geisla saman og mættu til að mynda saman á Evrópsku kvikmyndaverðlaunin í Berlín fyrir stuttu. Baltasar þarf vart að kynna, en hann hefur gert garðinn frægan síðustu ár sem leikstjóri, bæði hér heima og erlendis. Síðustu verkefni hans eru önnur sería af Ófærð, Hollywood-myndin Adrift og íslenska kvikmyndin Eiðurinn. Listakonan, búningahönnuðurinn og ævintýrastelpan Sunneva Ása Weisshappel hlaut til að mynda Grímuverðlaunin árið 2015 fyrir búninga í sýningunni Njálu og hefur starfað mikið erlendis við búningahönnun með leikstjóranum Þorleifi Erni Arnarssyni, en jafnframt sinnt myndbandagerð og kóreógrafíu fyrir leikhúsverk.

Engeyjarættin kallaði

Þegar byrjaði að hausta all hressilega var samband áhrifavaldsins vinsæla, Sunnevu Einarsdóttur, og ráðherrasonarins Benedikts Bjarnasonar opinberað. Benedikt er sonur Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Þóru Margrétar Baldvinsdóttur hönnunarráðgjafa. Sunneva er með tugi þúsundi fylgjenda á samfélagsmiðlum og er í námi.

Hraust og hamingjusöm

Crossfit-stjarnan Katrín Tanja Davíðsdóttir frumsýndi nýjan kærasta í lok sumars. Sá heppni heitir Streat Hoerner og er einnig mikill afreksmaður í crossfit. Eitt hraustasta par heims.

Catalina í klóm ástarinnar

Miðbaugs-Maddaman Catalina Ncogo, sem hefur verið með annan fótinn ytra, nánar tiltekið í Amsterdam, fann ástina á árinu og deildi því með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum. DV hefur ekki komist að nafni hins heppna en þau íhuga nú barneignir.

Bryndís og Karl

Þær fréttir bárust í byrjun árs að söngkonan og skemmtikrafturinn Bryndís Ásmundsdóttir væri gengin út, en hún er landsþekkt sem holdgervingur Tinu Turner í mörgum sýningum í gegnum árin. Sá lukkulegi er Karl Magnús Gústafsson.

Fjarást

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, leik- og fjölmiðlakona, fann ástina í örmum rithöfundarins Bergsveins Birgissonar. Bergsveinn hefur verið búsettur í Noregi um nokkurt skeið og skrifað nokkrar skáldsögur og ljóðabækur. Steinunn Ólína er ein ástsælasta leikkona landsins og hefur skrifað beitta pistla í Fréttablaðið. Hún var gift leikaranum Stefáni Karli Stefánssyni sem lést 21. ágúst 2018 eftir tveggja ára baráttu við krabbamein. Þau eiga saman fjögur börn.

Grallarar

Borgarfulltrúinn Vigdís Hauksdóttir fann ástina í örmum Garðars Kjartanssonar, fyrrverandi veitingamanns og sölufulltrúa hjá Trausti, þegar aðeins var farið að líða á árið. „Við kynntumst í sólinni á Kanarí fyrir nokkrum mánuðum," sagði Vigdís í samtali við DV um mitt sumar. Síðan þá hafa turtildúfurnar brallað margt saman og fóru nú síðast á tónleika með Rod Stewart.

Ást og pólitík

Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent, og Magnús Orri Schram, fyrrverandi alþingismaður, staðfestu samband sitt í vetur. Þau hafa bæði verið áberandi í íslensku samfélagi síðastliðin ár. Þórey var aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þegar hún var dómsmálaráðherra. Magnús Orri er fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar.

Rikka ástfangin

Fjölmiðlakonan geðþekka Friðrika Hjördís Geirsdóttir, betur þekkt sem Rikka, fann ástina í örmum Kára Hallgrímssonar, stjórnanda hjá erlenda bankanum J.P. Morgan. Í kjölfar ástarblossans flutti Rikka út til London til að búa með sínum heittelskaða og hafa þau brallað ýmislegt skemmtilegt saman síðustu mánuði.

„Heppin ég"

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, ráðgjafi í vinnusálfræði og fyrrverandi fegurðardrottning, og Reynir Grétarsson, stofnandi og eigandi Creditinfo Group, opinberuðu samband sitt á samfélagsmiðlum í nóvember en hafa verið saman um nokkurt skeið. „Heppin ég," skrifaði Ragnheiður við mynd af parinu þegar að sambandið var staðfest.

Amor heilsaði

Sumarástin blossar víða og náðu ástarörvar Amors að hitta þúsundþjalasmiðinn Vilhelm Anton Jónsson, eða Villa Naglbít, og ljósmyndarann Sögu Sig. Listrænt og fallegt par.

PEP FLUGELDAR

Opnum 28. des.

Erum staðsettir á **DRAGHÁLSI 12**, 110 Reykjavík
www.pepflugeldar.is

Cloud Stone
rakettupakki
3.900 kr.

UPPHAF
49 skota terta
11.900 kr.

HVELLURINN
360 skota terta!
34.900 kr.

600 skota ýlutertur
2 fyrir 1
4.900 kr.

Tertupakki með
5 tertum
14.900 kr.

Opnunartímar

28. desember	12.00–22.00
29. desember	10.00–22.00
30. desember	10.00–22.00
31. desember	10.00–16.00
6. janúar	12.00–20.00

Spáð í stjörnurnar

Hrútur
21. mars–19. apríl

Happatölur: 4, 11, 36
Happadagur: Miðvikudagur

Ástin Ástalífið er stöðugra en það hefur verið undanfarin ár. Hrúturinn er búinn að læra mikið inn á sjálfan sig og tilfinningar og er loksins farinn að uppgötva að hann sjálfur er nóg. Hrútar sem eru í sambandi ættu samt að varast að tala ekki mjög opinskátt og hispurslaust við makann um málefni sem þeir veit að makinn á erfitt með að opna sig um. Þótt hrúturinn þekki vel inn á sig sjálfan verður hann einnig að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra – annars gæti sambandið verið í hættu. Einhleypir hrútar eru sjálfum sér nógir þetta árið og engin alvarleg ástarsambönd í kortunum. Kannski bankar ástin á dyr þegar þú átt síst von á?

Framinn Þú hefur leynt og ljóst verið að setja þér markmið í vinnu eða skóla og klífur metorðastigann hratt en örugglega. Þú skalt búa þig undir að það klifur taki mikið á þig andlega. Þú finnur fyrir meiri orku og vinnugleði í byrjun árs sem hjálpar þér að koma þér af stað. Þegar líða fer á árið færðu sífellt meira krefjandi verkefni og í lok árs nærðu markmiðum þínum með stæl.

Fjármálin Fjárhagur er nokkuð góður. Í raun einkennist allt árið þitt af stöðugleika og þar eru fjármálin engin undantekning. Mundu bara að spara afgangseyrinn og koma upp varasjóð – það á eftir að vera mikið heillaspor.

Heilsan Þér líður betur líkamlega og andlega. Það er að þakka þessari miklu sjálfskoðun sem þú hefur verið í síðustu vikur og mánuði. Þú finnur fyrir meira jafnvægi og það auðveldar þér að hugsa betur um hvað þú borðar.

Naut
20. apríl–20. maí

Happatölur: 3, 19, 42
Happadagur: Þriðjudagur

Ástin Nú er kominn tími til að þú skoðir þín nánustu sambönd og ákveðir hvað þú raunverulega vilt út úr þeim. Þú vilt kannski ekki breyta til þegar kemur að ástinni, en það borgar sig til lengri tíma litið. Það er algjör óþarfi að hanga í óhamingjusömu sambandi. Opnaðu þig og vittu til – kannski er maki þinn sama sinnis. Einhleyp naut eru með sjarmann í botni og þurfa að passa sig á tilfinningum annarra. Ekki gefa öðrum óþarflega mikið undir fótinn ef þú ætlar ekki að standa við stóru orðin.

Framinn Ef þú vinnur við skrifborð allan daginn í frekar skrifstofulegu andrúmslofti þá ættir þú að huga að því að finna þér vinnu þar sem þú leysir sköpunarkraftinn úr læðingi. Þú ert nefnilega miklu meira skapandi en þú heldur og rútína og fyrirsjáanleiki í vinnu hentar þér illa. Þér gengur ágætlega í vinnunni en ættir jafnvel að spá í að stofna þitt eigið fyrirtæki til að geta verið þinn eigin herra.

Fjármálin Þú lentir í fjárhagskröggum árið 2019 sem eiga eftir að smita út í árið 2020. Þú þarft að setja það í forgang að laga það eins fljótt og þú getur. Það er dýrt að skulda og erfitt að hafa fjárhagsáhyggjur hangandi yfir sér langt fram á vor.

Heilsan Þú hefur einnig fundið fyrir því að heilsu þinni hrakar. Þú verður að setja þig í fyrsta sæti þegar kemur að því og velja rétt. Ekki velja mat, drykk eða hreyfingu sem lætur þér líða illa.

Tvíburar
21. maí–21. júní

Happatölur: 22, 50, 91
Happadagur: Sunnudagur

Ástin Þetta er svo sannarlega ár rómantíkurinnar eftir mörg mögur ár. Árið 2019 stóðstu á krossgötum. Árið 2020 veistu nákvæmlega hvað þú vilt og þú ætlar að sækjast eftir því. Ástin ber á dyr og áður en þú veist af hrífur hún þig með sér. En þú ert með báða fætur á jörðinni því þú ætlar ekki að lenda aftur í sambandi með einstaklingi sem heldur aftur af þér. Þú þarft að fá að blómstra og þú þarft að fá rými til að segja þínar skoðanir án þess að vera dæmd/ur fyrir þær.

Framinn Það virðist sem uppsagnir hafi átt sér stað á vinnustað þínum og þær halda áfram á nýja árinu. Þótt þú sért örugg/ur með vinnu þá tekur þetta á móralinn og þú byrjar að leita þér að nýju starfi. Þig langar að söðla um og gera eitthvað allt annað. Þig langar í álagsminni vinnu og stekkur á tækifæri sem þér finnst kannski galið. Sú vinna er erlendis og þótt erfitt sé að flytja búferlum þá verður þetta mikið gæfuspor í þínu lífi.

Fjármálin Þú ert svo sem ekki í vanda stödd/staddur en peningar á milli handanna mættu vera meiri. Þú hefur ávallt verið skynsöm/samur þegar kemur að peningum og ef þú átt eitthvað eftir þegar þú hefur lagt inn á sparireikning ættir þú að gera eitthvað skemmtilegt fyrir rest.

Heilsan Þú hefur verið að taka þig á, hreyfa þig meira og borða skynsamlegar. Þú grennist á nýja árinu og styrkist, sem veitir þér mikla ánægju. Þú hefur meira sjálfstraust og ánægðari með þig.

Krabbi
22. júní–22. júlí

Happatölur: 26, 75, 99
Happadagur: Mánudagur

Ástin Þú lærir mikið um þig sjálfa/n út frá því hvernig aðrir sjá þig. Það er ýmislegt í fari þínu sem getur stundum gert þína nánustu gráhærða en þú bætir það upp með þínum endalausa sjarma og húmor. Árið 2020 er frábært ár til að finna ástina fyrir krabba, svo lengi sem þeir hafa ekki fundið hana nú þegar. Þú þarft samt fyrst að hugsa hvað þú vilt í þínu langtíma sambandi.

Framinn Það koma upp einhver átök á vinnustað. Þú ert ekki í hringiðunni heldur fremur áhorfandi. Samt sem áður taka þessi átök sinn toll og þú efast um stöðu þína. Það leiðir af sér að þú ferð í samkeppni við vinnufélaga. Það er hollt að fara í samkeppni en þú skalt muna að berjast á heiðvirðann hátt.

Fjármálin Í peningamálum ert þú sveipuð/aður mikilli lukku. Þú færð óvænt mikið fé á fyrstu mánuðum ársins og þú þarft engar áhyggjur að hafa.

Heilsan Þú skalt varast að hætta að hreyfa þig. Þú ert alltaf á iði og það gefur hjartanu, æðum og lungum mikið og gott súrefni. Það versta sem þú getur gert er að drabbast niður í hreyfingarleysi. Mundu það.

Ljón
23. júlí–22. ágúst

Happatölur: 6, 13, 84
Happadagur: Sunnudagur

Ástin Breytingar einkenna ástalífið 2020. Þú kemst að einhverju nýju varðandi maka þinn í dag. Þó að þessar upplýsingar séu ekki hræðilegar þá breyta þær sýn þinni á makann sem verður til þess að þú verður að endurhugsa sambandið, jafnvel slíta því. Þetta kemur þér ekki á óvart því þú hefur verið að velta þessu fyrir þér í talsverðan tíma og lokaðir augunum fyrir vissum hlutum.

Framinn Fókusinn er í botni í vinnu eða skóla og þú hefur sjaldan verið orkumeiri. Þú skilar þínu og rúmlega það og samstarfsmenn þínir eru hálfhræddir við þessa framtakssemi. Þú finnur þig aftur eftir áralanga hvíld – þú varst nefnilega alltaf mjög dugleg/ur í vinnu en týndir þér í nokkur ár.

Fjármálin Þú getur verið eyðslukló, en árið 2020 mætir sparsama ljónið á völlinn. Þú sparar meira en þú eyðir og það er eins og þú sért að búa þig undir magra tíma.

Heilsan Þig langar að prófa nýja hluti og dregur vini þína með á alls kyns námskeið og skemmtilegheit. Þú hreyfir þig mikið, borðar hollari mat en heldur í nautnasegginn innra með þér. Virkilega góð blanda. Í stuttu máli: Þú verður þú sjálf/ur árið 2020 og verður bættari manneskja þegar því lýkur.

Meyja
23. ágúst–22 .sept

Happatölur: 9, 11, 38
Happadagur: Laugardagur

Ástin Meyjan er á grænni grein í ástamálum. Árið 2019 var gjöfult þegar kom að ástinni og árið 2020 verður enn betra. Þú hefur fundið það sem þú leitaðir svo lengi að og gerir hvað sem er til að halda í það. Þú hefur kynnst sjálfri/um þér alveg upp á nýtt síðustu ár og árið 2020 nýtir þú alla þessa visku til að gera líf þitt enn betra. Einhleypar meyjur geta átt von á því að kynnast draumamakanum í byrjun árs.

Framinn Þú sérð allt skýrar og sérð hve mikils virði þú ert. Þess vegna sættirðu þig ekki við neitt bull á vinnustaðnum. Í raun er mikið rót á þér í vinnulífinu og þú þráir að finna vinnustað sem kann að meta þig almennilega. Að skipta um starfsvettvang gæti verið mjög hollt fyrir þig.

Fjármálin Þú bætir þig í fjármálalæsi, enda búin/n að ganga í gegnum alls kyns hæðir og lægðir. Þú lærir betur á peninga og nærð að leggja aðeins til hliðar, þótt erfitt sé.

Heilsan Loksins mætir orkumikla meyjan aftur á svið. Þú kemur þér upp rútínu og hugsar vel um þig sjálfa/n eftir margra mánaða dvala.

Góð ráð fyrir gæludýrin um áramótin

Gott er að hafa gæludýrið í herbergi þar sem lítið heyrist inn, jafnvel án glugga

Hafðu dregið fyrir glugga

Hafðu útvarp eða sjónvarp í gangi

Vertu með dýrinu ef hægt er

Bjóddu uppáhalds nagdótið

Gefðu Kong með góðri fyllingu (fryst fylling endist extra lengi)

Meatlove blautfóður er frábær fylling í Kong

Gefðu gott bein (ekki eldað)

Farðu með hundinn út í taum (veist aldrei hvenær einhver fer að skjóta upp í nágrenninu)

Farðu tímanlega út með hundinn fyrir áramótin (frábær tími er meðan á skaupinu stendur)

Haltu kettinum inni dagana í kringum áramót ef hægt er

Gætið þess að dýrið sé í öruggu rými þar sem ekki er hætt við að það sleppi út þegar umgangurinn er hvað mestur

Gæludýr eiga ekki heima á brennum - slys geta alltaf gerst

gæludýr.is

Smáratorg · Bíldshöfði · Grandi · Hafnarfjörður

Slakandi lyktarsprey, hálsólar og lyktardreifarar í innstungur frá Canosept og Felisept

Inniheldur efni sem eru náttúrulega slakandi fyrir hunda og ketti

Sanal Relax - töflur með náttúrulegum jurtum sem eru þekktar fyrir slakandi áhrif á hunda, ketti og nagdýr án þess að vera sljóvgandi

Vog
23. sept–22. okt

Happatölur: 10, 80, 93
Happadagur: Föstudagur

Ástin Þær vogir sem hafa verið að glíma við erfiðleika í ástarsamböndum þurfa ekki að hafa áhyggjur af þeim árið 2020. Þetta leysist allt og við blasa bjartari tímar – með eða án maka. Ekki gleyma þeim lexíum sem þú hefur lært síðasta árið – það á við öll samböndin í lífi þínu. Einhleypar vogir kæra sig ekkert um ástina en hún gæti bankað upp á. Þá þarft þú að vera viðbúin/n því að velja vel og láta ekki aðra ráðskast með þig.

Framinn Þú hefur meiri löngun til að vinna mikið, en ekki aðeins í þínu aðalstarfi heldur einnig í áhugamáli þínu. Það er eitthvert áhugamál sem togar rækilega í þig og þú skalt láta undan og láta slag standa. Þetta áhugamál tengist vinnu með höndunum og er það líkt og hugleiðsla fyrir þig. Í byrjun árs kemur nýtt og spennandi atvinnutækifæri upp í hendurnar á þér sem þú ættir að skoða gaumgæfilega áður en þú stekkur á vagninn.

Fjármálin Engin stórútgjöld eru fyrirsjáanleg, allavega ekki fyrstu mánuði ársins. Því hefur þú nóg á milli handanna og hefur þróað með þér betra vit fyrir peningum. Þú eyðir peningum í þá sem þú elskar, og hefur alltaf gert það. Það er ekkert að fara að breytast.

Heilsan Ekki láta græðgina verða þér að falli. Láttu sykraðan og feitan mat vera og finndu hreyfingu sem þú hefur gaman af.

Sporðdreki
23. okt–21. nóv

Happatölur: 19, 23, 63
Happadagur: Laugardagur

Ástin Það er líkt og þú hafir losnað úr fjötrum fortíðar, sem er dásamleg tilfinning. Nú tekur við ár ástríðunnar þar sem þú hefur nóg af orku og ást til að gefa. Þú kynnir þér nýjar og spennandi leiðir til að upplifa unað og heill heimur opnast. Hvort sem þú ert í sambandi eður ei þá á eitthvað stórt eftir að gerast á árinu, til dæmis nýtt barn eða brúðkaup. Þetta ár mun líða hjá hraðar en þú getur ímyndað þér og því skaltu nýta hvert augnablik og njóta.

Framinn Þér leiðist í vinnunni og kemur litlu í verk. Þetta þýðir bara eitt: Þú verður að skipta um vinnu. En landslagið á atvinnumarkaði er ekkert til að hrópa húrra yfir og því dregur þú lappirnar með þessa stóru ákvörðun. Það er leti að hrjá þig og þú verður að finna leiðir til að sporna gegn henni – annars dregur hún þig niður í svaðið.

Fjármálin Þú ert frekar nægjusöm/samur og því hafa fjármál aldrei vafist fyrir þér. Í þeim efnum er lítið að frétta árið 2020 og lífið gengur sinn vanagang.

Heilsan Þú skalt nýta fyrstu mánuði ársins í að taka mataræðið í gegn. Þú munt finna stóran mun á þér ef þú gerir það. Þú leitar til sérfræðings sem segir þér hvernig þú átt að borða miðað við blóðflokk. Það mun skipta sköpum fyrir orkustigið í líkamanum.



Bogmaður
22. nóv–21. des

Happatölur: 27, 49, 94
Happadagur: Sunnudagur

Ástin Hvort sem þú ert einhleypur elsku bogmaður eða lofaður þá er árið 2020 mikið breytingaár. Ef þú ert einhleypur þá er þetta tilvalið ár til að leita að nýjum maka því það er svo mikil ást í loftinu. Ef þú ert lofaður þá þýðir það ekki að þú skiljir heldur fremur að þú leitir hjálpar eða ráðgjafar til að laga það sem er aðeins bogið, áður en það brotnar. Það er engin skömm í því!

Framinn Þér vegnar vel í vinnunni – betur en þér hefur gengið undanfarin ár. Það er einhver skýrleiki og æðruleysi sem umlykur þig og þú tekur á öllum vandamálum strax í staðinn fyrir að fresta þeim. Þú vinnur mikið og ert oft þreytt/ur eftir vinnu. Það gerir þig leiða/n en þú verður að sama skapi að finna einhverja dægradvöl til að hafa gaman eftir að þú stimplar þig út á daginn.

Fjármálin Vegna þess að þú vinnur svo mikið þá uppskerðu vel. Þú kannski syndir ekki í seðlum, en í fyrsta sinn á ævinni áttu meira en nóg til að lifa af. Það er stórkostleg tilfinning.

Heilsan Fylgstu vel með meltingunni því þú gætir verið með einhvers konar kvilla eða sjúkdóm sem gerir það að verkum að þú getur ekki borðað hvað sem er. Reyndu að borða meira af trefjum og leitaðu til læknis.

Steingeit
22. des–19. janúar

Happatölur: 44, 46, 69
Happadagur: Fimmtudagur

Ástin Þær steingeitur sem hafa verið stutt saman geta hlakkað til ársins 2020. Það er ár breytinga og stórra ákvarðana; flytja inn saman, búa til börn, trúlofa sig. Það er svo mikil ást í loftinu og þú ert tilbúin/n til að binda þig. Í langtímasamböndum steingeitarinnar verður hins vegar eitthvað að breytast svo hún nenni að gefa meiri ást. Leitaðu til vina þinna og fáðu ástarráð, því nánast öllu er hægt að bjarga ef gripið er inn í nógu snemma.

Framinn Þú ert einbeittari og orkumeiri í vinnunni. Þú færð meira krefjandi verkefni og færð að kynnast nokkrum viðskiptavinum betur, jafnvel mynda vinasambönd. Þú gleymir samt ekki að sambönd við vinnufélaga eru einnig mikilvæg og þú gerir í því að reyna að bæta þau, sem á eftir að skila sér í góðum árangri almennt í vinnunni.

Fjármálin Þú gengur í gegnum erfitt tímabil fjárhagslega og þér reynist erfitt að koma þér upp úr lægðinni. Þú ert samt svo klók/ur að þú getur nánast hvað sem er, þannig að ekki örvænta.

Heilsan Haltu áfram að gera það sem þú hefur verið að gera – það er að virka!



Vatnsberi
20. janúar–18. febrúar

Happatölur: 17, 28, 42
Happadagur: Miðvikudagur

Ástin Lofaðir vatnsberar eru einstaklega ástríðufullir þetta árið og finna upp á nýjum og spennandi leiðum til að láta logann brenna sem skærast. Einhleypir vatnsberar leita að hinni einu, sönnu ást þetta árið eftir marga froska í fortíðinni. Sú leit gengur með afburðum vel og gefur af sér samband seinnipart árs sem er til langtíma, jafnvel að eilífu.

Framinn Þú þarft að varast að vera of hvatvís í vinnunni eða skóla. Þar safnast saman alls kyns ólíkt fólk og þú verður að virða að það er ekki allir eins og þú. Í vinnunni gengur allt á afturfótunum í kringum þig og þú kemur litlu í verk fyrri part árs. Um miðbik ársins verður áfall á vinnustaðnum sem breytir öllu og fær þig til að hugsa þér til hreyfings.

Fjármálin Það er ekki langt síðan þú glímdir við skuldahala. Nú geturðu hins vegar borgað allar skuldir og fyrir það sem þú þarft. Passaðu þig vel að lenda ekki í skuldafeni aftur.

Heilsan Þú hefur verið að glíma við einhverja kvilla sem hafa færst í aukana. Nú er kominn tími til að þú leitir til sérfræðings og fáir bót þinna mála – áður en það er of seint.

Fiskar
19. febrúar–20. mars

Happatölur: 36, 70, 100
Happadagur: Mánudagur

Ástin Þig þyrstir í ævintýri og stuð en maki þinn gæti haft allt aðrar þarfir en þú. Ætlar þú að setja þínar þarfir í fyrsta sæti eða sætta þig við það sem þú hefur? Það er stóra spurningin sem þú þarft að svara og það sem fyrst. Þú skalt síðan passa þig á afar heillandi manneskju sem getur hvatt þig til að fremja hjúskaparbrot. Ekki gera það elsku fiskur – ljúktu hinu sambandinu áður en þú hoppar upp í rúm með einhverjum öðrum.

Framinn Þú ert í frábærri vinnu þar sem hæfileikar þínir blómstra. Seinni part árs kemur hins vegar nýr aðili inn á vinnustaðinn sem ógnar þér að einhverju leyti. Það væri dæmigerður þú að leggja árar í bát en þú finnur fyrir nýjum krafti og berst fyrir þínu.

Fjármálin Þú spáir lítið í fjármálin sem gæti orðið til þess að þú lentir í kröggum. Ekkert alvarlegt, en væri betra að sleppa við það. Passaðu þig!

Heilsan Þú tekur eftir að slæmir ávanar þínir hafa slæm áhrif á líf þitt. Á vormánuðum einsetur þú þér að sleppa þessum ávönum og tileinka þér nýja og betri. Þú sérð ekki eftir því! Ég sé þig breyta út af vananum og keppa í keppnisíþrótt með góðum árangri.



Góð steik þarf alvöru krydd

Gleðileg jól
og fa
ko

KRÓKUR

AÐALVIK
BYGGINGAVERKTAKAR

âman

Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

RISTORANTE
Caruso

Fagverk verktakar

JS-HÚS ehf.

MUR & TRÖPPUVIÐGERÐIR

SVN
Síldarvinnslan hf

RG Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Helgarkrossgátan



	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	kærleikur		krauma		hótar	ambátt	einn til
	→		↴		gjalla			
	naðran							
	álít		2		3 eins			
		slælega / vikur					arða	
	skel				pípa / matast			3
	2 eins		↓		6	elg		skítugt
Teikning: CM eftirprentun bönnuð	↓	stétt	nafn-giftina / lærði		8				
gáska					↓	farvegur / borðandi		tóntákn	
skel				þoka	kvendýrið				
skvaldra					ýta / álegg		vitstola / þegar		
2 eins			pysja / strit	1		geimvera / hvað?			númerið
ana						dritur / ílát			
		fuglana		tikka / stertur	10		uppfylla	2 eins	
bragðbætta						stafur / spotti			
íþróttafél.	9		4 eins		4 eins	pilla			
rórilla					elska / ýtt			unaður	7
krókar						eldsneyti / tötrana			gripdeild
form				bjáni / loka			kvendýr / snöggur		
		týna / hnjóta				banka			
	slabb		mjög		fuglinn / 3 eins	11			
pár					seinkun		til	5	hrjá	hægur
trjákvoða				raftar						
óðagot				ekta			eldsneyti			
hluta					þéttar			4		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11

Sudoku

Auðveld

			2	4		5		
6		7						
	5		8					
4				1				
					4		1	
	6			5			3	
3					1			6
8					6	4	7	
7		6				8		1

Erfið

			9					3
3	4			1		6		
	5	6	4					8
1	3	2	6	5	8			
	9		7	4	3		6	
	6	4	2	9	1	8		
	2			8		3	1	9
				2			8	
	8				9	4	5	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**

FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Þorfinnur Finnsson

Ástúni 2.
200 Kópavogi

Lausnarorðið var **PERLUSKEL**

Þorfinnur hlýtur að launum bókina Vetrargulrætur

Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Drekkingarhylur

Síðustu dagana fyrir dauða sinn hringdi Nel Abbott margoft í Jules systur sína, en hún hundsaði hróp hennar á hjálp – og Nel drekkti sér.

Jules hafði heitið sjálfri sér því að snúa aldrei aftur til smábæjarins Beckford, en á nú engra kosta völ. Jules óttast minningarnar, húsið sem þær systur ólust upp í, öll andlitin úr fortíðinni. En mest af öllu óttast hún hylinn í ánni sem rennur í gegnum bæinn. Fyrr um sumarið drukknaði ung stúlka í honum.

Og Jules veit að Nel hefði aldrei stokkið sjálf út í hann.

HÖFUNDUR BÓKARINNAR ER PAULA HAWKINS

★★★★

Vinsælasta Fjölskyldusýningin á Íslandi

MAMMA KLIKK!

Uppselt í janúar

Tryggið ykkur miða í febrúar

Sýningar í febrúar

Laugardagur	1. febrúar kl 13 og 16
Sunnudagur	2. febrúar kl 13 og 16
Laugardagur	8. febrúar kl 13 og 16
Sunnudagur	9. febrúar kl 13 og 16
Laugardagur	15. febrúar kl 13 og 16
Sunnudagur	22 febrúar kl 13 og 16
Laugardagur	23. febrúar kl 13 og 16

gaflara LEIKHÚSIÐ

tix.is

Orðaleit Völvunnar

G D E J O M N H Z X S F N V J U S E K K
T P S Y I V O D Q Ó L M A N E U V N H B
A D N Q V J K O J U Q P F Y Ú I M E G U
R J V R V P D L G V Y P K L D K S A I O
E K V L Y I U E V Ö L V A N Z L L L W H
V E W V U N L S F V P Z B Z Í Q M A A Y
M E O O R D O A T E U J H X S V M A K P
A E W Ö A T U E Q D A K L Ó F U D L U H
S N J R Ó W R L E P K N O T D E Y R H I
F T N M A T H E P N S W L G R K G P G H
S J A E A Y Z X J X A M L Z X G U Z S N
M R Ö O R Q H L Z V T L B F A J Y O E E
Á U M L Z B A X D C Ó S D E D H N P G T
P C Z D S F A Q G V M D L M L O P Y O U
A W V X R K T T W Y A L D V F O D Y K S
R K P V L K Y J Ó M R A F L Á X G L V T
T I P U T Z A L W M Á S B B I J R Q T E
Ý C V Q M Y M L D L A N D S B J Ö R G I
I B N D R T M N C A Y R V B A W C F U K
C Z C X R P G O Q I S K Á O O L N S V S

FJÖLSKYLDA
HULDUFÓLK
PARTÝ
TERTA
VÖLVAN
ÁRAMÓTABRENNA

FLUGELDAR
KALKÚNN
SAMVERA
VEISLA
ÁLFAR
ÁRAMÓTASKAUP
HNETUSTEIK
LANDSBJÖRG
STJÖRNULJÓS
VÍN
ÁRAMÓT

Óskum

viðskiptavinum okkar
gleðilegs nýs árs, ást og hamingju
á komandi ári með þakklæti fyrir
viðskiptin á liðnum árum.

RÚGBRAUÐSGERÐIN

VEISLUMIÐSTÖÐIN

BORGARTÚNI 6 · Sími 517 0102

Brúðkaup ársins

Þekktir Íslendingar duglegir að gifta sig – Gylfi og Alexandra giftust á Ítalíu

Fjölmargir þekktir Íslendingar létu pússa sig saman á árinu sem er að líða og voru brúðkaupin jafn misjöfn og þau voru mörg. Hér eru nokkur af þeim helstu.

Hjón í stuði Álfrún og Viktor gengu loksins í það heilaga. Mynd: Skjáskot Instagram

Janúar

Loksins

Álfrún Pálsdóttir, kynningarstjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, gekk að eiga knattspyrnukappann Viktor Bjarka Arnarsson í lok janúar. Fögnuðu gestir með hjónunum í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi en Álfrún og Viktor hafa verið saman um margra ára skeið. Samband þeirra hefur getið af sér tvö börn, dreng og stúlku.

Hraustur Dýri á kirkjutröppunum. Mynd: Skjáskot Instagram

Maí

Kúnstir á kirkjutröppum

Hagfræðingurinn Dýri Kristjánsson, sem hefur gert garðinn frægan síðustu ár í hlutverki Íþróttaálfsins úr Latabæ, kvæntist unnustu sinni, Ingibjörgu Sveinsdóttur, í Fríkirkjunni í Reykjavík. Dýri byrjaði tíu ára að æfa fimleika hjá Gerplu og hefur unnið til fjölda verðlauna á ferlinum. Það var svo árið 2006 sem Latibær fékk Dýra til liðs við sig og kom það því kannski ekki á óvart að Dýri hafi staðið á annarri hendi á kirkjutröppunum áður en hann játaðist Ingibjörgu sinni.

Á eftir bolta kemur brúðkaup Alexandra og Gylfi.

Júní

Brúðkaup ársins

Óumdeilanlegt brúðkaup ársins var þegar að knattspyrnukappinn Gylfi Þór Sigurðsson kvæntist Alexöndru Helgu Ívarsdóttur á Ítalíu. Ekkert var til sparað og skemmtu margir þjóðþekktir einstaklingar langt fram á nótt, þar á meðal Sólmundur Hólm, Bríet, Friðrik Dór, Jökull Júlíusson úr Kaleo, Aron Can og Herra Hnetusmjör. Stjörnurnar streymdu í brúðkaupið sem stóð yfir í nokkra daga.

Þriggja daga veisla

Leikkonan María Ellingsen og ljósmyndarinn Christopher Lund létu pússa sig saman í Færeyjum. Stóðu herlegheitin yfir í þrjá daga að færeyskum sið. María klæddist hvítri útgáfu af færeyska þjóðbúningnum en slörið var saumað hjá Eðalklæðum. Christopher klæddist skoskum Walker Slater-ullarjakkafötum frá Kormáki og Skildi.

MYND: SKJÁSKOT/INSTAGRAM @SALKAEYFELD

MYND: SKJÁSKOT INSTAGRAM

Júlí

Sami dagur

Það var mikið um dýrðir daginn sem tvö tónelsk pör gengu í það heilaga; Salka Sól Eyfeld og Arnar Freyr Frostason annars vegar og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson hins vegar. Salka Sól og Arnar giftu sig í Hvalfirði en Sigga og Kalli í Háteigskirkju.

Ágúst

Skál!

Áhrifavaldurinn Sólrún Diego gekk að eiga sinn heittelskaða, Frans Veigar Garðarsson, við hátíðlega athöfn í ágúst. Eftir athöfnina var blásið til veislu á Grand Hótel þar sem hjónin stigu sinn fyrsta dans við Skál fyrir þér sem sjálfur Friðrik Dór spilaði fyrir brúðhjónin og veislugesti. Þau Sólrún og Frans hafa verið saman um langt skeið og eiga tvö börn saman, drenginn Maron og dótturina Maísól.

Glóandi

Kokkurinn Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson, oft kennd

MYND: SKJÁSKOT AF INSTAGRAM STORY @GURRYJONS

MYND: SKJÁSKOT INSTAGRAM @RAWSOLLA

við veitingastaðinn Gló, gengu einnig í það heilaga í ágúst og fögnuðu með vinum og ættingjum. Solla og Elli hafa verið saman um árabil og hafa brallað ýmislegt saman í veitingageiranum.

Nóg að gera Tobbu og Kalla fellur ekki verk úr hendi. Mynd: Skjáskot Instagram

September

Giftu sig í villu

Þorbjörg Alda Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós, og Karl Sigurðsson, Baggalútur og fyrrverandi borgarfulltrúi, gengu í það heilaga í villu í ítalska smábænum San Severino Marche. Tobba og Kalli voru umkringd fjölskyldu og vinum er þau játuðust hvort öðru eftir tæplega þriggja ára trúlofun og enn lengra ástarsamband. Kalli og Tobba eiga saman tvær dætur, þær Regínu og Ronju Guðbjörgu, og tóku þær virkan þátt í gleðinni.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári,
þökkum við viðskiptin á árinu sem er að líða.
Gleðilega hátíð.

epal / Skeifan 6 / Kringlan / Harpa / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

YFIRHEYRSLAN

„Resting bitch face“ á alvarlegu stigi

Lovísa Tómasdóttir, oft kölluð DJ Lolla Tomm, er klæðskeri, förðunarfræðingur, hönnuður og „föndurkerling“ að eigin sögn. Nýlega opnaði hún förðunarstúdíó við Laugaveginn, Stúdíó Lovísu Tómas, en listakonan er mætt í yfirheyrslu og undirstrikar meðal annars skaðsemi orðanna „Róaðu þig.“

Hver var fyrsta vinnan þín?
Ég er alin upp í sveit og þar af leiðandi var ég send ansi ung út að gefa hestunum og smala saman kindum. Eitthvað var lítið um að maður fengi laun fyrir það. Fyrsta launaða vinnan mín var hins vegar á gistiheimili þar sem ég þreif herbergi og bar fram morgunmat.

Hvar líður þér best?
Mér líður best í bröns hjá mömmu. Þá kemur öll fjölskyldan saman og það er alltaf mikið hlegið og mjööög mikið borðað. Mömmu hefur oft verið líkt við nornina í Hans og Grétu því hún hættir ekki reyna að koma mat í fólk.

Hvað óttastu mest?
Ég hef alltaf verið dauðhrædd við hvali. Þetta eru friðsemdardýr en þegar ég fæ martraðir þá eru þær yfirleitt um hvali.

Hvert er þitt mesta afrek?
Þegar ég var átta ára og náði að reka, alein, eina bandbrjálaða kvígu inn í fjós þegar mamma og pabbi voru búin að gefast upp.
Svo líka kannski þegar ég opnaði stúdíóið mitt, Stúdíó Lovísa Tómas, og þegar ég tók ákvörðun um að verða fósturforeldri.

Hver er frægasti einstaklingurinn í símaskránni þinni?
Ætli það sé ekki hún Sigga Kling og síminn hennar er 899-0889. Endilega sláið á þráðinn.

Besta ráð sem þú hefur fengið?
Besta ráð sem ég hef fengið er frá góðri vinkonu minni og fyrrverandi vinnuveitanda, Önnu Kristínu, eiganda Kjóla og Konfekts. Það var að hafa trú á eigin getu og segja já við þeim verkefnum sem mér bjóðast þótt þau vaxi mér í augum.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?
Að ryksuga. Það er alveg glatað. Þyrfti að fá mér svona ryksuguróbot.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?
Mamma. Magnaðri einstakling er ekki hægt að finna. Hún er algjör klettur, góðhjörtuð og gefur manni alltaf eitthvað gott að borða.

Besta lag allra tíma?
Peanut Butter með RuPaul.

Mest óþolandi jólalagið?
Heims um ból.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?
„Róaðu þig“. Hann róar mig svo sannarlega ekki.

Hverjir eru mannkostir þínir?
Það er stutt í gleðina og grínið, ég er þrautseig og traust.

En lestir?
Ég er mikill „introvert“ og getur það virkað fráhrindandi á suma. Verð að minna mig á að brosa því „resting bitch face“ er á alvarlega háu stigi hjá mér.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?
Eldamennskunni hennar mömmu og verkvitinu hans pabba. Hef líka alltaf viljað getað dansað. Væri gaman að geta gert eitthvað annað en smellt fingrum á dansgólfinu.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?
Að hætta í fastri vinnu og fara að vinna sjálfstætt. Stundum maður þarf að þora að taka áhættu.

Hvað er á döfinni hjá þér?
Það er að halda áfram að hanna og sauma fyrir frábært listafólk og svo framleiða fyrir stúdíóið. Ég er alltaf með eitthvað af fötum sem eru til sölu þar. Ég framleiði alltaf í mjög takmörkuðu upplagi. Mér finnst svo gaman að geta sagt: „þú ert ein af fimm sem eiga svona flík“.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Hress 42 ára karl
vill hitta káta konu
á svipuðum aldri. Bara
gaman, engin pressa
að skuldbinda sig eða
fara í fast samband.

nánar á einkamál.is

DV ÁRAMÓTABLAÐ 27. desember 2019
52. tölublað | 109. árgangur | Leiðbeinandi verð 999 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
9 771021 825002

Sýnum gæludýrunum tillitssemi um áramótin

Gamlárskvöld gengur senn í garð, með tilheyrandi sprengingum og látum, en ekki eru allir jafn hrifnir af slíku, og allra síst gæludýrin okkar.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun er gæludýraeigendur minntir á að huga vel að dýrum sínum meðan á flugeldaskotum stendur um áramótin.

Meðal annars er bent á að halda köttum alveg inni dagana í kringum áramót og hafa hunda alltaf í taumi þegar þeim er hleypt út, þótt það sé bara út í garð.

Dýr sem sýna mikla hræðslu ber ekki að skilja eftir ein, en fram kemur að misjafnt sé hvort hrædd gæludýr vilji félagsskap eigandans eða hvort þau vilji skríða í felur. Ef þeim líður betur í felum skal maður leyfa þeim það. Allra mikilvægast er að dýrin sleppi ekki út.

Þá er gott er að tala rólega en glaðlega við dýrin og jafnvel er hægt að gefa þeim smá dýranammi og þá er bent á að strokur og snerting eiganda rói einnig flest dýr og veiti þeim styrk.

Ef framangreint er ekki talið nægjanlegt, þá er gæludýraeigendum ráðlagt að tala við dýralækni tímanlega fyrir áramót og fá ráðleggingar. Hægt er að fá lyfseðil fyrir kvíðadempandi lyf .

Ungum dýrum, sem eru að upplifa sín fyrstu áramót, þarf að sýna sérstaka aðgát. Dagarnir fyrir áramót geta gefið vísbendingu um hvers megi vænta.

„Allra mikilvægast er alltaf að dýrin séu í öruggu umhverfi og njóti stuðnings eiganda sinna," segir jafnframt í tilkynningu MAST.

Hollywood-stjörnur sem eyddu áramótum á Íslandi

Ísland hefur fest sig rækilega í sessi sem áfangastaður um áramótin, enda hafa ófáar Hollywood-stjörnur fagnað nýja árinu hér á landi.

Hollywood-leikstjórinn Quentin Tarantino heillaðist af áramótunum á Íslandi árið 2006 og kallaði þau „stærstu flugeldasýningu í heimi." Hann eyddi næstu áramótum einnig hér á landi. „Ég get næstum ekki ímyndað mér áramótin annars staðar héðan af. Því Íslendingar drekka eins og brjálæðingar öllu jafna en á gamlárskvöld missa þeir gjörsamlega vitið – sérstaklega konurnar og þær drekka ákaft," sagði Tarantino í spjallþætti Davids Letterman á sínum tíma.

Þá var rokkarinn Sting staddur á Íslandi þegar árið 2013 gekk í garð, ásamt eiginkonu sinni Trudie Styler, börnunum þeirra fjórum og tveimur börnum Sting úr fyrra hjónabandi. Fjölskyldan dvaldi í Stóru Mörk undir Eyjafjöllum og fengu þjón og kokk til að reiða fram hátíðarmatinn.

Meghan Markle, hertogaynjan af Sussex og fyrrverandi leikkona, var stödd á Íslandi ásamt vinum sínum þegar árið 2016 gekk í garð. Þetta voru seinustu áramótin hennar sem einhleyp kona en aðeins nokkrum mánuðum síðar hófst ástarsamband hennar og Harrys Bretaprins.

Skoski stórleikarinn Gerard Butler dvaldi á Íslandi um síðustu áramót og sást meðal annars til hans í karókípartíi á Tapasbarnum þar sem hann lék á als oddi. Annar þekktur leikari, hinn bandaríski Danny McBride, var einnig staddur hér á landi um síðustu áramót en á sama tíma hélt hann upp á 42 ára afmæli sitt, þann 29. desember. Leikarinn birti meðal annars

áramótakveðju á Instagram þar sem hann var staddur í Bláa lóninu en hann mun hafa dvalið ásamt fjölskyldu sinni í glæsivillu í Grímsnesi.

Gleðilega hátíð!

Jól og áramót eru tími til að njóta í faðmi fjölskyldu og vina.
En ekki síður tími umhugsunar og nýs upphafs.

Við sérhæfum okkur í námskeiðum fyrir vinnustaði og einstaklinga.

ÞEKKINGARMIÐLUN